10



Sérhæfir sig í innflutningi og pökkun á lífrænt vottuðum vörum

22



Íslenskir minkabændur bíða spenntir eftir næsta skinnauppboði

26



Sérfræðingar vara við auknu sýklalyfjaónæmi

# Bændablaðið

21. tölublað 2015 • Fimmtudagur 5. nóvember • Blað nr. 454 • 21. árg. • Upplag 32.000




Þessi skemmtilega mynd hlaut fyrstu verðlaun í ljósmyndasamkeppni Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu sem haldin var á árlegum haustfagnaði FSD sem fram fór 16 og 17. október síðastliðinn. Myndin nefnist „Jónína sirkusstjóri í Gillastaðarétt 2015“ og hana tók Valdís Einarsdóttir. –Sjá nánar um haustfagnaðinn á bls. 28 og 29.

## Gríðarlegur fjöldi álfta og gæsa sækir í kornakra á Suðurlandi:

# Uppgjöf í kornbændum vegna ágangs fugla

**Þorsteinn Ólafur Markússon, bóndi á Eystra-Fíflholti í Vestur-Landeyjum, skammt frá Bergþórshvoli, segir að bændur séu nú flestir að gefast upp á kornræktinni vegna ágangs álfta og gæsa.**

„Ég er búinn að búa í Eystra-Fíflholti síðan árið 2000 og er sjálfur að hætta búskap, en aðallega sökum aldurs. Þarna höfum við verið með kornrækt, en ásókn álfta og gæsa er alltaf að aukast. Það er eiginlega ekki hægt að lýsa þessu, fjöldi fuglanna er óskaplegur.

Menn hafa mikið verið að tala um ýmiss konar varnir til að fæla fuglinn frá ökrunum, en það er bara ekki að virka. Þegar við byrjuðum á þessu girtum við með blaktandi borða og vorum mikið á ferðinni á svæðinu með vélar. Það dugði í smá tíma, en svo koma fuglarnir einn og einn í akurinn og fjöldinn fylgir á eftir.

Okkur var ráðlagt að sá alveg út á skurðbakka svo fuglinn gæti síður lent þegar farið er að spretta. Einnig að hafa skjólbelti meðfram ökrunum. Reynslan sýnir að það dugar bara ekkert.“

*Gríðarlegur fjöldi fugla*

Þorsteinn segir að þegar korn fær að standa lengi fram á haust, eins og nú, þá bælist akurinn stundum á einstaka stað og þar lendi álftin oft í stórum hópum. Fuglinn fari síðan yfir akurinn og bæli hann allan niður og við því sé ekkert að gera. Ekki megi nota ráð sem gætu hugsanlega dugað til að fæla álftina frá, eins og að skjóta hana. Viðkoman í gæsa- og álftastofnunum hefur verið mjög mikil undanfarin ár. Ekki er óalgengt orðið að sjá álftapar með fjóra til sex unga. Fjöldi fugla sem leita í akrana á haustin er því orðinn gríðarlegur.



Hér sést álftahópur á flugi yfir 19 hektara akri bóndans í Eystra-Fíflholti. Var álftin búin að troða niður og eyðileggja um helming akursins. Á innfelldu myndinni eru tvö álftapör í Þykkvabæ. Annað með fimm og hitt með tvo unga. Myndir/ ÞÖM og HKr.

*Menn búnir að gefast upp*

„Menn eru bara búnir að gefast upp og ég heyri varla af nokkrum í kringum mig sem ætlar að sá korni næsta vor. Sumir kúabændur sem nota hálm sem undirlag í sínum fjósum, eru þó neyddir til að sá. Fyrir þá er það ekki spurning um kornið heldur hálminn sem er orðinn dýrmætari fyrir þessa bændur en kornið sjálft.“

Segir Markús að til að fá ódýrari hálm, þá séu menn að hugsa um að sá sandreyr. /HKr.

Fréttir

# Selaveisla í Haukahúsinu

**Hin árlega Selaveisla Samtaka selabænda verður haldin í Haukahúsinu þann 14. nóvember næstkomandi.**

Þar verður á boðstólum úrval af íslenskri villibráð og ekta sveitaballastemning. Skemmtidagskrá er stútfull og sungið verður undir borðhaldi. Að borðhaldi loknu verður dansað til klukkan tvö.

Á veglegu villibráðarhlaðborði Selaveislunnar er að finna marga rétti sem ekki er algengt að sjá á hlaðborðum þótt leitað sé með logandi ljósi um allan heim. Þar verður á boðstólum:

- Grafin heiðagæs
- Reyktur makríll
- Villijurtargrafinn lax
- Birkikryddduð karrýsíld
- Hreindýrapaté
- Reyktur lundi
- Engifermaríneraður hvalur
- Reyktur selur
- Hvalarengi
- Grilluð selapiparsteik
- Pipraðar hvalasteikur
- Glóðarsteikt fjallalamb með Madeirasósu
- Siginn fiskur, Vestfirðingur og selspik
- Léttsaltað uxabrjóst með hvíkálsjafningi.

Miðasöluna annast Hallbjörn Bergmann í síma **848-6161.**

# Fóðurverð lækkar



**Verð á fóðri til landbúnaðar hefur farið lækkandi á síðustu mánuðum. Enn ein lækkunin varð á fóðri um síðustu mánaðamót.**

Í ljósi lækkunar á heimsmarkaðsverði hráefna og hagstæðs gengis íslensku krónunnar hafa Fóðurblandan, Lífland og Bústólpi lækkað verð á kjarnfóðri um 2%. Lækkun Landstólpa er á svipuðu reiki. Lækkunin tók gildi um síðustu mánaðamót.



Bjarni Guðmundsson.

# Fyrirlestur um íslenska sláttuhætti

**Bjarni Guðmundsson á Hvanneyri hefur nýlega sent frá sér bókina Íslenskir sláttuhættir, þar sem gerð er grein fyrir grundvallarþætti í landbúnaðarsögunni, öflun heyforðans.**

Bjarni mun gera grein fyrir verkinu í máli og myndum í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins fimmtudaginn 5. nóvember kl. 12.00. Minjar og saga, Hið íslenska bókmenntafélag og Bókaútgáfan Opna bjóða alla velkomna á þennan fræðandi hádegisfund. Að sögn útgefanda er bók Bjarna grundvallarrit í þjóðfræði og sagnfræði, stútfullt af fróðleik og ríkulega búið myndum. Höfundurinn hefur víða leitað fanga og nýtir sér m.a. svör úr þjóðháttakönnunum Þjóðminjasafnsins.



Verðandi bændur á Mýrum í Álftaveri, Pálína Pálsdóttir og Rúnar Þorri Guðnason, í grunninum að nýja íbúðarhúsinu sem þau eru að byggja á jörð foreldra Pálínu. Mynd / Áskell Þórisson.

## Ungt áhugasamt par um landbúnað byggir nýtt íbúðarhús á Mýrum í Álftaveri:

# Stefna á að taka við fjárbúskapnum og fara einnig út í nautgriparækt

**Endurnýjun í sveitum er greinilega ekki búið spil og víða um land má sjá ungt bjartsýnt fólk vera að hasla sér völl í búskap. Sú er einnig að verða raunin á Mýrum í Álftaveri.**

Þar eru Pálína Pálsdóttir og Rúnar Þorri Guðnason að byggja sér nýtt íbúðarhús á jörð foreldra Pálínu, Páls Eggertssonar og Margrétar Harðardóttur.

„Við vinnum bæði utan búsins. Annars er ég þó fyrst og fremst í námi í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Þá er ég í hlutastarfi á Systrakaffi á Klaustri og maðurinn minn er sjálfstætt starfandi húsasmíðameistari. Síðan er ætlun okkar að koma inn í búskapinn smátt og smátt,“ segir Pálína.




Bærinn Mýrar stendur á vesturbakka Kúðafljóts og er jörðin ríflega 2.700 hektarar.

### *Töluverð endurnýjun í sveitinni*

Hún segir að töluverð endurnýjun sé að verða þar í sveit eins og reyndar víðar um land.

„Við erum mörg hér á svipuðum aldri að byrja í búskap svo þetta er mjög spennandi.“

*– Nú heyrir maður stundum í umræðunni svartsýnistón og tal um hnignandi byggð í sveitum. Þið eruð samt hvergi bangin að fara út í búskap?*

„Ég held að þetta hafi alltaf verið svona. Ég hef enga trú á að búskapurinn lognist alveg út af. Þetta gengur í hringi, fólk eldist og yngra fólk tekur við.

„Þetta er draumurinn og leggst því bara vel í okkur. Það er spennandi og frábært að fá svona tækifæri.

Jörðin er um 2.710 hektarar og hér á Mýrum eru tæplega 450 ær. Svo erum við með um 25 hross. Þá erum við að byrja með nautgripi og erum komin með þrjár holdakvígur. Svo erum við að fikra okkur meira áfram og erum þegar búin að kaupa nokkra kálfa.“

### *Stefna hátt*

*– Eruð þið þá líka að velta fyrir ykkur að fara út í mjólkurframleiðslu?*

„Já, ég held að við stefnum á það,“ segir Pálína. Hún segir að til þess að slíkt verði að veruleika á Mýrum þurfi þó að bæta húsakostinn og byggja fjós. Greinilegt er því að mikill hugur er í unga fólkinu.

„Við stefnum hátt – kannski verður ekkert úr öllum okkar áformum, en það sakar ekki að reyna,“ segir Pálína Pálsdóttir.

*/HKr.*

## Bændur orðnir langþreyttir vegna ágangs fugla í kornræktina og seinagangi í stjórnkerfinu:

# Ekkert bólar á tillögum til úrlausnar

**Nokkur samdráttur hefur verið í kornrækt undanfarin ár. Ástæðan er meðal annars sú að ágangur álfta og gæsa í ræktarlöndum bænda hefur farið vaxandi – og er sums staðar svo mikill að bændur hafa hætt í kornrækt beinlínis vegna þessa.**

Til að kortleggja vandann var í fyrra opnuð veflæg gátt fyrir bændur í gegnum Bændatorgið, þar sem þeir gátu skráð tjón sitt. Þá kom í ljós að vandinn var afar umfangsmikill. Bændur héldu svo áfram að skrá tjón sitt í sumar og á yfirstandandi hausti, en ekki liggja fyrir niðurstöður enn þar sem talsverðu af korni á enn eftir að ná í hús. Starfshópi var svo komið á í sumar til að vinna aðgerðaráætlun um varnir gegn þessum ágangi, en starf hans er hins vegar ekki hafið.

### *Bændur orðnir langþreyttir*

„Bændur eru langþreyttir á þessum ágangi,“ segir Sigurður Eyþórsson,



Þegar álftir komast í kornakra geta þær eyðilagt stórar spildur á skömmum tíma. Mynd / HKr.

framkvæmdatjóri Bændasamtaka Íslands. „Hann hefur nú þegar dregið úr innlendri kornrækt og sú þróun mun að óbreyttu halda áfram. Það er afar neikvæð þróun ef að þetta gerir bændum ókleift að rækta innlent fóður á raunhæfan hátt.

Menn beita ýmsum aðferðum til að reyna að fæla fuglinn, meðal annars skjólbelti, hljóðfælur, fuglahræður og fleira. En almennt séð í samtölum mínum við bændur þá virðist ganga langverst að fæla álftina – sem á sama tíma veldur mestu tjóni. Betur gengur með gæsina.

### *Vinnuhópur hefur enn ekki komið saman*

Það sem stjórnvöld hafa gert er að setja á stofn vinnuhóp sem ætlað er að gera tillögur um viðbrögð vegna málsins – það er hvernig mögulega væri skynsamlegast að bregðast við. Hópurinn var skipaður í sumar en hefur enn ekki komið saman. Ég er þar sem fulltrúi Bændasamtaka Íslands, Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands, fyrir búnaðarsamböndin og svo fulltrúar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar.

Ég hef í tvígang sent óskir um að starfið fari í gang, síðast í síðustu viku, en ekki hefur þó verið boðað til fundar enn,“ segir Sigurður.

Jón Geir Pétursson er skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu þar sem haldið eru utan um starfið. Hann segir að tilgangur starfshópsins sé að ýta á gerð aðgerðaáætlunar sem setji fram hvaða leiðir teljist skilvirkar og raunhæfar til að vinna gegn því tjóni sem hlýst af ágangi gæsa og álfta á ræktarlönd bænda.

„Aðgerðir til að vinna gegn því tengjast auðvitað stjórntækjum á verkefnasviði umhverfisráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. En Umhverfisstofnun fer með það hlutverk samkvæmt lögunum að hafa umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum,“ segir Jón Geir.

Hann segist vænta þess að þeir aðilar sem muni vinna að aðgerðaráætluninni kynni sínar tillögur snemma í vetur þannig að hægt verði að vinna að þeim aðgerðum í vor þegar ágangur fer af stað.

*/smh*





# Fóðurbætir sem eykur fitu í mjólk

## FEITUR RÓBÓT 16 OG 20

Hægt er að fá fóðurbætirinn bæði kögglaðan fyrir gjafakerfi og kurlaðan fyrir heilfóðursgerð.

Nýja kjarnfóðrið inniheldur 16% og 20% hráprótein og hentar vel með blautverkuðum rúllum og próteinsnauðu heyi.

Inniheldur m.a. íslenska kalkþörunga sem eru náttúrulega ríkir af ýmsum steinefnum. Kemur einnig í veg fyrir súra vömb mjólkurkúa við mikla kjarnfóðursgjöf.

Einnig er ríflegt magn af sykurrófum ásamt sérgerðri fitu sem eykur fitumagnið í mjólk.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Erlendur Jóhannsson fóðurfræðingur
570-9800 eða erlendur@fodur.is

FÓÐURBLANDAN

**Sendum um allt land**

**Hafðu samband**
www.fodur.is
**570 9800**

**FB Verslun Selfossi**
Austurvegi 64a
**570 9840**

**FB Verslun Hvolsvelli**
Hlíðarvegi 2-4
**570 9850**

**FB Verslun Egilsstöðum**
Kaupvangi 11
**570 9860**

Fréttir

## Markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings:

# Sauðfjárrækt nýtir ýmsa kosti frjáls markaðar

**Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri hefur skilað skýrslu sem kallast Markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings og er unnin fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Skýrslan er unnin í tengslum við undirbúning endurnýjunar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu.**

Í kafla sem nefnist helstu niðurstöður segir meðal annars að núverandi stuðningskerfi við sauðfjárbúskap nýti ýmsa kosti frjáls markaðar sem lýsir sér meðal annars í því að bændur ráða hvaða sláturleyfishafa þeir selja sláturfé og þar myndast samkeppni milli sláturhúsa. Sláturleyfishafar ráða hverjum eða hvaða kjötvinnslum þeir selja kjötið og á hvaða verði. Kjötvinnslur sem selja til verslunarinnar ráða því hverjum þeir selja og á hvaða verði. Verslanir ráða því á hvaða verði þær selja til almennings.

### *Nýliðun mest fjærst höfuðborginni*

Nýliðun í búskap hér á landi er meiri eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu og líkleg ástæða þess er að jarðir í nágrenni höfuðborgarinnar séu dýrastar. Þar segir einnig að brotthvarf sé meira hjá þeim sem ungir eru en hjá þeim sem eru á miðjum aldri.

### *Verðþróun og neysla lambakjöts*

Árið 1993 var lambakjöt ódýrasta kjötið á markaðnum en árið 2014 var það dýrara en svína- og alifuglakjöt og var nær nautakjöti í verði. Neysla þess minnkaði úr 30,7 kílóum á mann 1993 í 20,5 árið 2013. Á sama tíma fimmfaldaðist neysla á alifuglakjöti á mann og svínakjötsneysla jókst um 77% á mann.

### *Útflutningur hefur þrefaldast*

Útflutningur lambakjöts hefur þrefaldast frá árinu 2002 og er aðalástæðan trúlega þróun á gengi krónunnar. Árið 2014 nam útflutningur sauðfjárafurða um 6.800 tonnum, þar af var kindakjöt og annar matur rúm 4.700 tonn en afgangurinn ull og gærur.

Stærsti hluti útflutts lambakjöts er selt sem kjöt án auðkenna í gegnum milliliði og lítill hluti markaðssettur sem íslenskt þótt hærra verð geti fengist þannig. Fryst vara er fyrirferðarmest í útflutningi þó að ferska varan eigi sennilega mest sóknarfæri. Útflutningur aukaafurða hefur aukist á undanförnum árum.

Kindakjöt er töluvert dýrara en annað kjöt á heimsmarkaði. Samkvæmt tölum FAO þrefaldaðist verð á kindakjöti 1990–2015 en verð á nautakjöti tvöfaldaðist, verð á svínakjöti stóð nokkurn veginn í stað og verð á alifuglakjöti hækkaði um 43%.

Á löngum tíma gæti lambakjötið öðlast þá stöðu að verða dýrasta og besta kjötið á innanlandsmarkaði, e.k. lúxusvara, stytta mætti þann tíma með markaðsátaki.

### *Beinn stuðningur 4,8 milljarðar*

Beinn stuðningur ríkisins undir fjárlagalið „04-805: Greiðslur vegna sauðfjár-framleiðslu" fyrir árið 2015 er 4.853,8 milljónir króna. Af þessu eru 2.498,4 milljónir króna í formi beingreiðslna eða 51,7%.

### *Möguleikar á framtíðarstuðningi*

Í skýrslunni eru reifaðir mögulegur framtíðarstuðningur við sauðfjárbúskap út frá fjórum vinnumarkmiðum, 1) stuðla að aukinni og arðbærri framleiðslu sauðfjárafurða með aukinn útflutning í huga, 2) efla sauðfjárræktina sem atvinnugrein í dreifðum byggðum, 3) bæta afkomu sauðfjárbænda og 4) auðvelda endurnýjun í stétt sauðfjárbænda.

/VH



Bjarki Snær Snæbjörnsson vann forystugimbur í lambahappdrættinu á Héraðssýningunni á lambhrútum á Snæfellsnesi haustið 2015 sem fram fór 16. og 17. október síðastliðinn. Svo skemmtilega vildi til að hann átti líka afmæli þegar úrslitin voru kynnt, svo ekki þótti honum þetta amaleg afmælisgjöf. Var hann í skýjunum með gimbrina. – Sjá nánar um sýninguna á bls. 44 og 45. Mynd / Herdís Leifsdóttir.



Húnaver. Mynd / HKr.

# Húnaver leigt til 10 ára

**Einkahlutafélagið Hagur verk mun leigja félagsheimilið Húnaver næstu tíu árin en leigusamningur þess efnis var samþykktur á fundi sveitarstjórnar Húnavatnshrepps í síðustu viku.**

Samningurinn nær yfir allt húsnæðið og land umhverfis það. Eigendur fyrirtækisins hafa óskað eftir góðu samstarfi við eigendur Húnavers og vilja kappkosta að tryggja aðgang þeirra að húsinu. Fulltrúar E-lista í sveitarstjórn létu færa til bókar að þeir samþykktu samninginn þar sem það sé hagur sveitarfélagsins að hafa tekjur af fasteigninni þess. Ásamt því að losna við rekstrar- og launakostnað. Þá væri ekki æskilegt að sveitarfélagið stæði í rekstri ferðaþjónustu í samkeppni við íbúa sína.

/MÞÞ

**Aðalfundur Samtaka Selabænda**

verður haldinn í sambandi við aðalfund Æðarræktarfélags Íslands þann **7. Nóvember**, en hin árlega **Selaveisla Guðmundar Ragnarssonar** verður þann **14. nóvember**. Fjölbreyttur matseðill að venju með úrvals villibráð.

**Stjórnin.**

## Ný skýrsla um markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings:

# Rafvæðing véla í landbúnaði myndi auka fæðuöryggi

**Ný skýrsla Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri um markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings er mjög viðamikil. Hún tekur á mörgum spurningum og varpar upp enn fleirum varðandi afskipti ríkisins af þessari atvinnugrein.**

Fram kemur í skýrslunni að á Íslandi hafi verið nokkuð breið sátt um að styrkja landbúnaðinn þrátt fyrir að deilt hafi verið um landbúnaðarkerfið linnulaust áratugum saman. Í skoðanakönnun 2007 sögðu 94% svarenda að frekar eða mjög miklu máli skipti að landbúnaður yrði stundaður á Íslandi til framtíðar (Capacent Gallup 2007). Árið 2010 var hlutfallið 96% (Capacent Gallup 2010).



**Belarus 920, árgerð 2011, fyrsta rafknúna dráttarvélin sem framleidd er í Hvíta-Rússlandi. Hún er með 60 kílówatta og 300 volta mótor sem skilar 250 Newtonmetra togi. Orkan er geymd á lithium-rafhlöðum sem dugar í í notkun í 3–4 tíma.**

### *Fæðuöryggi verði tryggt ef landið lokast*

Fæðuöryggi er oft nefnt sem ástæða fyrir landbúnaðarstyrkjum á Íslandi. Fæðuöryggi snýst um aðgang að fæðu og að lágmarka hættu á fæðuskorti og hungri við ófyrirséðar aðstæður. Gera þurfi ráð fyrir þeim möguleika að landið lokaðist fyrir innflutningi og þá þyrftu landsmenn að lifa á þeim matvælum sem framleidd væru innanlands. Slíkt ástand gæti verið heimsófriður eða eitthvað sem ekki er fyrirsjáanlegt nú. Í hruninu 2008 munaði þannig ekki miklu að viðskipti við Ísland stöðvuðust og þar með innflutningur á öllum vörum. Fyrirfram datt fáum í hug að slíkar aðstæður gætu nokkurn tímann skapast.

Í skýrslunni er bent á þann annmarka að ef landið lokaðist þá væri t.d. heyöflun háð notkun á olíu. Hægt væri að fæða þjóðina til skamms tíma með því að drepa þá gripi sem til eru. Til lengri tíma litið yrði þó einungis hægt að treysta á handverkfæri þar sem vinnuvélar ganga fyrir olíu. Um þetta segja skýrsluhöfundar m.a.:

### *Rafvæðing í landbúnaði myndi auka fæðuöryggi*

„Ef stjórnvöld vilja auka fæðuöryggi ættu þau því að hvetja til notkunar innlendra orkugjafa í landbúnaði. Það mætti gera með því að veita styrki til kaupa á landbúnaðartækjum sem nýttu rafmagn eða metangas, stuðla að vinnslu metangass úr mykju og þess háttar. Um heiminn fer bylgja rafbíla. Enn virðist þó lítið vera að gerast í rafvæðingu vinnuvéla og dráttarvéla þótt vinnuvélar knúnar rafmagni þekkist, svo sem lyftarar.

Rafdrifnar landbúnaðarvélar myndu auka fæðuöryggi á Íslandi mjög mikið og minnka losun gróðurhúsalofttegunda í leiðinni. Slíkt átak á Íslandi myndi vekja athygli. Ef það tækist að minnka brennslu jarðefnaolíu verulega í landbúnaði með því að nota rafdrifnar vinnuvélar og lífdísil í bland gæti það hjálpað til að gera vöruna sérstaka, svo ekki sé talað um ef tækist að hætta notkun jarðefnaolíu alfarið.

/HKr.




# GOTT Í MAGA FYRIR DÝR Í HAGA, HESTHÚSI, FJÁRHÚSI OG FJÓSI

# 15% AFMÆLIS-AFSLÁTTUR AF JOSERA VÖRUM Í TILEFNI 15 ÁRA AFMÆLIS OKKAR




**Sendum frítt um allt land.**

Steinefni, bætiefni, kálfamjólkurduft og iblöndunarefni.

Gunnbjarnarholti 801 Selfoss s. 480 5600
Kaupvangi 10 700 Egilsstöðum s. 471 1901
landstolpi@landstolpi.is www.landstolpi.is

LANDSTÓLPI

- þjónusta í 15 ár

Bændablaðið
Málgagn bænda og landsbyggðar

**Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**
**Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími**: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279
**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339
**Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
**Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Auður Laila Jónasdóttir audur@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**
**Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

## LEIÐARINN

# Veganesti í búvörusamningum

**Fyrr á þessu ári fól atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) að vinna skýrslu sem hafði það að markmiði að vera leiðbeinandi gagn við undirbúning endurnýjunar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslunnar.**

Greina skyldi stöðu atvinnugreinarinnar og helstu þætti í starfsumhverfinu sem horfa þyrfti til við samningsgerðina. Frétt um útgáfu skýrslunnar og helstu niðurstöður er birt framar í blaðinu.

RHA hafði áður unnið að skýrslu fyrir Landssamtök sauðfjárbænda um samfélagslega þýðingu sauðfjárbúskapar sem lögð var fyrir aðalfund samtakanna síðasta vor.

Skýrsla RHA um sauðfjársamninginn er um margt fróðlegt plagg og þar er tekið á ýmsum þáttum er tengjast starfsskilyrðum sauðfjárræktar á Íslandi. Helstu efnistök skýrslunnar snúa að þáttum eins og nýliðun, mörkuðum hér heima og erlendis, opinberum stuðningi og framtíð greinarinnar.

Ljóst er að nýliðun í sauðfjárrækt er fremur lítil og greinilegt að bág afkoma í greininni ræður þar miklu ásamt háu jarðaverði. Nýliðun er þó meiri eftir því sem fjær dregur frá höfuðborgarsvæðinu. Enn fremur kemur skýrt fram að flestir nýliðar taka við búi af einhverjum nátengdum ættingjum. Skýrar tillögur koma fram um hvernig auðvelda megi nýliðun í greininni.

*Verðþróun á kjötmarkaði hefur fjölþætt áhrif*

Greining á markaðsstöðu lambakjöts á innanlandsmarkaði er athyglisverð. Ítarlega er fjallað um teygni lambakjöts sem markaðsvöru, bæði verð- og tekjuteygni auk umfjöllunar um krossverðsteygni. Teygni er mælikvarði á það hvaða áhrif verðbreytingar á vörunni hafa á eftirspurn eftir henni. Þekkt er að neysla á lambi hefur gefið mikið eftir síðustu áratugi og það forskot sem áður var hefur tapast með aukinni neyslu á svína- og alifuglakjöti. Niðurstaða útreikninga á teygni segir okkur að hækkun lambakjötsverðs hafi ekki að sama skapi áhrif á það magn sem selt er en hins vegar hafi verð á öðrum kjöttegundum áhrif á verð lambakjöts. Verðbreytingar á nautakjöti og svínakjöti hafi mest áhrif á sölu lambakjöts, verð á kjúklingum minni áhrif. Þetta segir okkur einfaldlega að áhrif af nýgerðum tollasamningi við ESB getur haft mikil áhrif á sauðfjárræktina vegna þess hvað tollkvótar í svína- og nautakjöti eru opnaðir mikið, svo ekki sé minnst á áhrifin á svína- og nautakjötsframleiðendur sjálfa.

Samkvæmt búvörulögum hafa samtök sauðfjárbænda heimild til að gefa út viðmiðunarverð sauðfjárafurða. Slík útgáfa er þó einungis leiðbeinandi en alls ekki bindandi. Um árabil gáfu Landssamtök sauðfjárbænda út viðmiðunarverð sem rökstutt var með útreikningum sem byggðust á þróun kostnaðar við framleiðslu, birgðastöðu innanlands og viðgangi á erlendum mörkuðum. Skýrsla RHA fjallar um þessa heimild og gerir að umtalsefni ákvörðun sauðfjárbænda frá árinu 2011 um að hækka viðmiðunarverð milli ára um 25%, sem varð mjög umdeild í þjóðfélaginu. Niðurstaðan varð 21% hækkun afurðaverðs til sauðfjárbænda það ár. Samkvæmt útreikningum skýrsluhöfunda á verðteygni þyldi markaðurinn nú 12% hækkun og jafnvel meira án þess að það kæmi niður á sölu á innanlandsmarkaði.

*Eðlilegt að knýja á um kjarabætur*

Landssamtök sauðfjárbænda hafa ekki gefið út viðmiðunarverð undanfarin ár en eðlilegt er að velta því fyrir sér hvort ekki væri skynsamlegt, í ljósi þess sem fram kemur í skýrslunni, að nýta þessa heimild til að knýja á um kjarabætur fyrir sauðfjárbændur. Verðskrár sláturleyfishafa nú í haust hækkuðu ekkert á milli ára og á meðan talið er að 12% hækkun ætti ekki að hafa áhrif á eftirspurn á markaði er eðlilegt að spyrja sig nokkurra spurninga. Er fákeppni í smásöluverslun á Íslandi að halda niðri afurðaverði til bænda? Er sláturkostnaður of hár, þ.e. eru sláturhúsin of mörg? Er markaðssetning á erlendum mörkuðum nógu skilvirk?

Fyrri atriðin tvö eftirlæt ég lesendum um að hugsa um en það síðastnefnda er fjallað um í skýrslunni. Umfjöllun um tækifæri í útflutningi á lambakjöti er alveg í takt við það sem margir hafa sagt. Með sameiginlegu átaki í markaðssetningu lambsins sem lúxusvöru á vel borgandi markaði undir einu vörumerki er hægt að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar og bæta afkomu sauðfjárbænda til muna.

Í umfjöllun um framleiðslukostnað koma fram athyglisverðar hugleiðingar um möguleika þeirra bænda sem geta aukið framleiðslu án þess að leggja í kostnað við nýbyggingar. Þó vissulega ráði afurðaverð til langs eða skamms tíma miklu um fýsileika þess að auka framleiðslu þá felst í orðum skýrsluhöfunda hvatning til bænda um að nýta alla framleiðsluaðstöðu sem þegar er fyrir hendi.

*Stuðningur, markmið og stefna stjórnvalda*

Í lok skýrslunnar er farið yfir opinberan stuðning og markmiðin með honum. Lagt er upp með verkbeiðni ráðuneytisins þar sem fjögur atriði eru lögð til grundvallar. Að stuðla að aukinni og arðbærri framleiðslu sauðfjárafurða með aukinn útflutning í huga, að efla sauðfjárræktina sem atvinnugrein í dreifðum byggðum, að bæta afkomu sauðfjárbænda og að auðvelda endurnýjun í stéttinni.

Skýrsluhöfundar telja að stefna stjórnvalda sé ekki skýr þegar kemur að stuðningi við landbúnað þó svo að alltaf hafi verið breið sátt meðal almennings um málið. Í skýrslunni eru færð ýmis rök fyrir því að styðja við landbúnað eins og að treysta fjárhagslegan grundvöll bænda, fæðu- og matvælaöryggi, mikilvægi þess að viðhalda byggð á jaðarsvæðum, varðveislu menningarlandslags, samspil við ferðaþjónustu o.fl. Þessi umfjöllun skýrsluhöfunda hvetur til þess að við gerð búvörusamninga sé stefnan augljós og sett skýr markmið í samningunum.

Umfjöllun um stuðningskerfið rammar ágætlega inn mikilvægi þess að setja sér skýr markmið um hvert skuli stefna. Það á við um allar búgreinar sem þurfa að treysta á öruggt rekstrarumhverfi landbúnaðar á Íslandi. Það eru að vísu mismunandi útfærslur á stuðningskerfi eftir því hvaða áherslur verða lagðar. Hins vegar kemur skýrt fram sú ráðlegging að vægi beingreiðslna verði minnkað og áhersla lögð á stuðning á hvern grip, byggðastuðning og stuðning vegna jarðræktar. Tollverndin er ekki síður mikilvæg bændum. Eins og margoft hefur verið fjallað um á þessum vettvangi er hún önnur af tveimur stoðum rekstrarumhverfis landbúnaðarins ásamt stuðningskerfinu. Allt eru þetta atriði sem þarf að rýna vel í við gerð búvörusamninga.

*/SSS*

## LOKAORÐIN

# Í upphafi skyldi endinn skoða

**Íslenskur landbúnaður hefur notið mikil stuðnings meðal almennings í landinu þrátt fyrir nær látlausa umræðu ákveðinna hagsmunaafla gegn þessari atvinnugrein.**

Í nýrri skýrslu sem Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri gerði fyrir landbúnaðarráðuneytið, um markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings, kemur fram að stuðningur almennings jókst á árunum 2007 til 2010. Í könnun Capacent Gallup árið 2007 sögðu 94% svarenda að frekar eða mjög miklu máli skipti að landbúnaður yrði stundaður á Íslandi til framtíðar. Í annarri könnun sama fyrirtækis sem gerð var 2010, var hlutfallið 96%. Þetta er þrátt fyrir mikla neikvæða umræðu m.a. um styrkjakerfi landbúnaðarins og þann stuðning sem þessi grein nýtur í tollvörnum.

Nú standa yfir viðræður um nýja búvörusamninga fyrir sauðfjárbúskap og aðrar greinar. Það liggur fyrir að bændur standa nú frammi fyrir miklum áskorunum sem geta haft dramatískar afleiðingar fyrir landbúnað á Íslandi.

Búið er að boða samning við Evrópusambandið um afnám tolla sem í raun ryður úr vegi nær öllum hindrunum sem menn sáu fyrir sér varðandi aðildarviðræður við Evrópusambandið. Eftir stendur þá sjávarútvegurinn. Þar gæti afstaðan hæglega mótast af peningahagsmunum stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna, sem sum hver eru þegar með umfangsmikla starfsemi innan ESB.

Tollaafnám getur hæglega þýtt dauða búgreina á borð við svína- og alifuglarækt. Lítið virðist þar tekið tillit til athugasemda erlendra sem innlendra sérfræðinga um áhættuna sem felst í auknum innflutningi á afurðum frá löndum sem nota sýklalyf við framleiðsluna í miklu óhófi.

Virðist einblínt á hagsmuni innflytjenda sem beita óspart fyrir sig að aukinn innflutningur verði einungis til hagsældar fyrir neytendur. Reynslan sýnir þó allt annan veruleika. Þá má spyrja hver hagur neytenda verður þegar ákveðnar matvælaframleiðslugreinar leggjast af og innflytjendur hafa enga innlenda samkeppni við að etja. Þetta þekkja Finnar og Svíar vel á eigin skinni. Væri ekki ráð að hugsa málið aðeins betur og skoða í botn þjóðhagslegar afleiðingar af slíkum gjörningi? Það snýst ekki bara um bændur, heldur snýst það um þjóðarhag í víðum skilningi, m.a. lýðheilsumál og mögulega stóraukinn kostnað heilbrigðiskerfisins. Einnig þarf að hafa í huga að búnaðargreinar sem fórnað er í dag verða ekki endurreistar svo auðveldlega þótt neyðin kunni að hrópa á slíkt.

*/HKr.*

## BÚNAÐARSTOFA

# Ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar 2016

## – Reglugerð nr. 1100/2014, VIÐAUKA I, verklagsreglur um ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar

**Fimmtudaginn 10. september 2015 var auglýst eftir umsóknum um stuðning til söfnunar ullar í Bændablaðinu og í Morgunblaðinu 12. september 2015. Umsóknarfrestur rann út þann 25. september 2015. Ein umsókn barst frá ÍSTEX hf. sem er reiðubúið til þess að uppfylla öll skilyrði samkvæmt 3. og 4. gr. verklagsreglna.**

Um fyrirkomulag um greiðslur til bænda segir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. verklagsreglna að fjármunum til ullarnýtingar skuli ráðstafað þannig að a.m.k. 84% skulu greiðast til bænda og skal fjárhæðinni deilt niður hlutfallslega eftir gæðum á hvert kíló hreinnar ullar. Er þá miðað við alla innlagða ull á tímabilinu 1. nóvember 2015–31. október 2016 samkvæmt verðskrá sem Bændasamtökin, Búnaðarstofa útbúa.

Einingaverð fyrir alla flokka er síðan lækkað niður í 80% og fyrirframgreiðslur verða greiddar á því einingaverði.

Búnaðarstofa gengur frá uppgjöri til bænda í nóvember 2016.

Þá segir í 1. mgr. 6. gr. að Bændasamtökin, Búnaðarstofa gera síðan upp við seljanda ullar, Ístex hf., eigi síðar en 1. mars 2016.

Stjórn Bændasamtaka Íslands fjallaði þriðjudaginn 20. október sl. um neðangreinda tillögu að verðskrá og fyrirkomulagi vegna greiðslna til bænda sbr. 1.tölul. 1. mgr. 2. gr. verklagsreglna. Fjárhæðir eru áætlaðar og birtar með fyrirvara um breytingar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016.

**Tillaga að verðskrá***

| Nr | Gæðaflokkur | Áætlað verð | Stuðlar |
|---|---|---|---|
| 10 | H- Lamb | 668 | 1,4 |
| 11 | H-1 Flokkur | 644 | 1,35 |
| 12 | H-2 Flokkur | 501 | 1,05 |
| 13 | H-2 Lamb (lítið gölluð) | 644 | 1,35 |
| 14 | M-Svart | 525 | 1,1 |
| 15 | M-Grátt | 525 | 1,1 |
| 16 | M-Mórautt | 525 | 1,1 |
| 22 | M-2 Flokkur | 143 | 0,3 |
| 23 | M-3 Flokkur | | |
| 24 | Úrkast | | |
| 26 | Greitt f. Flokkun | | |

*Fjárhæðir eru áætlaðar og birtar með fyrirvara um breytingar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016.

| Innvigtunarmánuður | Greiðsludagur |
|---|---|
| Nóvember - desember | 1. febrúar 2016 |
| Janúar | 1. mars 2016 |
| Febrúar | 1. apríl 2016 |
| Mars | 1. maí 2016 |
| Apríl | 1. júní 2016 |
| Maí - júlí | 1. september 2016 |
| Ágúst - september | 20. nóvember 2016 |

**Líf og starf**



Undirbúningshópurinn sem kom saman til skrafs og ráðagerða á dögunum. Mynd / Eva Rún Michelsen

## Matarklasinn stofnaður:

# Tengir saman þekkingu, reynslu, fjármagn og nýsköpun

### – til að skapa íslenskum matvælum meira rými á erlendum mörkuðum

**Matarklasinn ehf. hefur verið stofnaður, en undirbúningsfundur fyrir stofnun hans var haldinn 18. september, þegar fjölbreyttur hópur fólks úr matvælageiranum kom saman til að ræða hugmyndir um nýsköpun og vöxt í matvælageiranum á Íslandi.**



Mynd / Þórir Gunnarsson

Matarklasinn

ICELAND FOOD CLUSTER

Að sögn Þórdísar Jónu Sigurðardóttur, sem hefur stýrt hugmyndavinnu við stofnun klasans í samstarfi við Íslenska sjávarklasann, var stofnun samstarfsvettvangs rædd með það að markmiði að stuðla að framþróun og nýsköpun hjá þeim fyrirtækjum sem koma að matargeiranum á Íslandi. „Til stendur að tengja saman þekkingu, reynslu, fjármagn og nýsköpun og leiða saman fólk með ólíkan bakgrunn, meðal annars til að skapa íslenskum matvælum meira rými á erlendum mörkuðum. Þá á að efla markaðssetningarstarf íslenskra framleiðenda og tengja matvælageirann frekar við ýmsar skapandi greinar og hönnun. Mun það starf nýtast jafnt innanlands sem og utan, en áformað er að huga sérstaklega á möguleika til vaxtar og útflutnings. Mikil tækifæri og gerjun eru í matvælageiranum og til að efla matvælageirann enn frekar munum við tengja saman frumkvöðla, fyrirtæki og fjárfesta og ýta þannig undir frekari framþróun og nýsköpun,“ segir Þórdís.

***Mörg fyrirtæki áhugasöm***

Stofnfundur var haldinn í október og að sögn Þórdísar eru mörg fyrirtæki áhugasöm. Eigendur klasans eru Þórdís sjálf og Íslenski sjávarklasinn, vettvangurinn er síðan styrktur af fyrirtækjunum sem taka þátt í honum. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum aðildargjöldum. */smh*



Mynd / Þórir Gunnarsson

## 141 MÆLT AF MUNNI FRAM

Meðan lesendur, ef einhverjir eru, bíða nýrra vísna sem eru í smíðum þessa daga, þá verður haldið áfram að sækja í sjóði **Péturs Stefánssonar**. Pétur er nefnilega verulega fjölhæfur bragsmiður, og getur verið svo undur rómantískur samanber þessa haustvísu:

*Sumarið hlaut sinn dauðadóm.*
*Dýrðlegt er haustsins veldi;*
*fölnuð lauf og bliknuð blóm*
*baðast sólareldi.*

Um misjafnt gengi mannanna orti Pétur:

*Sumir hljóta væna vist*
*í veröld, fjarri þrautum.*
*Auðnan hefur þá alla kysst*
*ástarkossi blautum.*

*Aðrir lepja enn úr skel*
*eymd og dauðans pínu.*
*Ekki gengur öllum vel*
*á æviröltí sínu.*

Á verulega sárri ævistund, sem öll góð skáld eiga, orti Pétur, þá liðlega sextugur:

*Lífs míns ævi er liðin senn,*
*í ljóðagerð ég henni varði.*
*Svo enda ég sem aðrir menn*
*undir torfu í kirkjugarði.*

Svo hefur skáldið sennilega eignast aura til að kaupa sér mat:

*Mín eru örlög ekki grimm,*
*að mér stúlkur hneggja.*
*Ég er að verða fimmtíu og fimm*
*en finnst ég þrjátíu og tveggja.*

Oft takast á miklar andstæður í einum og sama manni. **Pétur** gæti einmitt verið maður þeirrar gerðar:

*Ég er gráðugt glæpahró,*
*geðillur sem naut í flagi.*
*Inn við beinið er ég þó*
*alveg hreint í góðu lagi.*

*Ekki hlýt ég frægð né framann*
*á ferð minni um kvæðalönd.*
*Að yrkja vísur er gott og gaman,*
*en gefur lítið í aðra hönd.*

Rjúpnaveiðitímabilið er hafið. **Pétur** dregur hér upp óþægilega sanna mynd þeirrar iðju:

*Halda til fjalla*
*fræknir drengir.*
*Hlaðnir hólkar*
*hanga á öxlum.*
*Ganga þeir urðir*
*og grýttar hlíðar.*
*Fránum augum*
*fugla leita.*

*Vígreifir skynja*
*vængjaþytinn.*
*Munda þeir byssu*
*miða og skjóta.*
*Stika svo brattir*
*blóðugan völlinn.*
*Helsærða fugla*
*úr hálslið slíta.*

*Húmar á heiðum,*
*hallar degi.*
*Heim vilja halda*
*hróðugir garpar.*
*Kíkja þeir eftir*
*kennileitum.*
*Órói eflist*
*því ekkert greinist.*

*Ruglaðir ráfa*
*í rökkri dimmu,*
*veiðimenn hraktir,*
*villtir og sneyptir,*
*framlágir, hræddir,*
*fjörlitlir, kvíðnir,*
*og bíða nú hjálpar*
*björgunarsveita.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
kotabyggð1@gmail.com

### Kanína ehf. í Húnaþingi vestra:

# Eftirspurn eftir kanínukjöti eykst jafnt og þétt

## – gert ráð fyrir að í maí 2016 náist að framleiða 200 kíló á mánuði

**Birgit Kostizke, eigandi félagsins Kanína ehf. í Húnaþingi vestra, segir að sala á kanínukjöti hafi aukist jafnt og þétt undanfarna mánuði. Regluleg slátrun hófst í janúar á þessu ári og hefur kjötið verið í boði síðan þá.**

Íslenskt kanínukjöt var fyrst selt hér á landi á Matarhátíð Búrsins í Hörpu í nóvember í fyrra og vakti þá þegar áhuga íslenskra matgæðinga. Nokkur veitingahús hér á landi bjóða upp á kanínukjöt, m.a. Kolabraut, Bláa Lónið, Sjávarborg á Hvammstanga og veitingastaðurinn Berg á Icelandair hótel í Vík. Hægt er að kaupa kanínukjöt á almennum markaði hjá Matarbúrinu á Granda.

„Eftirspurnin eykst með hverjum mánuði sem líður,“ segir Birgit. Áætlanir gera ráð fyrir að því markmiði að framleiða um 200 kíló af kanínukjöti á mánuði verði náð í maí á næsta ári.

Hún nefnir að íslenskur kokkur, Unnur Pétursdóttir, sem fór með sigur úr býtum í fjölþjóðlegri keppni heyrnarlausra matreiðslumanna í Danmörku á dögunum, hafi boðið upp á kanínurúllu í aðalrétt. Það veki vissulega athygli og geri að verkum að fleiri vilja prófa.

*Úr 4 dýrum í 400*

Birgit heldur nú um 400 kanínur í aðstöðu sem hún hefur komið upp í fjárhúsi að Syðri-Kárstöðum í Húnaþingi vestra. Húsinu hefur hún breytt verulega og lagað að nýju hlutverki. Í undaneldishópnum eru tæplega 100 læður, 8 karldýr og að auki ungar á ýmsum aldri.

„Ég byrjaði að rækta kanínur sumarið 2011 og var þá með 4 dýr, hafði lítinn kofa ofan við Hvammstanga til umráða, þetta voru fremur frumstæðar aðstæður sem ég bjó við þarna í upphafi,“ segir hún. Um haustið stofnaði hún fyrirtæki um starfsemi sína, en það hafði að markmiði að rækta kanínukjöt til manneldis, að rækta kanínu á dýravænan hátt, framleiða skinn og skapa 1,5 stöðugildi.



Birgit segir að komið sé að þeim tímapunkti að breyta tilraun í nýja og sjálfstæða búgrein.



Birgit heldur nú um 400 kanínur í aðstöðu sem hún hefur komið upp í fjárhúsi að Syðri-Kárstöðum í Húnaþingi vestra.





Áætlanir gera ráð fyrir að því markmiði að framleiða um 200 kíló af kanínukjöti á mánuði verði náði í maí á næsta ári.

*Skráð sem loðdýrabú*

Kanína ehf. er skráð sem loðdýrabú og segir Birgit að á þeim tíma sem fyrirtækið var stofnað hafi kanínurækt verið óþekkt hér á landi öðruvísi en til ullarframleiðslu og sem gæludýraræktun.

Margar brekkur þurfti því að klífa og fór mikil vinna í undirbúning, m.a. að afla þeirra leyfa sem til þarf. „Stóra hindrunin var sú að kanínur voru algjörlega ný tegund þegar kom að slátrun, það var frekar erfitt að vekja áhuga á þessari nýju kjöttegund, en leikar fóru svo að SKVH á Hvammstanga sótti um sláturleyfi og var það veitt í desember árið 2013. Það breyttist allt í kjölfar þess að sláturleyfi fékkst í gegn, m.a. opnuðust möguleikar á að fá lán frá Svanna, sjóð sem sérstaklega er ætlaður konum sem stofna ný fyrirtæki,“ segir Birgit.

*Margir kostir fyrir hendi*

Hún segir Ísland henta ágætlega til kanínuræktar og nefnir sem helstu kosti, að hér sé frekar kalt í veðri sem dragi úr hættu á sjúkdómum, m.a. af völdum baktería af ýmsu tagi og skordýra. Eins nefnir hún að ekki sé mikill raki í loftinu og eigi það sérlega vel við um Húnaþing vestra þar sem hún er staðsett „og blessuð norðanáttin ræður oft ríkjum“. Þá sé nægt rými til staðar undir ræktunina og gott framboð á góðu heyi, sem ekki sé endilega til staðar í öðrum ríkjum Evrópu.

Helsti gallinn við kanínurækt sem og eflaust aðra ræktun sé sá að kostnaður við að framleiða vörur hér á landi er frekar mikill.

*Þurfum að hugsa til framtíðar*

„Við erum á ákveðnum tímamótum og þurfum nauðsynlega að hugsa til framtíðar. Í mínum huga er stóra spurningin um það hvort Íslendingar hafi hug á að skapa nýjar búgreinar, ég er þá ekki bara að hugsa um kanínukjöt í því sambandi, heldur líka t.d. geitakjöt, býflugnarækt, vörur framleiddar úr sauðamjólk og þannig mætti áfram telja. Allt þetta hefur fram til þessa verið áhugamál hjá einstaklingum. Vilji Íslendingar skapa fjölbreyttari landbúnað þarf eitthvað að gera í málinu,“ segir Birgit.

*Verði viðurkennd sem ný búgrein*

Hún nefnir að þörf sé á að viðurkenna þurfi ýmsar nýjungar, svo sem kanínurækt, sem sérbúgreinar og að nauðsynlegt sé að hafa aðgengi að ráðgjafa innan Bændasamtakanna. Þá þurfi dýralæknar einnig að geta nálgast þau lyf sem grípa þarf til vegna nýrra dýrategunda.

„Síðast en ekki síst þarf að huga að því að styrkja nýjar hugmyndir, þannig að öll áhætta leggist ekki eingöngu á frumkvöðlana. Tilraunir mínar til kanínuræktunar til manneldis bjóða upp á mörg og góð tækifæri, en það er komið að þeim tímapunkti að breyta tilraun í nýja og sjálfstæða búgrein,“ segir Birgit.

/MÞÞ

### Minnkandi sala á kjúklingakjöti í Noregi vegna ótta neytenda við sýklalyfjanotkun í framleiðslunni:

# Stefnt að því að allir kjúklingar fari í bóluefnissprautu

**Undanfarnar vikur hafa miklar umræður verið í norskum fjölmiðlum um svokallaða „iðnaðar-kjúklinga“ og hvernig norskir neytendur hafa snúið baki við því að kaupa þá út úr búð.**

Liður í að snúa þessari þróun við er að áður en kjúklingarnir fara út á búin fara þeir í bóluefnissprautu til að koma í veg fyrir lyfjanotkun í framleiðslunni.

Sérfræðingar í Noregi áætla að um 500 milljónir norskra króna hafi tapast á því að norskir neytendur hafa snúið baki við „iðnaðar-kjúklingum“ að því er fram kom í Bergens Tidende á dögunum. Þetta stafar af því að á síðastliðnu ári hafa neytendur hafnað notkun lyfja í framleiðslunni og velja því aðra matvöru. Einnig eru neytendur uggandi yfir sýklalyfjabakteríum sem fundist hafa í fuglunum við eftirlit. Suma mánuði hefur salan þar í landi minnkað um einn fjórða. Framan af þessu ári hefur Nortura, sem hefur markaðsráðandi stöðu, minnkað sölu um 15–20% á markaði þar sem þeir selja vanalega fyrir tvo milljarða króna norskar. Fyrir kjúklingabransann eins og hann leggur sig þýðir þessi minnkandi sala tekjutap upp á um hálfan milljarð norskra króna.

*Hætta notkun Narasin árið 2017*

Lyfjanotkun í kjúklingaframleiðslu í Noregi er svo að segja engin en á síðasta ári voru um 78 milljónir kjúklinga framleiddir til slátrunar í landinu. Norska ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja sjö milljónum norskra króna árið 2016 til rannsókna og þekkingarþróunar á sýklalyfjabakteríum í fiðurfé og svínum.

Nú eru framleiðendur sammála um að traust neytendanna skiptir öllu máli því að ekki sé nóg að vera í þeirri stöðu að framleiða hreinasta kjúkling í heimi. Í ræktunarbúi Nortura í Våler fara um 800 þúsund kjúklingar í gegnum færibandið í hverri viku áður en þeir eru sendir út á búin til frekari framleiðslu. Eftir að heilbrigðisyfirvöld fundu sýklalyfjabakteríur í um 70% af kjúklingabringum sem voru rannsakaðar í fyrrahaust hefur öllu verklagi í ræktunarbúinu verið breytt. Núna gerir Nortura tilraunir með bólusetningu í staðinn fyrir sníkjudýrslyfið Narasin sem sett er í fóðrið til að koma í veg fyrir þarmasjúkdóma. Þegar kjúklingarnir eru dagsgamlir fara þeir í bóluefnissturtu og fá í sig bóluefnið þegar þeir rífa í sig dún frá næsta kjúklingi.

„Tilraunirnar gefa jákvæða raun og við gerum þetta í áföngum til að hafa yfirsýn yfir hvaða áhrif bólusetningin hefur. Markmiðið er að geta hætt notkun á Narasin í byrjun árs 2017,“ segir framkvæmdastjóri þróunar fiðurfés og eggja hjá Nortura, Atle Løvland, samkvæmt frétt Bergens Tidende.

/ehg



**Norskir kjúklingar flokkaðir á færibandi.** Mynd / Håvard Bjelland hjá Bergens Tidende.

### Staðreyndir

- Árið 2014 voru 78 milljónir kjúklinga til slátrunar framleiddir í Noregi.
- Framleiðsla á kjúklingum til kjötframleiðslu er 15% minni í ár en í fyrra.
- Margir sérfræðingar segja að Narasin geti verið hættulegt fyrir veikt fólk sem leiði til þess að það svarar ekki meðhöndlun við sýklalyfjum.
- Narasin er sníkjudýrslyf sem notað er í fóður kjúklinga til að hindra að þeir sýkist af sníkjudýrssjúkdómnum koksidiose (Coccidiosis).




Við bjóðum
heildarlausn
í dekkjum
Hjá BJB færðu réttu dekkin fyrir öll tækin:
Fólkspíla-, pallbíla- og jeppadekk, kerrudekk og fjórhjóladekk.
Vertu í hópi þeirra öruggu á gæðadekkjum frá BJB.
VREDESTEIN
Fólksbíla-, jepplinga- og jeppadekk
apollo
FEDERAL
TYRES
Fólksbíla-, jepplinga- og jeppadekk
PEGASUS
Jeppa og pallbíladekk
kerrudekk
apollo
VREDESTEIN
Dráttarvéla-, vagna- og vinnuvéladekk...
Fjórhjóladekk
Bighorn, Wanda og Trailfinder
Leitið upplýsinga um gerðir/stærðir og fáið verðtilboð.
Sendið tölvupóst á: piero@bjb.is
Framúrskarandi fyrirtæki 2014 2013 2012
DEKK
PÚST
SMURNING
BREMSUR
FJÖÐRUN
HJÓLASTILLING
RAFGEYMAR
ÞJÓNUSTA
Púststþjónusta BJB ehf. | Flatahrauni 7 | 220 Hafnarfirði | www.bjb.is | S: 565 1090
Pústþjónusta
BJB
Aukin þjónusta

Fréttir

## Opnir tollkvótar á lífrænt vottaðri mjólk:

# Kú mjólkurbú hefur tvisvar sótt um en ekki enn flutt neitt inn

**Í annað sinn hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gefið út reglugerð þar sem opnir tollkvótar á lífrænni mjólk eru auglýstir lausir til umsóknar. Um ótilgreint magn er að ræða, en tekið er fram að mjólkin sé fryst og ógerilsneydd. Gildir reglugerðin til 31. mars á næsta ári. Áður var sambærileg reglugerð gefin út fyrir tímabilið 10. nóvember 2014 til 1. júní á þessu ári, en samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun nýtti sér þá enginn þennan möguleika.**

Í umfjöllun hér í blaðinu á dögunum, um lækkun Mjólkursamsölunnar á verði á hrámjólk til mjólkurafurðastöðva, kom fram hjá Helga Rafni Gunnarssyni, framkvæmdastjóra BioBús, sem framleiðir eingöngu lífrænt vottaðar mjólkurvörur, að svigrúm til stækkunar og breikkun vörulínunnar væri takmarkað. Sagði hann þá að það væri aðallega skortur á lífrænni mjólk sem hamlaði framsókninni. Einungis tvær mjólkurafurðastöðvar eru starfandi á Íslandi sem vinna úr lífrænt vottaðri mjólk; BioBú og Kú mjólkurbú.

Helgi Rafn segir að í raun hafi þessum innflutningsmöguleika lítið verið velt upp. „Ef ég á að segja eins og er þá höfum við lítið spáð í þetta. Í fljótu bragði virðist mér þetta ekki vera sérstaklega aðlaðandi hugmynd tæknilega séð – að fara að flytja inn mjólk í klakaformi.

Síðast þegar þetta var auglýst fórum við lauslega yfir þennan möguleika, en þá töldum við að það væri ekki eitthvað fyrir okkur. Ef við ætluðum að nýta okkur þennan möguleika til ostagerðar – þar sem við myndum kannski helst vilja sækja fram – þá lítur dæmið þannig út að við þyrftum að flytja inn 100 lítra af mjólk í klakaformi til að vinna úr 10 kíló af osti. Það má hins vegar vel vera að við skoðum þennan möguleika aftur. Það eru ýmsir óvissuþættir í þessu, eins og til dæmis verð og gæði á hrámjólkinni og flutningskostnaður,“ segir Helgi.



Úr ostavinnslunni hjá Kú.
Mynd / HKr.

***Enginn innflutningur hefur átt sér stað***

Það er Matvælastofnunar að taka afstöðu til umsókna um þennan innflutning á grundvelli þess hvort sannað þykir að ekki berist smitefni með, sem geta valdið sjúkdómum í dýrum og mönnum, og skilyrði sem sett hafa verið fyrir innflutningum séu upfyllt. Að sögn Hrundar Hólm, sérgreinadýralæknis hjá Matvælastofnun, þá óskaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið umsagnar Matvælastofnunar um eina umsókn, frá Kú mjólkurbúi, um innflutning á lífrænni mjólk. Umsögn Matvælastofnunar var jákvæð en leyfið skyldi háð ströngum skilyrðum um eftirlit og vottun.

Reglugerðin var gefin út í fyrra skiptið í kjölfarið á því að Kú mjólkurbú óskaði eftir slíkri innflutningsheimild, vegna þess að erfiðlega gekk að fá lífrænt vottaða mjólk á innanlandsmarkaði.

Þann 5. október síðastliðinn veitti Matvælastofnun svo Kú mjólkurbúi aftur leyfi fyrir innflutningi á lífrænni mjólk, háð sömu ströngu skilyrðunum. Gildistími er eitt ár en ekki er um að ræða tiltekið magn mjólkur. Hrund segir að ekki hafi enn reynt á leyfið þar sem enginn innflutningur hafi enn átt sér stað. */smh*




## Könnun Reykjavík síðdegis:

# Lambakjötið er þjóðarréttur Íslendinga

**Í könnun, sem þáttastjórnendur útvarpsþáttarins Reykjavík síðdegis á Bylgjunni stóðu nýlega fyrir, kemur í ljós að lambakjötið er ótvíræður þjóðarréttur Íslendinga.**

Svarendur voru 8.392 og kaus um helmingur þeirra lambakjötið sem sinn þjóðarrétt, eða 48,8 prósent. Ef fjöldi þeirra sem völdu slátur, svið eða lambakjöt er lagður saman, sést að um tveir þriðju telja lambakjöt eða aðrar sauðfjárafurðir vera þjóðarrétt okkar Íslendinga.

Næst á eftir lambakjötinu að vinsældum er skyrið, en það kusu 9,2 prósent, og þar á eftir harðfiskur með níu prósent.

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að þó að þetta sé kannski ekki nákvæm aðferðafræðilega rétt könnun, þá gefi hún mjög sterka vísbendingu. „Þetta er mikið ánægjuefni og ljóst að möguleikarnir fyrir þessa gæðavöru eru mjög miklir, bæði hér innanlands, með auknum fjölda ferðamanna, en einnig til útflutnings.“ */smh*



Karen Jónsdóttir rekur fyrirtækið á Akranesi þar sem hún er með litla vöruskemmu og heldur auk þess úti litlum lífrænum markaði.
Mynd / smh

## Kaja organic á Akranesi með sérstöðu á Íslandi:

# Sérhæfir sig í innflutningi og pökkun á lífrænt vottuðum vörum

**Kaja organic er eina fyrirtækið á Íslandi sem sérhæfir sig í innflutningi og pökkun á matvöru sem er lífrænt vottuð.**

Sérstaða fyrirtækisins felst í því að hún flytur hrávöruna inn í stórsekkjum og pakkar svo hér á Íslandi. Aðallega er um að ræða hnetur, þurrkaða ávexti, þurrkað krydd og fleira í þeim dúr.

Bæði er um að ræða heild- og smásölu á vegum Kaja organic. Karen Jónsdóttir rekur fyrirtækið á Akranesi þar sem hún er með litla vöruskemmu og heldur auk þess úti litlum lífrænum markaði. Þar er einnig að finna íslenskar lífrænt vottaðar vörur.

***Áratugur að baki***

Fyrirtækið var stofnað fyrir rúmum tveimur árum og að sögn Karenar var það aðallega vegna hvatningar frá leikskólum á Akranesi sem varð til þess að hún fór þessa leið, enda er markhópur Kaja meðal annars leik- og grunnskólar. „Ég er komin með nokkuð breitt vöruúrval til að þjóna þeim; í dag bjóðum við upp á um 160 vöruliði sem allir eru lífrænt vottaðir. Og þó að þetta sé þungamiðjan í innflutningnum í dag þá byrjaði ég á því að flytja inn vandað súkkulaði sem er selt í sérverslunum,“ segir Karen sem hefur hug á því að koma vörunum í meira mæli til skólaeldhúsa því henni finnst nauðsynlegt að börnunum sé boðið upp á góða og hreina næringu.

„Þess vegna býð ég skólunum líka upp á fræðslu. Ábyrgð skólanna er mikil og til marks um það má nefna að leikskólabarn tekur um 65 prósent af næringu sinni, á aldrinum tveggja til sex ára, í gegnum mötuneyti leikskólans.“

***Skólamötuneytin hætti að nota hvítan sykur***

„Ég hef sérstaklega rekið áróður fyrir því að skólamötuneyti hætti að nota hvítan sykur, hvítt hveiti, hvít hrísgrjón svo og trefjalausa fæðu. Að auki tel ég að erfðabreytt matvæli eigi ekki heima á þessum stöðum. Kaupmannahafnarbúar hafa til dæmis sett sér markmið að í lok árs 2015 verði öll skólamötuneyti með 90 prósent lífrænt á borðum. Í dag er þetta hlutfall um 75 prósent, þar er mottóið: „börnin skulu njóta vafans“.

***Oft meira fyrir peninginn***

Verðstefna fyrirtækisins er sanngjörn og eiga því kaup á lífrænum vörum ekki að auka rekstrarútgjöld skólamötuneyta svo nokkru nemi. Ef næringargildi er umreiknað í verð þá ertu oftar en ekki að fá meira fyrir peninginn. Það er svo auðvitað fyrir utan þjóðarhaginn – heilbrigði þjóðarinnar – mikið sem sparast með bættum lifnaðarháttum.“

***Þokast í rétta átt***

Hún segir að reksturinn þokist hægt í rétta átt og hún haldi áfram að fikra sig áfram inn á markaðinn. Til að byrja með var hún eingöngu með sölu í stórpakkningum, en hefur nú nýverið farin að pakka sjálf til smásölu. Nýlega var vörulína hennar til að mynda tekin inn í Lifandi markað.

Í dag hefur Kaja organic leyfi frá Vottunarstofunni Túni til þess að pakka um 70 vörunúmerum og önnur 30 eru um það bil að fá vottun. */smh*

## Yfirlýsing frá Landstólpa ehf.:

# Fyrirtækjanöfnum ruglað saman

**Landstólpi hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna annars nýlegs félags sem, ber nánast sama nafn og starfar á sama sviði. Mun nöfnum fyrirtækjanna þráfaldlega vera ruglað saman. Í yfirlýsingunni segir:**

„Einkahlutafélagið Landstólpi ehf. var stofnað árið 2000 og starfar á sviði byggingaframkvæmda og landbúnaðar. Landstólpi hefur reist stálgrindarhús og annars konar mannvirki um allt land og er félagið vel þekkt á sínum markaði. Landstólpi er skráð vörumerki hjá Einkaleyfastofu auk þess sem vörumerkjarétturinn byggir á fimmtán ára notkun á nafninu.

LANDSTÓLPI

Á síðasta ári var einkahlutafélagið Landstólpar þróunarfélag ehf. stofnað og starfar það fyrirtæki einnig á sviði byggingaframkvæmda. Þrátt fyrir að hið nýja félag beri sama nafn og Landstólpi og starfi á sama sviði var af hálfu Ríkisskattstjóra fallist á skráningu þess í fyrirtækjaskrá. Sú ákvörðun hefur verið kærð til ráðuneytis. Gífurlegur dráttur hefur orðið á meðferð málsins hjá stjórnvöldum og hafa félögin starfað við hlið hvort annars á meðan.

Allt frá stofnun hins nýja félags hefur nafn þess valdið ruglingi fyrir viðskiptavini Landstólpa ehf. og hafa starfsmenn fyrirtækisins eftir fremsta megni reynt að leiðrétta þann misskilning í hverju tilviki.

Vegna fréttaflutnings af framkvæmdum Landstólpa þróunarfélags ehf. sem eiga sér nú stað á hafnarsvæði í Reykjavík, einkum vegna ágreinings um hafnargarðinn sem nýlega var afhjúpaður, hefur Landstólpi ehf. fengið fjölda athugasemda og fyrirspurna frá viðskiptavinum sínum á síðustu vikum. Eigendum Landstólpa ehf. þykir það miður og vilja af þessu tilefni árétta það að félögin Landstólpi ehf. og Landstólpar þróunarfélag ehf. eru tvö ótengd félög. Landstólpi ehf. vonast til að úr þessu verði leyst af hálfu stjórnvalda hið fyrsta með úrskurði.“


Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA HOLLT
Hollráð Lambakjöts að betra sambandi
Nr. 88
PENSLIÐ VEL FYRIR BRAGÐGÓÐAN GLJÁA
Kryddhjúpaðar lambakótilettur með balsamgljáa
– fleiri girnilegir réttir og hollráð á lambakjot.is

## Stjörnugrís á Kjalarnesi:

# Kjötvinnsla tók nýverið til starfa við hlið sláturhússins

## – Geir Gunnar Geirsson framkvæmdastjóri segir miklar breytingar fram undan í svínaræktinni

**Í Saltvík á Kjalarnesi rekur Stjörnugrís sláturhús og kjötvinnslu. Tvö gyltubú eru einnig rekin á Kjalarnesi. Kjötvinnslan er nýleg viðbót í rekstri fyrirtækisins og var tekin í gagnið í marsmánuði síðastliðnum. Með tilkomu hennar verður reksturinn heildstæðari og hagkvæmari.**



Mantauté gerði vörur tilbúnar til að senda þær í verslanir.



Justyna og Indré unnu með svínasíður þegar ljósmyndari var á ferðinni um kjötvinnsluna.



Rögnvaldur Ó. Pálmason stöðvarstjóri. Tölvubúnaður heldur réttu raka- og hitastigi á hrápylsunum.

Geir Gunnar Geirsson er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Stjörnugrís er þriðju kynslóðar fjölskyldufyrirtæki í eigu foreldra Geirs og afkomenda þeirra. Við fyrirtækið starfa einnig kona Geirs, Guðrún Ólafía Sigurðardóttir, og börn þeirra. Auk búanna á Kjalarnesi rekur Stjörnugrís blandað bú, gyltur og slátursvín í Grímsnesi og gyltubú á Skeiðum. Þá eru rekið bú með slátursvín á Melum í Hvalfjarðarsveit. „Kjötvinnslan var í byggingu síðasta vetur. Með því að reisa okkar eigin kjötvinnslu við hlið sláturhússins er framleiðslan öll orðin heildstæðari, skilvirkari og sparar flutningskostnað. Reksturinn er þar með orðinn hagkvæmari sem ætti að vera neytendum í hag. Þar vinnum við bara íslenskt kjöt og enn sem komið er eingöngu frá okkur. Þetta er okkar sérstaða; það er að segja íslenskt alla leið og þess vegna tek ég það sérstaklega fram, því ég held að fólk geri sér enga grein fyrir hversu mikið magn af grísakjöti streymir hér inn í landið.

Mér finnst alveg ástæða til að benda á að í búðarhillum er í mörgum tilfellum grísakjötsafurðir, til dæmis skinka, sem getur innihaldið eingöngu erlent kjöt eða blandað við íslenskt,“ segir Geir Gunnar.

Þess skal getið að nýlega tóku gildi lög um upprunamerkingar sem gera ráð fyrir að uppruni alls kjöts sé ávallt tiltekinn á umbúðum vara.

### *Með hreinleikann að leiðarljósi*

„Það sem vakti fyrir okkur með því að koma þessari kjötvinnslu á fót er að reyna að selja sjálf eins mikið af svínakjöti og kostur er – og vera ekki háð neinum öðrum með það.



Geir Gunnar Geirsson, framkvæmdastjóri hjá Stjörnugrís. Í bígerð er að byggja velferðarbú fyrir gyltur strax næsta sumar.

Við vildum líka koma með vörur sem væru eins hreinar og kostur er og að kjötinnihaldið væri mjög hátt. Við gætum eflaust sparað eitthvað á hinni nálguninni en þar sem þetta eru okkar gripir og okkar kjötvörur fannst okkur einfaldlega nærtækast að selja það fyrst og fremst en ekki bæti og aukaefni. Skinkan okkar er 98 prósent kjöt og auk hennar erum við með beikon, pepperóní, salami og fleira. Þá keyptum við góðan tækjabúnað til hrápylsugerðar. Þarna vinnum við líka ýmsar steikur úr fersku kjöti; kótelettur og hnakkasneiðar svo eitthvað sé nefnt – og allar þessar vörur eru merktar Stjörnugrís sérstaklega.

Varðandi uppskriftir á pepperóní og skinku fengum við aðstoð frá Sigurði í Kjötpól en við þekktum til vinnubragða hans og líkaði mjög vel. Auk þess erum við með afbragðs kjötiðnaðarmenn sem hafa staðið sig frábærlega að okkar mati.“

### *Svínaræktendur í naflaskoðun*

Geir Gunnar segir að svínaræktendur á Íslandi hafi farið í ákveðna naflaskoðun eftir að Gyltuskýrslan svokallaða var gefin út í mars og greint var ítrekað frá í Ríkisútvarpinu fyrir nokkrum vikum, en heildarmyndin sem þar var dregin upp af svínarækt inni var ekki fögur. Hann segir að viðbrögð almennings séu skiljanleg upp að vissu marki. „Hlutirnir eru samt oft slitnir úr samhengi og því miður verður umræðan ofstækis- og fordómafull enda dýravelferð mikið tilfinningamál. Ný reglugerð fjallar um að betrumbæta aðbúnað í svínabúskapnum og hafa ber sömuleiðis í huga að nýjar aðbúnaðarreglugerðir hafa verið settar fyrir allar tegundir búfjár með það að markmiði að bæta aðbúnað í hvívetna. Það þýðir ekki að aðstæður hafi verið slæmar, sem þær eru sannanlega ekki, heldur það að hægt sé að gera betur en gert er í dag. Engin dýraníð hafa verið stunduð í svínabúum landsins eins og látið er í veðri vaka í umfjöllun um búgreinina. Slíkar fullyrðingar eru með öllu bæði ósannar og ósanngjarnar. Þessu til stuðnings þá er hægt að nefna það að miklu meira eftirlit er haft með grísaeldi en í flestum öðrum búfjárgreinum svo því sé haldið til haga.

Það sem gerðist þegar myndirnar voru birtar úr Gyltuskýrslunni er að út frá tveimur til þremur ljótum myndum var öll greinin dæmd mjög harkalega af almenningi. Það hefur hins vegar komið fram að þar sem atriði voru ekki í lagi, fylgdi Matvælastofnun þeim eftir og í verstu tilvikum var beðið á meðan úrbætur voru gerðar. Slæm meðferð á dýrum á aldrei að líðast. Það er klárlega samhengi á milli þess hvernig búreksturinn gengur og hvernig aðbúnaður dýranna er – og það á við um allar búgreinar þar sem dýrahald er.“

### *Höfum góða stöðu að verja í keppni við innflutning*

Eins og fram hefur komið standa svínabændur frammi fyrir því að þurfa að breyta húsakosti sínum heilmikið, til að mæta nýrri aðbúnaðarreglugerð. Um mjög kostnaðarsamar breytingar er að ræða og hefur verið áætlað að það muni kosta greinina yfir þrjá milljarða króna – en einungis 12 svínabú eru í landinu. „Við stöndum bara frammi fyrir



Unnið var að kappi við úrbeiningu.

því að þessi framleiðsluaðferð sem notuð hefur verið fram til þessa er úrelt og menn verða bara að horfast í augu við það. Þó það kosti talsverða fjármuni þá verður bara svo að vera, ef menn ætla að vera í þessu áfram. Ég hef verið að hugsa um þetta í þó nokkurn tíma og ég hef alltaf sannfærst um það betur og betur að það þarf að breyta aðbúnaðinum algjörlega. Það er bara þannig að þegar hlutirnir hafa alltaf verið stundaðir á ákveðinn máta þá finnst mönnum það bara eðlilegt og er viðtekið. Nú þegar aðrar betri leiðir eru í boði – og reglur hafa verið settar um bættan aðbúnað – þá finnst manni það rökrétt og sjálfsagt að breyta þessu þótt það kosti peninga.

Það er þó ákveðin skekkja í þessu,“ segir Geir Gunnar og á þá við að hann hefði viljað sjá stjórnvöld gefa greininni meira svigrúm til að uppfylla þær kröfur sem gerðar hafa verið um bættan aðbúnað. „Nýr tollasamningur við Evrópusambandið (ESB) kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti, það er að okkur er gert að keppa við stóraukinn innflutning frá löndum ESB á sama tíma og búgreinin stendur frammi fyrir milljarða fjárfestingum. Ómögulegt er að ekkert komi í staðinn fyrir svona einhliða ákvarðanir.

Svo verðum við svínabændur líka að passa upp á að það sé allt í toppmálum hjá okkur, til þess að geta tekið slaginn við innflutta kjötið. Við erum með framúrskarandi stöðu varðandi heilbrigði búfjár og lyfjanotkun í landbúnaði og þá stöðu þarf að verja og viðhalda. Með því að uppfylla nýja aðbúnaðarreglugerð verðum við sömuleiðis skrefi framar en samkeppnisaðilar okkur í ríkjum ESB.“

### *Velferðarbú fyrir gyltur í bígerð á Kjalarnesi*

Hann segir að á svínabúinu hans séu framkvæmdir við breytingar þegar komnar af stað. „Við erum byrjuð að taka út bása í tveimur húsum og þar verður lausagöngu komið á. Þetta er eiginlega fyrsta skrefið í umbyltingu á húsakostinum okkar – og eins konar millistig. Við stefnum á að byggja nýtt velferðarbú fyrir gyltur. Við munum þá breyta í það minnsta tveimur húsunum í uppeldishús fyrir grísina og reisa eitt stórt hús fyrir gylturnar sem mun duga okkur næstu áratugi. Þá er stefnan að ganga jafnvel lengra en ýtrustu kröfur aðbúnaðarreglugerðarinnar gera ráð fyrir.

Ég var sjálfur í þessum starfshópi sem mótaði þessa reglugerð og ég get alveg sagt að það var gengið lengra í henni að ýmsu leyti en í sambærilegum reglugerðum á Norðurlöndum. Vonir standa til, ef öll tilskilin leyfi fást, að byrja að byggja þetta bú næsta sumar. Drífa þetta bara af sem fyrst, þó að við eigum rétt á undanþágusvigrúmi. Ég hef engan áhuga á því að vera með gyltur á básum eða í lélegri lausagöngu lengur en nauðsynlegt er. Þetta snýst núna fyrst og fremst um velferð dýranna. Lausaganga getur verið alla vega – það er ekkert unnið með því að koma upp lausagöngu ef hún virkar ekki sem skyldi.

Við tókum reyndar ákveðið skref í þessa átt fyrir um þremur vikum. Eftir lestur skýrslunnar og eftir fundarhöld með dýralækni búanna ákváðum við að hætta alfarið geldingum þar sem allir voru sammála um að sá háttur sem viðhafður er í dag, sumsé staðdeyfing, væri ekki að virka sem skyldi og ekki í samræmi við tilgang laganna um aukna dýravelferð.“

Við kjötvinnslu Geirs Gunnars á Vallá starfa hátt í 50 manns – og ásamt sláturhúsinu og starfsfólki á svínabúunum eru starfsmennirnir rúmlega 70. „Að vinna og pakka okkar eigin kjöti er skref sem við vildum taka til að vera nær neytandanum, auk þess sem þetta eru viðbrögð við öllum þessum innflutningi. Við gátum í raun ekki verið lengur bara venjulegur sláturleyfishafi og selt okkar gripi öðrum afurðasölum eða kjötvinnslum eingöngu. Við vorum farnir að finna tilfinnanlega fyrir minnkandi sölu á ýmsum kjöthlutum vegna síaukins innflutnings. Oftar en ekki var það án fyrirvara, sem gengur auðvitað ekki upp í svona framleiðslu eins og við erum í.“ */smh*





CASTGROUP
MINILOADERS

## Pixy liðléttingar



Enginn liðléttingur kemst í hálfkvist

við Pixy þegar borin eru saman verð og gæði

Öflugar 27 og 38 hö Isuzu díselvélar.

Hydróstatískt drif og stórar vökvadælur.

Til afgreiðslu af lager ásamt fylgihlutum.

Mjög stöðugt tæki vegna einstaklega

lágrar þyngdarmiðju.

Kynningarverð

Pixy 25 T kr. 2.885.000 + v.s.k

Pixy 35 T kr. 3.120.000 + v.s.k.

Innif. Skófla, gafflar & universal plata

MERLO **Skotbómulyftarar**

Áratuga reynsla á Íslandi

Bóman liggur lægra en á sambærilegum tækjum sem gefur betra útsýni yfir gaffla

Merlo er annar af tveimur stærstu framleiðendum á skotbómulyfturum



Íslyft ehf

**STEINBOCK ÞJÓNUSTAN**

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
Sími 564-1600 islyft@islyft.is
www.islyft.is

**Fréttir**

## Verkefnið Brothættar byggðir í Hrísey og Grímsey:

# Helga Íris ráðin verkefnastjóri

**Helga Íris Ingólfsdóttir hefur verið ráðin verkefnisstjóri Brothættra byggða fyrir Hrísey og Grímsey. Þetta kemur fram á vef Akureyrarbæjar.**


Helga Íris Ingólfsdóttir.

Alls sóttu 13 manns um starfið. Helga Íris er 37 ára, fædd og uppalin á Dalvík. Hún er stúdent frá MA, lauk BSc-prófi í umhverfisskipulagi frá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri árið 2011 og stefnir á að ljúka meistaragráðu í skipulagsfræði frá sama skóla um næstu áramót.

Helga Íris er búsett á Dalvík en mun hafa aðstöðu á skrifstofu sveitarfélagsins í Hrísey. Helga hefur margs konar starfsreynslu sem nýtist henni í nýju starfi. Hún vann meðal annars á umhverfissviði Dalvíkurbyggðar í fimm ár og hefur reynslu af stjórnsýslunni og því að stjórna verkefnum sem ólíkir aðilar koma að. Helga er sérstök áhugamanneskja um íbúalýðræði og tækifæri fólks til þess að hafa áhrif á samfélag sitt og umhverfi, segir á vef Akureyrarbæjar.

## Austur-Húnavatnssýsla:

# Góður námsárangur í dreifnámi

**Nú á dögunum luku nemendur dreifnáms í A-Hún. svokölluðu miðannarmati en þá ljúka nemendur hluta námsefnis á miðri önn. Miðannarmat hefur í raun tvíþættan tilgang, annars vegar að stuðla að jöfnu námi nemenda alla önnina og hins vegar að koma auga á ef inngripa er þörf.**

„Það er sérstaklega gleðilegt að miðannarmat haustið 2015 kemur talsvert betur úr en miðannarmat haustið 2014, meðaleinkunn hækkar úr 5,11 í 6,90. Námsárangur er almennt góður, skórinn kreppir helst í stærðfræði og spænsku en til að bregðast við því verður boðið upp á stoðtíma vikulega fram að annarlokum,“ segir í grein sem Ásdís Ýr Arnardóttir, umsjónarmaður dreifnáms í A-Hún., skrifar á vefsíðu huna.is.

Þar segir enn fremur að miklar breytingar hafi verið gerðar á framhaldsskólakerfinu og tók ný námskrá gildi nú í haust. Áföngum hefur verið breytt bæði hvað varðar áherslur og efnistök. Ein vegamesta breytingin snýr að styttingu náms til stúdentsprófs en nú er hægt að ljúka prófi á 3 árum frá FNV (eða styttri tíma, kjósi nemendur svo). Samfara þessu hefur skipulagi brauta verið breytt og nýjar brautir verið samþykktar, til að mynda er boðið upp á sérstaka fjölgreinabraut. Sú braut hentar til dæmis nemendum vel sem hafa stundað einingabært nám í hestamennsku (Knapamerki) og tónlistarnám (grunnpróf). Brautinni er ætlað að koma til móts við ólík áhugasvið nemenda og ólíkar þarfir þeirra.

Alls hófu 11 nemendur dreifnám nú á haustönn, flestir eru búsettir á Blönduósi en einnig eru nemendur úr Húnavatnshreppi og Skagabyggð. */MÞÞ*

Bændablaðið
Smáauglýsingar
56-30-300
Hafa áhrif um land allt!


Það er Einar Guðmundur Þorláksson, sem titlaður er óðalsbóndi í símaskrá, sem heldur á bikarnum sem Hrókur hans og Aldísar Gunnarsdóttur vann. Aldís stendur við hlið Einars Guðmundar en lengst til vinstri er Daníel Hansen, umsjónarmaður Fræðaseturs um foyrstufé, en setrið gaf bikarinn. Myndir / RML

# Hrókur er fallegasti forystuhrúturinn í Þistilfirði

**Hrókur frá Svalbarði í Þistilfirði hreppti titilinn „Fallegasti forystuhrútur Þistilfjarðar 2015“, en fyrsta sýning forystuhrúta á Íslandi var haldin á Hagalandi í Þistilfirði nýverið þar sem m.a. var keppt um þennan titil.**

Ráðunautarnir Steinunn Anna, Sigurður Þór og María Svanþrúður voru fengin til að dæma hrútasýningu á Hagalandi í Þistilfirði, þrautreyndir hrútadómarar þar á ferð.

Dæmdir voru 30 veturgamlir hrútar. Tekið var upp á þeirri nýbreytni að dæma forystuhrúta en þar var ekki notaður hefðbundinn dómskali heldur horft eftir atferli ásamt lit og litasamsetningu.

Myndirnar eru teknar á hrútasýningunni á Hagalandi þar sem áhugasamir fylgdust grannt með gangi mála.












## NÍÐSTERKAR VEGGKLÆÐNINGAR

STENI®

**Steni Agri veggklæðningar eru hannaðar sérstaklega fyrir landbúnað.** Þær eru tilvaldar fyrir allar gerðir landbúnaðarbygginga þar sem þörf er á sterku yfirborði innveggja sem auðvelt er að þrífa og háþrýstiþvo.

- Veggklæðningarnar eru þunnar og léttar en um leið gríðarlega sterkar.
- Þær eru raka- og vatnsheldar og þola miklar hitabreytingar.
- Slétt og slitsterkt yfirborð úr 100% leysiefnalausu akríl.
- 25 ára framleiðsluábyrgð.
- Fjölliða trefjaglersblanda.



## YLEININGAR OG STÁLGRINDARHÚS

BALEXMETAL

**BYKO býður meðal annars mikið úrval yleininga í ýmsum stærðum og litum, Z-prófíla, og trapisuplatna frá Balex Metal.**

Einnig bjóðum við létt stálgrindarhús frá Balex Metal.
- Z-strúktúr hús.
- Staðlaðar einingar, mismunandi breidd og hæð.
- Auðvelt að reisa engin stök eining í ósamsettu húsi þyngri en 150 kg.



# SMÍÐUM, GERUM OG GRÆJUM




2,4 m², 19 mm bjálki, 1,76 x 1,76 m utanmál, hæð að þakbrún 148 cm, hæð að stafni 188 cm, lengd þakskeggs 68 cm, innra rými 4,1 m³.

**SAM barnahús**

**83.995 kr.**

0291820 Almennt verð: 104.995 kr.

Styrkingar og festingar innifaldar í verði.

0% VAXTALAUST LÁN **7.635 kr. á mánuði** miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán




4,4 m², 19 mm bjálki, 2,5 x 2,2 m utanmál, hæð að þakbrún 194 cm, hæð að stafni 234 cm, lengd þakskeggs 20 cm, innra rými 9,5 m³.

**UNA bjálkahús**

**134.995 kr.**

0291815 Almennt verð: 157.485 kr.

Styrkingar og festingar innifaldar í verði.

0% VAXTALAUST LÁN **12.033 kr. á mánuði** miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán




8,7 m², 28 mm bjálki, 3,2 x 3,2 m utanmál, hæð að þakbrún 188 cm, hæð að stafni 217 cm, lengd þakskeggs 20 cm, innra rými 17,28 m³.

**MALTA bjálkahús**

**224.995 kr.**

0291811 Almennt verð: 267.685 kr.

Styrkingar og festingar innifaldar í verði.

0% VAXTALAUST LÁN **19.796 kr. á mánuði** miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán




7,5 m², 28 mm bjálki, 2,96 x 2,96 m utanmál, hæð að þakbrún 194 cm, hæð að stafni 234 cm, lengd þakskeggs 20 cm, innra rými 16,11 m³.

**MAAS bjálkahús**

**199.995 kr.**

0291811 Almennt verð: 238.885 kr.

Styrkingar og festingar innifaldar í verði.

0% VAXTALAUST LÁN **17.640 kr. á mánuði** miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán

# 0% VAXTALAUST LÁN

BYKO býður kortalán án vaxta í allt að 12 mánuði. Sjá nánar á www.byko.is.

**ALLAR KERRUR**
- Heitgalvaniseraðar
- Leyfileg heildarþyngd 750 kg
- með LED ljósum




**Bílkerra,** 1520x1200 mm.

**135.995 kr.**

79290121 Almennt verð: 169.995 kr.

0% VAXTALAUST LÁN **12.120 kr. á mánuði** miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán




**Bílkerra,** 2100x1200 mm.

**149.995 kr.**

79290124 Almennt verð: 189.995 kr.

0% VAXTALAUST LÁN **13.327 kr. á mánuði** miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán




**Bílkerra,** 2400x1470 mm.

**169.995 kr.**

79290205 Almennt verð: 199.995 kr.

0% VAXTALAUST LÁN **15.052 kr. á mánuði** miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán




**Bílkerra m/búri,** 2100x1200 mm.

**179.995 kr.**

79290209 Almennt verð: 229.995 kr.

0% VAXTALAUST LÁN **15.915 kr. á mánuði** miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán

byko.is

**AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS**
**SENDUM ÚT UM ALLT LAND**

**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

# STEKKUR

## Með lífið í lúkunum

**Frá ómunatíð hefur lófalestur verið talinn auðveld og örugg leið til að komast að því hvað framtíðin beri í skauti sér.**

Ferköntuð hönd bendir til þess að viðkomandi sé vanabundinn í hugsun, einstrengingslegur í skoðunum og beri virðingu fyrir lögum og reglum. Yfirleitt duglegt, reglusamt og skipulagt fólk sem sýnir rökfestu að því marki að vera leiðinlegt. Sýnir sjaldan ást eða vináttu opinberlega. Fólk með ávalar hendur er aftur á móti fljótfært, fjölhæft og skapandi. Þeir sem hafa ávalar hendur eru áhrifagjarnir, skipta oft um skoðun og latir að eðlisfari.

Húðmynstrið er tengt skapgerð en aðalmynsturgerðirnar eru hvirfing, bogi, tjaldbogi, lykkja og samsett lykkja. Hvirfing lýsir einstaklingshyggju, sérvisku, sjálfsöryggi og þrjósku. Þeir sem hafa boga í húðmynstri taka lífið alvarlega og sýna stefnufestu en þjáist vegna bældra tilfinninga og eru óöruggir. Fólk með tjaldbogamynstur er viðkvæmt, listrænt, örgeðja og metnaðargjarnt en hugsjónirnar verða oft dómgreindinni yfirsterkari. Lykkja sýnir fólk sem vill hafa það notalegt og er laust við fordóma. Þeir sem hafa samsetta lykkju eru opnir fyrir nýjungum en þá skortir innra jafnvægi og dómgreindarleysi einkennir athafnir þess.

Línurnar í vinstri hendinni sýna eðlislæga og arfgenga þætti persónuleikans, hæfileika, dugnað og getuna til að láta drauma sína rætast. Hægri höndin sýnir hvernig skapgerðareinkenni hafa þróast og hvort viðkomandi sé ánægður með hlutskipti sitt í lífinu og hvort hæfileikar fái að njóta sín. Ef lífslínan er löng og óslitin gefur hún til kynna heilbrigði, glaðværð og sterkt hjarta, sé hún stutt og bláleit bendir það til heilsuleysis. Ef línur liggja frá Venusarfjallinu að líflínunni hættir eiganda handarinnar til að fá kynsjúkdóma.

Löng höfuðlína með fáar skurðarlínur bendir til mikilla gáfna og góðs minnis. Sé hún margskorin táknar það hið gagnstæða. Höfuðlína sem bognar upp að löngutöng sýnir þrætugirni og skapofsa. Löng og óslitin hjartalína bendir til velgengni í ástum og barnaláns en snúin hjartalína finnst einungis í lófa ótryggrar og léttúðugrar manneskju. Margar hliðarlínur við litla fingur benda til þess að eigandi handarinnar deyi erlendis.

Sköpunarboginn er bunga sem liggur frá úlnlið að litla fingri. Heill bogi bendir til mikils sköpunarkrafts, frumlegrar hugsunar og hæfileika til að vinna úr hugsunum sínum. Fallegt Mánafjall lýsir ást og eindreginni löngun til að lifa í sátt og samlyndi við menn og málleysingja. Fólk með flatt Mánafjall er oft líflaust og skortir snerpu. Venusarfjallið er mikilvægasta fjall handarinnar. Sé það stórt og holdmikið táknar það lífsfyllingu og ríka hæfileika til að gleðjast, kynlífið er yfirleitt gott hjá fólki með hátt Venusarfjall. Ef fjallið er lágt og efnislítið sýnir það tilfinningakulda og jafnvel ástleysi. Þeir sem hafa stórt Neptúnusarfjall búa yfir mikilli hæfni til mannlegra samskipta, eru hjartahlýir og skilningsríkir. Í Júpítersfjallinu má lesa metnað, félagsþroska og trúarhneigð. Ofvöxtur lýsir hroka og eigingirni en lítið gefur til kynna skort á metnaði og stolti. */VH*

UMHVERFISMÁL & LANDBÚNAÐUR

Ari Trausti Guðmundsson
Jarðfræðingur og rithöfundur





Réttað í Tungnaréttum. Mynd / Ruth Örnólfs

# Enginn er eyland – 4. grein

I Landbúnaður er ein megingrein heimsframleiðslunnar og íslenskur landbúnaður þar með í órjúfanlegu samhengi við ástandið á heimsvísu. Það á þá ekki aðeins við um landbúnaðarvörur, íslenskar og erlendar, til sölu innanlands eða íslenskar í útlöndum, heldur líka nýtingu innfluttrar vöru; véla, áburðar, fóðurs og eldsneytis. Gerum ráð fyrir tvennu á Íslandi: Bændur framleiða af áhuga og elju og neytendur vilja góða vöru og nægt úrval (látum hugtakið ódýra vöru liggja milli hluta í bili). Ég gantaðist í einni greininni með flugflutt bláber um miðjan vetur frá Chile, sunnan miðbaugs. Engu að síður fylgir því alvarlegur undirtónn. Þessi innflutningur kristallar nefnilega áunninn lífsstíl sem stangast orðið illilega á við raunveruleikann. Þar á meðal bágt ástand margra samfélaga og síaukinn vanda í umhverfismálum; hvort sem eru 5–8 milljón tonn af plastúrgangi sem hrannast árlega upp í heimshöfunum eða sveltandi milljónir í einu landi vegna þurrka. Hvað þá við vistspor Íslendinga sem er svo djúpt og stórt miðað við höfðatölu að það þyrfti að nýta 21 jörð ef mannkynið næði í fótsporin þau. Lífsstíll minnihluta mannkyns er þannig að umrædd bláber teljast næstum til mannréttinda í margra augum. En það gengur ekki upp.

II Hvergi í veröldinni er til ríki eða stórt landsvæði þar sem hluti íbúanna vinnur ekki við fæðuöflun, víðast hvar einhvers konar landbúnað. Enda er fæða ein af frumþörfum mannsins. Engum dettur í alvöru í hug að ekki skuli stundaður landbúnaður á Íslandi. Jarðvegur er ein af höfuðauðlindum landsins og hana er hagkvæmt og eðlilegt að nýta. Þá með sjálfbærum hætti að því sögðu að menn eru verulega ósammála um hvað það merkir í verki. Hér á landi er til fátækt en hvergi nærri í sama hlutfalli og í tugum landa. Samkvæmt nýjum tölum Sameinuðu þjóðanna lifir nærri helmingur íbúa heims á minna en 400 íslenskum krónum á dag; þar af um 1,3 milljarðar í sárustu fátækt (undir 200 kr.). Dag hvern, skv. UNICEF, látast 22 þúsund börn á dag vegna fátæktar og um 800 milljón manns svelta. Tölurnar eru með skekkjumörkum og orsakirnar eru margar. Nefna má umhverfisbreytingar, illdeilur milli þjóðfélagshópa, styrjaldir og þekkingarskort.

III Því til viðbótar verður svo að nefna gallaða innviði samfélaga, þar með talið stjórnkerfi og landbúnaðarskipulag en hvort tveggja á það sér djúpar sögulegar rætur. Eftir að nýlenduveldin brutu upp samfélög, sem voru að mestu sjálfum sér nóg, í Asíu, S-Ameríku og Afríku, mistókst allt of víða, samfara nýfengnu þjóðfrelsi, að koma upp starfhæfu ríkisvaldi og hagfelldri innlendri framleiðslu. Samtímis náðu alþjóðlegar lánastofnanir og stórfyrirtæki tröllataki á efnahagsmálum, einkum í þá átt að gera ríki að framleiðanda einnar eða fárra vörutegunda (t.d. banana, kaffis, málma eða olíu), til útflutnings. Eftir því sem slaknað hefur á slíku (en of hægt!) vegna baráttu fyrir öðru betra í þróunarlöndunum sjálfum og vegna alþjóðlegs þróunarstarfs, hafa voldug ríki eða fyrirtæki fundið sér nýja leið. Hún felst í að leigja eða kaupa land undir matvælaframleiðslu handa viðkomandi ríki eða fyrirtæki en hygla jafnframt heimamönnum með því að kosta t.d. verklegar framkvæmdir. Þetta gerir ýmsum þróunarlöndum erfitt fyrir við að koma landbúnaði og framleiðslu fyrir innanlandsmarkað í viðunandi horf.

IV Inn í lítil og meðalstór iðnríki flæða landbúnaðarvörur að utan í gegnum nokkra eða marga milliliði, jafnvel þrátt fyrir umdeilda tollvernd. Margt telst vissulega nauðsynjavara. En einmitt samþjöppun í þessum geira og aukin hringamyndun í iðnríkjunum sjálfum verkar gegn dreifðum, sjálfbærum landbúnaði, skynsamlegum flutningi matvæla, sóun, umbúðafargani og fæðuöryggi. Og það jafnvel þótt tilhneiging meðal neytenda og margra bænda sé að krefjast fæðuöflunar í þveröfuga átt við hagsmuni t.d. Nestlé (svissneskt-bandarískt), Unilever (enskt-hollenskt) og bandarísku risanna Monsanto, Swift og Kraftco. Í stærstu iðnríkjunum er ástand landbúnaðar með ýmsu móti; greinilega aukin samþjöppun í Bandaríkjunum. Kína á í vandræðum með að brauðfæða vel rúman milljarð manna, í Rússlandi hefur sjálfþurftarbúskapur og smámarkaðsstarf bjargað miklu en nú sjást þar merki um aukna framleiðslu, og mér er sagt að stórir hringar hafi mörg spjót úti á Indlandi þar sem smábúskapur hefur verið nær allsráðandi.

V Viðskipti milli landa með landbúnaðarvörur eru nauðsynleg og gagnleg svo lengi sem þau byggja á jafnræði milli aðila, sjálfbærni og hóflegri neyslukröfum í iðnríkjunum. Við viljum okkar kaffi, hveiti og appelsínur hér á Íslandi, jafnvel alvöru parmesanost með pastaréttinum. Þeir sem framleiða það mikið af þessum vörum að hægt er að flytja þær út með alvöru hagnaði fyrir framleiðendurna, eiga að hafa þess kost. Ljóst er hins vegar að markaður, laus við jafnræði eða sjálfbæra stefnu, stýrir ekki viðskiptunum almenningi til heilla. Það verður að gera með því að huga af heilindum að vistspori framleiðslu og flutnings þessara vara milli landa og móta stefnu sjálfbærni. Hún byggir á almennum grunni sem lýðræðisleg yfirvöld, landbúnaðargeirinn, samtök neytenda og inn- og útflytjendur sameinast um og tekur mið af t.d. mannréttindaskrá SÞ, nýjum þróunarmarkmiðum samtakanna, verndarmarkmiðum í loftslagsmálum og markmiðum um holla og næga matvöru. Þar gæti gilt að menn verða að sætta sig að hluta við ólíkt vöruframboð eftir árstíðum í helstu loftslagsbeltum jarðar.

Með einföldum orðum: Eigum við að neita okkur um fersku suður-amerísku bláberin í febrúar?

# MS með átak til styrktar tækjakaupum á Landspítalanum

**Annað árið í röð blæs Mjólkursamsalan (MS) til söfnunar á nýjum tækjabúnaði fyrir Landspítalann undir yfirskriftinni Mjólkin gefur styrk.**

Meðan á átakinu stendur skiptir D-vítamínbætt léttmjólk tímabundið um útlit og renna 30 kr. af hverri seldri fernu til tækjakaupa á spítalanum. Átakinu var hleypt af stokkunum á einni af skurðdeildum Landspítalans þar sem Ari Edwald, forstjóri MS, afhenti Páli Matthíassyni, fyrstu góðgerðarfernuna.

Á síðasta ári söfnuðust 15 milljónir og í framhaldinu var fest kaup á nýjum beinþéttnimæli en sá sem fyrir var var kominn til ára sinna og orðinn nær óstarfhæfur. Í ár er markmiðið að safna aftur 15 milljónum og verða þær nýttar til að stórbæta tækjabúnað og starfsaðstöðu á bæklunarskurðdeild Landspítalans. Til stendur að endurnýja skurðarborð og lyftara



**Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölunnar, afhendir Páli Matthíassyni, forstjóra Landspítalans, góðgerðarfernuna.**

sem léttir undir með skurðlæknum og -hjúkrunarfræðingum meðan á aðgerð stendur og mun hvort tveggja stórbæta vinnuumhverfi deildarinnar, starfsfólki sem og sjúklingum í hag. Þessi tækjakostur mun að auki flýta fyrir framþróun á deildinni en án stuðnings MS og íslenskra neytenda yrði ekki fjárfest í þessum búnaði fyrr en eftir fjögur ár.

Mjólkurfernan sem gefur styrkinn er D-vítamínbætt léttmjólk í ljósgulri fernu og í ár prýðir fernuna málverk eftir íslensku listakonuna Gunnellu sem ber heitið Auðhumla. Frá kúnni Auðhumlu streymdu fjórar mjólkurár sem nærðu jötuninn Ými en í túlkun listakonunnar reynast þær jafnframt prýðisgóðar laxveiðiár. Á nýju fernunni eru skýr skilaboð um átakið en að öðru leyti er varan nákvæmlega sú sama og sú sem fyrir er og hverfur af markaði í nokkrar vikur meðan á átakinu stendur. Með því að kaupa góðgerðarfernuna á sama verði og fyrr, geta neytendur hjálpað til við að styrkja gott málefni og lagt sitt af mörkum til að bæta tækjakost Landspítalans.

# Heitir dagar

## Fyrir heimilin í landinu

### Stílfögur eldhústæki frá AEG sem gera gott eldhús betra

**22% afsláttur af öllum AEG ofnum**









**2 LÍNAN**

*BE2000001-M*

*Fjölkerfa blástursofn án rafeindaklukku. Er sérstaklega einfaldur í notkun og umgengni. Litur: Stál.*
***Íslensk notendahandbók.***

*Rétt verð kr: 89.900,-*
***Heitir dagar: 70.120,-***

**3 LÍNAN**

*BE3002401-M*

*Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með innbyggðum kjöthitamæli. Litur: Stál og hvítur.*
***Íslensk notendahandbók.***

*Rétt verð kr: 109.900,-*
***Heitir dagar: 85.720,-***

**5 LÍNAN**

*BE5304401-M*

*Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hraðhitakerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Einnig fáanlegur með sjálfhreinsibúnaði. Litur: Stál, hvítur og svartur.*
***Íslensk notendahandbók.***

*Rétt verð kr: 139.900,-*
***Heitir dagar: 109.120,-***

**8 LÍNAN**

*BS831410S-M*

*Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og sjálfhreinsikerfi. Sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Litur: Stál.*
***Íslensk notendahandbók.***

*Rétt verð kr: 219.900,-*
***Heitir dagar: 171.520,-***

## 22% afsláttur af öllum AEG helluborðum




**SÉRTILBOÐ**
á þessu vinsæla 57 cm helluborði með stálkanti.

Verð áður kr. 89.900

**Verð nú kr. 69.900,-**

## 30-40% afsláttur af öllum háfum frá Airforce




### Eyjuháfar · Veggháfar

*Gott úrval af Airforce vegghάfum og eyjuháfum, sem eru annálaðir fyrir glæsilega hönnun og mikil gæði.*
*Háfarnir eru uppsettir hjá okkur, svo sjón er sögu ríkari.*

ormsson.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opið virka daga kl. 10-18
og á laugardögum
kl. 11-15.

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com



## Stjarna frá Kjarri er heiðursverðlaunahryssa ársins 2015:

# Eins og gott hross á að vera

**Stjarna frá Kjarri er eina hryssan sem hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi í ár. Eiganda Stjörnu, Helga Eggertssyni, verður því afhentur Glettubikarinn á ráðstefnunni Hrossarækt. Helgi segir Stjörnu alltaf hafa verið ætlað ræktunarhlutverk sem hún hefur nú skilað af sér með glæstum árangri.**

Stjarna frá Kjarri er fædd 1998, undan Gusti frá Hóli og Þrumu frá Selfossi. Ræktandi Stjörnu er skráður Garðar Einarsson en Helgi Eggertsson, hrossaræktandi í Kjarri, er eigandi hennar.

„Móðir Stjörnu, Þruma frá Selfossi, var í eigu félaga míns en var alltaf hjá mér. Ég tamdi hana að mestu, þjálfaði og sýndi og fékk síðan flest folöldin undan henni," segir Helgi en Þruma gaf af sér 17 afkvæmi, þar af átta fyrstu verðlaunahross. Helgi segir að Stjörnu hafi alltaf verið ætlað ræktunarhlutverk.



Maríuerla.



Spói.

„Ég hafði lengi haft áhuga á að eignast hross undan Gusti frá Hóli og því hélt ég, með samþykki Garðars, Þrumu undir hann og vonaðist eftir hryssu og fékk Stjörnu. Það voru nú meira gæðin en útlitið sem dró mig að Gusti en þegar ég fékk myndarlega hryssu, sem varð auk þess góð, var sjálfgefið að setja hana í ræktun."

Helgi segir Stjörnu hafa verið frá upphafi meðfærilegt hross.

„Hún hefur alltaf verið yfirveguð og látið lítið yfir sér. En fljótlega eftir að farið var að temja hana sýndi hún að hún var ekki bara þæg, heldur einnig viljug og sinnug. Hún var svona, eins og maður vill hafa góð hross."

Stjarna var sýnd í kynbótadómi árið 2003, þá 5 vetra, og hlaut hún jafnan og góðan dóm, 8,28 í aðaleinkunn, 8,39 fyrir sköpulag og 8,21 fyrir kosti.

### *Hélt Stjörnu oftast undir Stála*

Stjarna hefur nú í kynbótamati aðaleinkunnar 117. Hún hefur eignast tólf afkvæmi og hafa fimm þeirra hlotið kynbótadóm. Helgi segir afkvæmin eiga það sammerkt að sýna mikinn fótaburð og rými.

„Þau eru flest hágeng og viljug. Flest eru þau með gott tölt og skeið og sum með gott brokk, önnur síðra." Meirihluti afkvæma Stjörnu er samfeðra, sem verður að teljast nokkuð óalgengt.

„Ég er bara svo heppinn að eiga stóðhest sem mér finnst passa vel við hana," segir Helgi og vísar þar í heiðursverðlaunastóðhestinn Stála frá Kjarri.

„Þau eru bæði viljug og rúm á gangi. Hún er faxprúð með svera og sterka fætur á meðan Stáli er með granna fætur og síst þekktur fyrir prúðleika. Stjarna er hvergi með lægri einkunn en 8 í kynbótadómi og virðist vega upp Stála þar sem hann er lægstur í byggingu. Meðaltal afkvæmanna hefur því alltaf verið gott," segir Helgi en til gamans má geta að Stáli og Stjarna eru jafnaldrar og voru sýnd á sömu kynbótasýningu 5 vetra gömul.

Af afkvæmum Stjörnu hefur hæst dæmdi sonur hennar, stóðhesturinn Spói frá Kjarri, látið hvað mest á sér bera. Hann hefur komið fram í keppnum undir stjórn sonar Helga, Eggerts Helgasonar, með mjög góðum árangri. Tvö afkvæmanna voru seld utan en mörg efnileg afkvæmi undan Stjörnu eru enn ung og ósýnd.

### *Farsæl hrossarækt í Kjarri*

Hrossaræktin í Kjarri í Ölfusi á sér yfir 30 ára sögu, en fyrstu folöldin sem kennd voru við bæinn eru fædd árið 1983. Árlega fæðast 7–10 folöld á Kjarri og eru flest þeirra undan fyrstu verðlauna hrossum. Ræktunin er farsæl en hápunktur hennar var eflaust þegar fyrrnefndur Stáli hlaut heiðursverðlaun fyrir afkvæmi árið 2014.



Stjarna og Bliki.

„Við þekkjum vel bakgrunn allra hryssna sem við höfum í ræktun, og temjum þær sjálf. Stjarna er dæmi um það, en ég tamdi bæði mömmu hennar og ömmu." Hann segir vilja, rými og þjálni einkenna hross frá Kjarri. „Við höfum lagt áherslu á gott tölt og ræktun á alhliðahrossum og ræktum ekki vísvitandi klárhross."

### *Mikil breidd og fáir toppar*

Hjónin í Kjarri, Helgi og Helga, munu taka við Glettubikarnum á ráðstefnunni Hrossarækt sem haldin verður í Sprettshöllinni laugardaginn 7. nóvember næstkomandi. Þar verður hrossaræktarárið 2015 gert upp. Helgi telur árið hafa sýnt mikla breidd í íslenskri hrossarækt.

„Það sést á kynbótadómum og á afrekum keppnishross að góðum hrossum er að fjölga og breiddin eykst. Á móti kemur að færri hross reynast framúrskarandi enda erfitt að standa upp úr slíkri breidd gæðahrossa. Hrossaræktin er því á góðri leið. Við verðum hins vegar að passa upp á að hrossaræktin snúist ekki eingöngu um keppnishross, heldur líka um geðgóða og þjála hesta fyrir þá sem vilja ríða út sér til ánægju."

/GHP

## Afkvæmi Stjörnu frá Kjarri

| Nafn | Faðir | Kynbótamat | Sköpulag | Kostir |
|---|---|---|---|---|
| Vakning | Aron frá Strandarhöfði | 118 | | |
| Spói | Stáli frá Kjarri | 119 | 8,41 | 8,23 |
| Kjói | Stáli frá Kjarri | 112 | 8,35 | 7,55 |
| Krummi | Vilmundur frá Feti | 121 | | |
| Maríuerla | Þóroddur frá Þóroddsstöðum | 120 | 7,89 | 8,1 |
| Tildra | Stáli frá Kjarri | 119 | 7,93 | 8,4 |
| Starri | Stáli frá Kjarri | 118 | | |
| Máfur | Stáli frá Kjarri | 120 | 8,02 | 8,12 |
| Fálki | Sær frá Bakkakoti | 119 | | |
| Þruma | Jarl frá Árbæjarhjáleigu II | 121 | | |
| Glókollur | Stáli frá Kjarri | 118 | | |
| Bliki | Stáli frá Kjarri | | | |



Álffinnur frá Syðri-Gegnishólum hlaut lágmark til 1. verðlauna fyrir afkvæmi í ár. Hann er aðeins 8 vetra gamall en meðalaðaleinkunn dæmdra afkvæma hans er 8,06. Knapi er Olil Amble.

## Tveir stóðhestar í afkvæmaverðlaun

**Við uppfærslu kynbótamats í haust bættust tveir stóðhestar við lista þeirra sem uppfylla lágmörk til afkvæmaverðlauna.**

Til að hljóta 1. verðlaun þurfa stóðhestar að hafa 118 stig í aðaleinkunn kynbótadóms og eiga a.m.k. 15 dæmd afkvæmi. Álffinnur frá Syðri-Gegnishólum uppfyllir lágmörkin en hann er nú með 126 í aðaleinkunn kynbótamats og hafa 15 afkvæmi hans hlotið kynbótadóm. Auk þessa uppfyllir stóðhesturinn Natan frá Ketilsstöðum lágmark til afkvæmaverðlauna, en hann er með 122 stig í aðaleinkunn kynbótamats og 15 afkvæmi hans hafa hlotið dóm. Natan drapst árið 2012, þá 11 vetra gamall. Enginn stóðhestur uppfyllir lágmörk til heiðursverðlauna.


SUZUKI Way of Life!

Kr. 2.295.000




DYNAMO REYKJAVÍK

SUZUKI KINGQUAD 750AXPI

NÚ STOPPAR ÞIG EKKERT!

Þessi harðjaxl er með power stýri,
fjórhjóladrifi og með 100% driflæsingu.
Það er ekkert sem stoppar þetta hjól!

Suzuki umboðið ehf
Skeifunni 17
Sími 565 1725
suzuk@suzuki.is | suzuki.is

# Íslenskt kjarnfóður í öll mál

## Kjarnfóðrið frá Líflandi er íslensk framleiðsla






- Úrvals hráefni og aðföng.
- Framleiðsla samkvæmt ströngum gæðakröfum.
- Tæknivædd og nútímaleg fóðurverksmiðja.
- Vöruþróun í samstarfi við Trouw Nutrition í Hollandi.

- Kjarnfóðurtegundir fyrir allar aðstæður.
- Heysýnataka og fóðurráðgjöf með NutriOpt.
- Persónuleg og lausnamiðuð þjónusta.
- Skilvirk fóðurdreifing um allt land.

Allar nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Líflands

Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
Óseyri, Akureyri

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi

www.lifland.is
lifland@lifland.is

LÍFLAND

Fréttaskýring

## Aðgengi Íslendinga að vatni eru ómetanleg forréttindi á meðan stórveldin eru í stórkostlegum vanda:

# Risaverkefni í vatnsöflun með flutningi á heilu stórfljótunum á milli landshluta

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Vaxandi skortur er á neysluvatni víða um heim og gengið hefur verið illilega á vatnsbirgðir vegna óhóflegrar uppdælingar á grunnvatni. Stórvirki eru í gangi víða til að leysa úr vaxandi neyð í vatnsöflun. Það er eitthvað sem kann að þykja framandi hér á landi í þeirri gnægð drykkjarvatns sem Íslendingar hafa aðgang að.**

Það eru sannarlega gríðarleg forréttindi sem Íslendingar búa við í vatnsmálum. Það á bæði við vatn til hitunar húsa, raforkuframleiðslu og neyslu. Þetta er staðreynd sem flestir hugsa ekki svo mikið til dagsdaglega en er samt ómetanleg lífsgæði. Vatn er m.a. undirstaða landbúnaðar og alls lífs á jörðinni.

Allt tal um brokkgeng efnahagsmál eru í raun hjóm eitt við hliðina á þessum forréttindum sem eru langt frá því að vera sjálfsögð. Það hlýtur því að vera afar mikilvægt að stjórnvöld beiti bæði kjafti og klóm til að verja þá stöðu sem hér ríkir og kappkosti að koma í veg fyrir að spilla þeirri lífsnauðsynlegu auðlind sem vatnið er.

Það þarf ekki að leita ýkja langt til að sjá hvað aðrar þjóðir eru að glíma við í örvæntingarfullum tilraunum við að tryggja íbúum sínum hreint drykkjarvatn og áveituvatn. Þar eru í gangi framkvæmdir sem fáir hefðu getað ímyndað sér að þjóðir gerðu alvöru úr að ráðast í.

### *Vatnsviðsnúnings-risaverkefnið til að fóðra þéttbýlið í Kína*

Eitt þessara risaverkefna er Suður-Norður flutningskerfið, eða South-North Water Transfer Project í Kína. Það hefur einnig verið nefnt Suður-Norður vatns-viðsnúnings verkefnið. (Nánshuǐ Běidiào Gōngchéng). Hugmyndin að þessum vatnsflutningum er rakin til hins fallna formanns Mao Zedong í kjölfar vatnsskorts sem varð í norðurhéruðunum 1952.



Hugmyndin að þessum viðamiklu vatnsflutningum Kínverja er rakin til hins fallna formanns, Mao Zedong, í kjölfar vatnsskorts sem varð í norðurhéruðunum 1952.

Þetta verkefni snýst í raun um það að flytja gríðarlegt magn af vatni frá suðurhéruðum Kína nánast þvert yfir landið til norðurs með gríðarlegu lagnakerfi sem verður samtals um 1.264 kílómetrar að lengd. Um það er ætlunin að flytja í heild 44,8 milljarða rúmmetra af vatni árlega frá vatnasvæði Yangtze-árinnar í Suður-Kína um þrefalt skurða- og leiðslukerfi til Beijing-borgar og Tianjin-héraðs. Upptök vatnasvæðisins eru nærri Bauankala-fjalli.

Framkvæmdin átti upphaflega að kosta um 62 milljarða dollara. Það er meira en þrisvar sinnum meira en annað risaverkefni kostaði í Kína, þ.e. bygging Þriggja gljúfra stíflunnar og raforkuversins Gorges Dam. Verkefnið er þegar komið langt fram úr kostnaðaráætlunum því að á síðasta ári var þegar búið að eyða um 79 milljörðum dollara í vatnsflutningaverkefnið.

Vandinn snýst ekki bara um peninga, því umhverfisáhrif verða gríðarleg auk þess sem flytja þarf um 330 þúsund manns til nýrra heimkynna vegna framkvæmda við Danjiankou-vatnasvæðið.



Stíflumannvirki á miðleið Suður-Norður vatnsflutningsverkefnisins í Kína (South-North Water Transfer Project Central route). Upphafspunktur þessarar flutningsleiðar er við Taocha í Xichuan, Nanyang og Henan-héruðum. Mynd / Wikipedia.




Kort sem sýnir þetta risavaxna þrískipta vatnsflutningsverkefni. Þess má geta að upptakasvæði stórfljótanna í Kína er í sumum tilfellum líka upptakasvæði stórfljóta í öðrum löndum eins og Víetnam og á Indlandi.



Þetta er ekki hraðbraut, heldur manngerður farvegur fyrir stórfljót í Kína.



Suður-Norður vatnsflutningsverkefnið í Kína er sannarlega risavaxið á hvaða mælikvarða sem er.



Manngerður árfarvegur í gegnum þéttbýli í Kína.

Verkefnið er þrískipt, þ.e. svokölluð Austurleið, Miðleið og Vesturleið. Þann 12. desember 2014 var opnað fyrir miðhluta Suður-Norður vatns-viðsnúnings verkefnisins.

### *Austurleiðin*

Byrjað var á svokallaðri austurleið þessa verkefnis þann 27. desember 2002. Áætlað var árið 2008 að þessi leið myndi kosta um 254,6 milljarða yuan eða sem samsvarar um 67,4 milljörðum dollara. Yfirvöld höfðu fyrirfram áætlað að þetta verkefni myndi kosta sem svaraði um 7,9 milljörðum dollara.

Frá Yangtze-svæðinu á til að byrja með að veita um 400 rúmmetra á sekúndu (12,6 milljarðar rúmmetra á ári) um skurð í Jiangdu þar sem byrjað var að reisa dælustöð á níunda áratug síðustu aldar. Þaðan verður vatninu dælt um kerfi dælustöðva undir Guluá (Yellow River) og í uppistöðulón nærri Tianjin.

Austurleiðin á m.a. að veita vatni frá svokallaðri miðleið sem sækir vatn í Han-ána. Fer það svo um jarðgöng undir Guluá á landamærum Donping og Dong'e sýslna í Shandong-héraði. Svo fer það um leiðslur alla leið til Tinanjin. Jarðgöngin undir Guluá verða 9,3 metrar að þvermáli og fara niður á 70 metra undir árbotninn.

Flutningsleið vatnsins er rúmlega 1.152 kílómetrar og er vörðuð 23 dælustöðvum sem þurfa 454 megawött af raforku.

### *Miðleiðin*

Miðleiðin (Central rout) flytur vatn frá Danjiangkou-vatnasvæðinu í Hebei-umdæmi og um sléttur Norður-Kína. Þetta þýddi að bændur í Hebei-héraði hafa orðið að draga úr vatnsnotkun sinni. Verkefnið felur í sér að hækka þarf Danjiangkou-stífluna úr 162 í 176,6 metra yfir sjávarmáli. Þannig á að dæla vatni sem rennur í 157 metra hæð þannig að hægt sé að veita því um lagnakerfi í 170 metra hæð yfir sjávarmáli svo það geti runnið til höfuðborgarinnar Beijing.

Framkvæmdir hófust við Miðleiðina 2004 og var lokið við gerð 307 kílómetra veitumannvirkis á norðurenda leiðarinnar 2008. Mesta verkfræðiáskorunin við þennan hluta er talin vera gerð jarðganga undir Guluá. Verkefninu átti að ljúka 2010, en framkvæmdir við það voru enn í gangi á síðasta ári, m.a. vegna byggingar umhverfislegra varnarmannvirkja. Ein framtíðarhugmyndin er svo að gera göng frá Þriggja gljúfra stíflu til að veita vatni á Danjiangkou-vatnasvæðið sem augljóslega mun skorta vatn í framtíðinni.

### *Vesturleiðin enn á teikniborðinu*

Vesturleiðin mun vera enn á teikniborðinu, en umhverfissinnar hafa um hana miklar efasemdir. Henni er ætlað að veita vatni úr þrem hliðarám Yngtze-fljótsins (Tongtian, Yalong og Dadu) í gegnum risastórt stíflukerfi og skurði á vatnasvæði Guluár. Þaðan á að veita vatninu yfir Qinghai-háslettuna í Tíbet og vestur Yunnan-sléttuna. Um þetta kerfi á að veita um 3,8 milljörðum rúmmetra samtals um 450 kílómetra leið þvert í gegnum Bayankala-fjallgarðinn til Norðvestur-Kína.

Í raun er um að ræða að sækja gríðarlegt vatnsmagn á upptakasvæði sex stórfljóta sem eiga upptök í Suður-Kína. Þar á meðal er Mekong (Lancang) áin sem rennur til suðurs, Yarlung Zangbo-áin sem kallast Brahmaputra neðar á vatnasvæðinu, Salween eða Nu-áin og sjálf Guluá. Margar af þessum ám renna frá Kína í gegnum önnur lönd og hafa þar lykiláhrif. Þar er m.a. um að ræða Indland, Bangladesh, Myanmar, Laos, Taíland, Kambódíu og Víetnam.

Þetta umdeilda risaverkefni er þegar farið að valda áhyggjum og deilum í Kína. Sumarið 2013 kvörtuðu fiskibændur við Dingping-vatn að Austurleiðarverkefnið væri farið að valda þeim skaða. Það væri vegna þess að mengað vatn sem veitt væri þessa leið úr Yangtze-ánni væri farið að drepa fyrir þeim fisk í vatninu. Yfirvöld hafa jafnan mótmælt áhyggjum af verkefninu og segja að mikið meira en nóg sé af vatni í Yngtze-ánni og að 96% þess renni hvort sem er nær ónýtt í Kyrrahafið.

### *Stórkostleg vatnsflutningaáform Sovétríkjanna sem urðu að engu*

Forráðamenn gömlu Sovétríkjanna reyndu að keyra af stað hugmyndir um stórverkefni við að breyta vatnsrennsli fljóta í stórum skala. Þrátt fyrir meinta einræðistilburði, þá urðu ráðamenn í Kreml á endanum að lúta í lægra haldi fyrir almenningsálitinu og alþjóðapólitíkinni varðandi þessi áform, ólíkt stjórnvöldum í Kína. Kemur þetta vel fram í rannsóknarskýrslu Jürgen Salay númer 17 í ritinu „Uppsala Papers in Economic History“ frá1988.

Hugmyndir Sovétmanna gengu út á svokallað „Soviet Union River Diversion Project“ sem sett var í gang á árunum 1976 til 1986. Þá stóðu menn frammi fyrir því að þótt níundi hluti alls ferskvatns í heiminum væri að finna í stöðuvötnum



Vatnsyfirborð Aralvatns í Kasakstan í fyrrum Sovétríkjunum lækkaði um 10 metra á árunum 1961 til 1985 vegna uppdælingar og áveitu vatns á ræktarland. Síðan hefur vatnið minnkað stórlega og þessi mynd sýnir samanburð á vatnsyfirborðinu 1989 (til vinstri) og á árinu 2014 (til hægri). Fyrir 1960 var Aralvatn 68.000 ferkílómetrar. Það var orðið að fjórum minni stöðuvötnum árið 2004, samtals upp á 17.160 ferkílómetra. Það var komið niður í um 6.800 ferkílómetra eða í 10% af upphaflegri stærð árið 2007 og hefur minnkað mikið síðan. Er uppþornaður vatnsbotninn nú nefndur Aralkum-eyðimörkin. Mynd / NASA

Sovétríkjanna sálugu, þá dugði það ekki til í áætlunum um að stórauka landbúnað og þá ekki síst bómullarrækt sem útheimti mikla vökvun. Þar áttuðu menn sig á því að 84% af öllu ferskvatni í Sovétríkjunum rann ekki suður á hlýrri landsvæðin, heldur til norðurs í Norður-Íshafið og í Kyrrahafið í austri, þar sem það kom öllum áætlunarbúskapnum að engum notum. Aðeins 16% vatnsins rann því til þéttbýlli svæðanna í suðri og vestri þar sem um 75% landsmanna bjó og var undirstaða fyrir um 80% af hagkerfinu. Þar var einnig um 80% ræktarlandsins og besti jarðvegurinn. Úkraína var þar á meðal.

Á árinu 1980 voru notaðir 337 rúmkílómetrar af vatni í Sovétríkjunum. Þar af voru notaðir 177 rúmkílómetrar í áveitur á ræktarland, eða 53%. Um 52% þess lands var staðsett í Mið-Asíuhluta Sovétríkjanna og Kazakhstan. Árið 1990 voru uppi áætlanir um að vökva 23 milljónir hektara til viðbótar fyrir árið 2000, en það voru 19,6 milljónir hektara árið 1985.

### *Aralvatnið nánast þurrkað upp*

Til að hægt yrði að meira en tvöfalda áveituáformin var ákveðið að stórauka veitukerfi og uppdælingu úr Kaspíahafi, Azov-vatni og Aralvatni. Það átti að gera þrátt fyrir að frá 1961 til 1985 hafði vatnsyfirborð Aralvatns lækkað vegna uppdælingar um 10 metra. Þá komu upp hugmyndir um að veita vatni úr ám sem runnu til norðurs í öfuga átt til suðurs. Þessar hugmyndir voru svo sem ekkert nýjar af nálinni, því að á dögum Rússakeisara í byrjun síðustu aldar og fyrir byltinguna miklu höfðu menn verið með slíkar vangaveltur. Í dag er Aralvatnið nefnt eitt af verstu umhverfisslysum jarðar.

Seint á fimmta áratug liðinnar aldar kynnti vatnsverkfræðingurinn M. M. Davydov í Leningrad, áætlanir um að snúa rennsli ánna við. Svokallað Davydov-plan varð til sem miðaðist við að veita vatni úr ánni Ob í Síberíu og Yensey-ánni til suðurs í Aral- og Kaspíahaf. Þegar leið á sjötta áratuginn var undirbúningur hafinn við að veita vatni úr Pechora- og Vychegda-ánum í Evrópuhluta Rússlands og í ána Volgu og svo áfram í Kaspíahaf. Þessar framkvæmdir voru þó lagðar á hilluna, í bili að minnsta kosti, á miðjum sjö-






þessi skip sigla ekki lengur þar sem þau liggja á gamla sjávarbotni Aralvatns. Mynd / themeaningofwater

unda ártugnum.

### *Hert á áætlunum 1976*

Á 25. flokksþingi Sovétríkjanna árið 1976 var ákveðið að blása á ný í glæður vatnsflutningaverkefnisins með tíundu fimm ára áætlun ríkisstjórnarinnar 1976–1980. Um 120 vísindastofnanir komu þá að málinu. Rannsóknir og hönnunarverkefni héldu svo áfram í næstu fimm ára áætlun 1981 til 1985. Var reyndar samþykkt á 26. flokksþinginu 1981 að framkvæmdir við Evrópuhluta verkefnisins skyldi hefjast fyrir 1990. Árið 1984 var svo einnig samþykkt að halda áfram með Síberíuhluta verkefnisins sem vinna átti í tveim áföngum.

### *Allt slegið út af borðinu 1986*

Miklar deilur spruttu upp vegna þessara áforma, bæði innan Sovétríkjanna og utan þeirra. Fór svo að leiðtogar Sovétríkjanna neyddust til að bakka með áformin og voru þau endanlega slegin út af borðinu í ágúst 1986. Þrátt fyrir það var vísindamönnum fyrirskipað að halda áfram rannsóknum varðandi slíkar hugmyndir um mögulega vatnsflutninga í stórum stíl í framtíðinni. Enda sáu menn að full þörf yrði á að hressa aðeins upp á Aralvatnið.



Í Carlsbad í Kaliforníu er verið að reisa stærstu hreinsunarstöð á Vesturlöndum sem á að breyta sjó í drykkjarvatn í gegnum filtera í svokölluðu „reverse osmosis“-kerfi. Er ætlunin að stöðin verði komin í fullan rekstur á næsta ári, 2016. Mynd / Desalination Project

### *Drykkjarvatn unnið úr hafinu*

Í Kaliforníu er nú í gangi umdeilt verkefni sem felst í hreinsun á sjó sem ætlað er að leysa úr vatnsskortinum þar um slóðir.

Í Carlsbad í Kaliforníu er verið að reisa stærstu hreinsunarstöð á Vesturlöndum sem á að breyta sjó í drykkjarvatn í gegnum filtera í svokölluðu „reverse osmosis“ kerfi. Er ætlunin að stöðin verði komin í fullan rekstur á næsta ári, 2016. Stöðin er reist við hlið Encina-raforkuversins sem byggt var fyrir 50 árum á bökkum Agua Hedigonda-lónsins sem er spænska og merkir fúlavatn. Á hreinsunarstöðin að sinna byggðinni í San Diego-sýslu, eða um 10% af vatnsþörf svæðisins. Vatnið á að duga fyrir um 300.000 manns. Áætlað er að stöðin kosti um einn milljarð dollara og á að draga úr þörf fyrir að flytja vatn inn á svæðið eins og nú er gert. Það kemur einkum úr Colorado-ánni og með uppdælingu grunnvatns á því svæði sem og úr ám í norðurhluta Kaliforníu.

Stöðin á að skaffa að minnsta kosti 48.000 rúmekrur af vatni á ári (tæplega 71,2 milljónir tonna. Fyrir það á að greiða 2.000 dollara á rúmekruna (326.000 gallon eða tæplega 1,5 milljónir lítra) á ári í 30 ár. Það eru í heild um 96 milljónir dollara á ári. Mun þetta auka núverandi vatnsreikning íbúanna um 4–5 dollara á mánuði. Í áætlunum The Carlsbad Destilation Project á vefnum er talað um 50 þúsund gallona framleiðslu á dag til að byrja með.

Samkvæmt skýrslu International Desalination Association frá 2012 eru þegar starfræktar um 300 minni hreinsunarstöðvar í Bandaríkjunum og er um helmingur þeirra í Kaliforníu.

### *Þekkt aðferð og víða notuð*

Sú aðferð að eima drykkjarvatn úr sjó er aldagömul og er m.a. mikið notuð á skipum í dag. Fjöldi slíkra hreinsunarstöðva er starfræktur í dag til að anna vatnsþörf þéttbýlis víða um lönd. Um 60% af 12.500 stórum hreinsunarstöðvum eru staðsettar í Mið-Austurlöndum. Þar anna slíkar stöðvar um 70% af vatnsþörfinni en á takmörkuðum svæðum.

### *Vatnsskortur mesta ógn heimsbyggðarinnar*

Þrátt fyrir slíkar hreinsunarstöðvar þá hafa um einn sjötti hluti jarðarbúa ekki aðgengi að nægu drykkjarvatni samkvæmt skýrslu World Water Counsil. Samkvæmt skýrslunni „2015 World Economic Report on Global Risks“ er vatnsskortur eða „vatnskreppa“ mesta ógn heimsbyggðarinnar um þessar mundir. Er hættan af vatnsskorti þar metin meiri en ógna af völdum sjúkdóma, atvinnuleysis og hryðjuverka. Þá hafa samtök ábyrgra vísindamanna, „Union of Concerned Scientists“, ályktað að hlýnun jarðar með tilheyrandi þurrkum sé líklegt til að valda vaxandi vanda hvað vatnsskort varðar.

### *Mikið af salti og öðrum steinefnum fellur til við hreinsun*

Ekki eru allir umhverfisverndarsinnar hrifnir af þeirri vatnshreinsunarstöð sem verið er að reisa í Kaliforníu. Þeir benda réttilega á að við hreinsunina sé fellt út mikið magn af salti og ýmsum öðrum steinefnum sem ætlunin sé að demba beint í hafið aftur fyrir framan stöðina. Í rannsókn sem Pacific Institute gerði á starfrækslu vatnshreinsunarstöðva sem þegar eru í rekstri í Kaliforníu kom fram að losun salts í hafið frá stöðvunum hefði ekki umtalsverð áhrif á umhverfið. Önnur rannsókn sýndi aftur á móti fram á umtalsverð áhrif á líf fiska og annarra sjávardýra þar sem losunin fór fram. Um 13–15 vatnshreinsunarstöðvar eru þegar á teikniborðinu á svæðinu frá Los Angeles til San Francisco samkvæmt upplýsingum Association of California Water Agencies.

Það eru því ýmsar leiðir sem verið er að reyna að fara til að tryggja íbúum hinna ýmsu landa neysluvatn. Allt leiðir sem við Íslendingar höfum ekki einu sinni þurft að leiða hugann að fram að þessu. */HKr.*




Höfum tekið við umboði Topa sem bjóða meðal annars **glussafleyga og fleiri góð verkfæri sem** hafa áunnið sér gott orðspor hér á Íslandi á undan förnum árum.

Topa býður uppá **úrval verkfæra** og aukahluta, t.d. Klippum, Kröbbum og hinn þekkta Vibro-Ripper.

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • 221 Hafnarfjordur • Sími: 555 6670 • velanaust@velanaust.is

## Sviptingar í minkarækt og loðskinnaiðnaði:

# Íslenskir minkabændur bíða spenntir eftir næsta skinnauppboði í janúar

## – vonast til að mikil gæði framleiðslunnar hjálpi þeim við að standa af sér niðursveifluna

**Íslenskir minkabændur búast ekki við að viðsnúningur verði til hins betra á skinnamörkuðum heimsins fyrr en eftir eitt til tvö ár. Það sé því spurning hvaða þol minkabændur víða um heim hafa til að mæta svo langri niðursveiflu.**

Björn Halldórsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda (SÍL), segir að hrun hafi verið á verði minkaskinna á árinu 2014 sem hófst í september 2013.

„Á árinu 2014 varð um 40% lækkun á skinnaverði frá árinu áður. Það er erfitt að segja hvort eða hvenær botninum verður náð.

Ég er nokkuð viss um að meðalverð næsta árs eigi eftir að verða eitthvað lægra en það er á þessu ári. Það mun kannski eiga við árið 2017 líka. Erfitt er þó að fullyrða um þetta þar sem margir þættir hafa áhrif á verðmyndunina,“ segir Björn.

„Fyrst og fremst þá þarf framboð af minkaskinnum að minnka verulega mikið. Ásetningsdýrum í heiminum þarf að fækka verulega fyrir næsta ár svo kaupendur viti að þegar búið er að selja skinn sem nú er verið að framleiða, þá verði framboð og eftirspurn komið í miklu betra jafnvægi.

Það sem getur helst haft áhrif á þetta er að stöðugleiki náist í Kína sem líklega verður vegna samdráttar í efnahagskerfinu. Ef Rússland fer svo að taka við sér að nýju, eða að það verði kaldur vetur í Rússlandi og norðanverðri Asíu, þá gæti salan glæðst.“



Það er mikil spenna um hvaða mat íslenskir minkabændur fá á sín skinn á næsta uppboði sem haldið verður hjá Kopenhagen Fur í janúar. Myndir / HKr.



Björn Halldórsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda.



Skinnaflokkun hjá Kopenhagen Fur. Kanadískir minkabændur eru að fá mjög lágt verð um þessar mundir líkt og kínverskir og grískir bændur.

### *Mikil spenna ríkjandi fyrir næsta uppboði*

*– Nú talar þú um lækkun á meðaltalsverði. Íslenskir minkabændur hafa á undanförnum árum verið að skipa sér við hlið þeirra sem framleiða bestu og verðmætustu skinnin. Er staðan enn þannig?*

„Við vorum komnir í góða stöðu í gæðum, en síðasta ár hefur þó ekki verið eins gott, einkum hvað stærð skinna snertir. Við náðum því ekki að halda við þeirri framför sem búin var að vera hjá okkur mörg undanfarin ár. Í dag heyri ég þó á mönnum að staðan er miklu betri, allavega hvað stærð skinnanna varðar. Það er því mikil spenna hjá okkur um hvaða mat við fáum á næsta uppboði sem verður hjá Kopenhagen Fur í janúar, en síðasta uppboð þessa sölutímabils var í lok september. Einnig hvernig verðþróunin verður á markaðnum.“

### *Afkoman undir núlli*

*– Hefur niðursveiflan þá haft sömu áhrif á loðdýrabændur hér á landi eins og kollegana erlendis?*

„Verðniðursveiflan á markaði hefur vissulega áhrif á okkur. Árið 2015 verður gert upp með tapi hjá vel flestum minkabændum á Íslandi. Það var einnig tap á árinu 2014 þótt það væri ekki mikið. Þetta hefur gert það að verkum að íslenskir minkabændur hafa ekki haft eins frjálsar hendur fjárhagslega og var árin þar á undan. Ef verðið fer enn neðar, þá fer að herða verulega að, sérstaklega hjá þeim hluta bænda sem liggja undir meðaltalinu. Það er það sama og hefur verið að gerast í öðrum löndum. Það gæti því farið þannig að þeir verst settu hér á landi heltist úr lestinni.“

### *Líka spurning um úthald bankanna*

„Auðvitað ræðst það svo líka talsvert af því hvað bankarnir eru tilbúnir að skoða stöðuna af mikilli sanngirni. Ef bankarnir horfa á heildarmyndina og skoða okkar stöðu í samanburði við önnur lönd, þá er áhættan sem fólgin er í því að vera með fjármagn í loðdýrarækt á Íslandi ekki mikil. Það er ekki bara okkar mat, heldur kollega okkar í langflestum löndum heims. Þar erum við talin vera í hópi þeirra sem hafa hvað besta samkeppnisstöðu.

Bankarnir þurfa auðvitað að hafa trú á því að eftir tvö ár eða svo förum við að sjá breytingar til batnaðar. Sagan hefur líka sýnt það að við þurfum ekki nema eitt til tvö góð ár til að staðan snúist gjörsamlega við. Það þarf enginn að efast um að slíkt mun gerast. Maður óttast þó mest um þá sem eru tiltölulega nýlega byrjaðir í greininni og þekkja ekki þessar sveiflur. Öll okkar vinna undanfarin ár hefur miðast við að hjálpa mönnum til að lifa af svona högg þegar það kæmi. Að bændur hér komist upp á það plan að það verði margir framleiðendur í heiminum að hætta framleiðslu á undan okkur. Þá höfum við frekar möguleika á að þrauka.“

### *Niðursveiflan kom seinna en við reiknuðum með*

„Við sem erum búnir að vera lengst í þessu höfum svo oft farið í gegnum svona sveiflur að við þekkjum þær vel. Það er því fátt eða ekkert í stöðunni í dag sem hefur komið okkur á óvart. Það eina sem kom okkur kannski á óvart var hversu seint niðursveiflan kom. Við vorum búnir að spá henni miklu fyrr. Einnig að hún yrði miklu dýpri en hún virðist ætla að verða.“

### *Þjóðhagslega hagkvæmt*

„Ég tel að við höfum horft mjög raunsætt á stöðuna og vitum hvað þarf til að þetta gangi. Við vitum það líka að á síðustu fimm árum erum við búin að greiða samfélaginu allan þann stuðning sem við fengum þegar verst gekk. Það er í gegnum skattgreiðslur loðdýrabænda sem hafa verið mjög háar undanfarin ár vegna góðrar afkomu. Það er góð tilfinning.“

*– Þú vilt þá meina að þessi grein sé þjóðhagslega hagkvæm?*

„Já, til lengri tíma litið þá tel ég svo vera. Þá verður líka að horfa á það að við erum að vinna fóður úr hráefnum sem í flestum tilfellum eru vandræði að losna við. Það eru margvíslegar hliðarafurðir í matvælaframleiðslunni sem við erum að gera verðmæti úr. Slíkar aukaafurðir sem falla til við slátrun á þessu hausti væri t.d. erfitt að losna við ef við nýttum þær ekki. Meira að segja er orðið erfitt að losna við þurrkaða hausa í fiskvinnslunni. Úr þessu búum við til atvinnu og pening með okkar skinnaframleiðslu. Heildarmyndin er því einföld í mínum huga. Ef við horfum til skamms tíma, þá er útlitið dálítið svart, en bjart ef horft er til lengri tíma.

Okkar framleiðsla er þannig, bæði hvað varðar gæði og litasamsetningu og stærð skinna, að við verðum nálægt toppnum í afurðaverðmætum samanborið við önnur lönd. Þegar á móti blæs er það einfaldlega þannig að þeir eru fyrst slegnir af sem eru að fá lægsta verðið. Það er langt í að við lendum í sömu stöðu og bændur í þeim löndum sem eru hvað verst stödd.“

### *Grikkir Kínverjar og Kanadamenn í slæmri stöðu*

„Það er fyrst og fremst um Kína og Grikkland að ræða og síðan eru kanadískir bændur líka í skelfilegri stöðu. Þeir lökustu þar hafa verið að fá um 1.200 krónur að meðaltali fyrir sín skinn á meðan við erum að fá um 6.200 krónur. Lakast settu Kanadamennirnir eru því ekki að fá nema sem svarar rúmlega einum þriðja af fóðurkostnaðinum fyrir sín skinn. Svipuð staða er í Grikklandi.

Í Kína er verið að framleiða á allt öðrum forsendum en við gerum. Þeir nota hormón eins og þeim sýnist og geta haft dýrin tilbúin í pelsun miklu fyrr. Slík lyfjanotkun er bönnuð hér hjá okkur og víðast hvar á Vesturlöndum. Kínverjar eru í dag að selja sín skinn á 10 dollara eða minna, eða sem svarar um 1.200 krónum. Það er á sama tíma og vitað er að fóðurkostnaðurinn í Kína er á bilinu 2.500 til 3.000 krónur fyrir hvert dýr. Það liggur því fyrir hrun hjá bændum sem eru að framleiða á þessu verði. Hvort það dugar til að markaðurinn nái jafnvægi er ekki gott að segja, eins hversu hratt það gerist. Við þurfum að sjá fjölda ásetningslæða í heiminum fara úr um 25 milljónum og vel niður fyrir 20 milljónir.“

### *Miklir möguleikar í markaðssetningu*

Björn segir að mikið óunnið verk sé við markaðssetningu á minkaskinnum. Danir hafi verið í fararbroddi við að reyna að þróa markaðinn í Kína sem hafi enn ekki verið nýttur nema að litlu leyti. Snýst það markaðsstarf m.a. um að efla gæðamat Kínverja á skinnum og hækka þá um leið kröfur kaupenda þar í landi. Það mun síðan hjálpa þeim sem eru að framleiða bestu skinnin.

Hann segir að mikil hefð sé hins vegar í Kína fyrir pelsanotkun og Danirnir séu að vinna að því að beina þeirri hefð og eftirspurn yfir í lúxusvöru.

Björn segir að einnig sé verið að vinna að markaðsmálum í Kákasuslöndum eins og Kasakstan, Úsbekistan og víðar þar sem mikil hefð sé líka fyrir pelsanotkun.

„Til lengri tíma litið er ekkert sem bendir til annars en að pelsar verði áfram notaðir á þessari hefðbundnu pelsaslóð á norðurhveli jarðar.“

*-Hvað með Rússland, nú hafa þeir að verulegu leyti horfið af markaðnum sem öflugir kaupendur. Spilar viðskiptabannið þar inni í?*

„Nei, það hefur engin bein áhrif á sölu minkaskinna til þeirra. Málið er miklu fremur peningaleysi Rússa vegna lækkandi olíuverðs. Sem dæmi þá er heilt hérað, við hina þekktu loðdýraborg Kastoríu í Grikklandi, að gjalda fyrir minni umsvif Rússa. Nánast allir íbúarnir á þessu svæði í Grikklandi hafa lifað á því að framleiða minkaskinn og vörur úr þeim fyrir Rússa. Þetta hefur verið tiltölulega ódýr pelsavara, en í dag er þar algjör eyðimörk í skinnaframleiðslunni. Þar er nú hægt að fá flotta pelsa á góðu verði ef menn bara staðgreiða í seðlum. Þeir fást fyrir um einn tíunda af eðlilegu verði og því er þar algjört neyðarástand,“ segir Björn Halldórsson.

### *Hrikaleg staða í Grikklandi*

Kastoría er þekkt fyrir loðdýraframleiðslu sína sem stunduð hefur verið á svæðinu frá því á miðöldum. Auk þess að vera með umfangsmikla minkarækt, hafa skinnavöruframleiðendur á svæðinu keypt skinn frá Norður-Ameríku og Norðurlöndunum. Samkvæmt frétt NPR fyrr á þessu ári voru menn orðnir mjög óttaslegnir vegna versnandi stöðu greinarinnar á svæðinu. Yfir 60% af 35.000 íbúum Kastoríu höfðu þá haft atvinnu af minkarækt og skinnavinnslu í um 1.500 fyrirtækjum. Undanfarin 20 ár hafa Rússar keypt um 70% framleiðslunnar en eru nú að mestu horfnir úr kaupendahópnum. Ekki var óalgengt að bestu pelsarnir frá Kastoríu seldust á 10.000 dollara, en verðið nú er jafnvel komið vel niður fyrir 1.000 dollara. /HKr.



# Sláturfélag Suðurlands kynnir!



## Ærblanda SS - Óerfðabreytt kjarnfóður framleitt af DLG fyrir íslenska sauðféð

- Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hrápróteini
- Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika
- Inniheldur tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt
- Gott jafnvægi í steinefnum og snefilefnum
- Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum

\- 15 kg pokar / 750 kg sekkir




## Vitlick Soft Sheep - Bætiefnafata

- Steinefna- og snefilefnaríkt og hentugt með vetrarfóðrun
- Inniheldur A-vítamín, D-vítamín og E-vítamín
- Án kopars
- Hátt seleninnihald
- Inniheldur hvítlauk

\- 15 kg fata




## Salto får - Saltsteinn fyrir kindur

- Inniheldur stein og snefilefni
- Ekkert koparinnihald
- Inniheldur selen
- Inniheldur náttúrulegt bergsalt
- Má notast við lífræna ræktun

-10 kg steinn

Vitfoss

Hafið samband við sölumenn Sláturfélags Suðurlands um land allt.

Sláturfélag Suðurlands svf. · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Simi 575 6000 · www.ss.is

## Sauðkindin, forystufé og landnámshænan um borð í Bragðörk Slow Food:

# Ísland á flestar skráningar Norðurlandanna

### – viðurkenningar sem skapa ýmis tækifæri

**Stofnun Slow Food um líffræðilegan fjölbreytileika hefur samþykkt umsóknir Slow Food Reykjavík um skráningu á íslensku búfjárkynjunum sauðkindinni, forystufé og landnámshænunni um borð í Bragðörkina (Ark of Taste).**

Um þetta var tilkynnt upp úr miðjum októbermánuði síðastliðnum.

Í Bragðörkinni er safnað saman gæðamatvælum sem eru talin búa yfir menningarlegu verðmæti og séu í útrýmingarhættu; til að mynda búfjárkynjum, ávaxta- og grænmetistegundum, ostum, verkuðu kjöt- og fiskmeti og kornafurðum. Um 2.700 skráningar eru nú yfir matvæli í Bragðörkinni og eiga Íslendingar 13 þeirra – flestar Norðurlandanna. Íslenska mjólkurkýrin er í umsóknarferli, en áður hafa eftirfarandi matvæli og búfjárkyn fengið skráningu: íslenska geitin, kæstur hákarl, sólþurrkaður saltfiskur, hjallaverkaður harðfiskur (ýsa), hjallaverkaður harðfiskur (steinbítur), hangikjöt, hveraverkað salt, lúra, magáll og rúllupylsa.



Dr. Ólafur Dýrmundsson, fyrrverandi landsráðunautur Bændasamtaka Íslands.

Dr. Ólafur Dýrmundsson, fyrrverandi landsráðunautur Bændasamtaka Íslands, hefur haft veg og vanda af nokkrum umsóknanna. „Hin alþjóðlegu Slow Food-samtök, sem eru ítölsk að uppruna, hafa meðal annars á stefnuskrá sinni að stuðla að viðhaldi og verndun líffræðilegs fjölbreytileika. Þau beita til dæmis þeirri aðferð að veita sérstökum búfjárkynjum viðurkenningu með því að skrá þau og afurðir þeirra í svokallaða Bragðörk. Í framhaldi af henni er hægt að sækja um enn frekari viðurkenningu að uppfylltum frekari skilyrðum og færist þá búfjárkynið í Slow Food Presidia. Fyrir um áratug fór íslenska geitin, fyrst allra landnámskynjanna, í Bragðörkina og er nýlega samþykkt líka í Presidia. Í sumar var haldið áfram að sækja um viðurkenningu fleiri landnámskynja í Bragðörkina og bárust þau ánægjulegu tíðindi í október að búið væri að taka íslensku sauðkindina, íslenska forystuféð og íslensku landnámshænuna um borð og er þess vænst að íslenska mjólkurkýrin komist einnig fljótlega um borð í Bragðörkina.



Íslenska landnámshænan er komin um borð í Bragðörk Slow Food-hreyfingarinnar. Mynd / smh

Ég hef komið við sögu allra umsóknanna, fyrst fyrir geitina í samvinnu við Jóhönnu B. Þorvaldsdóttur á Háafelli fyrir um áratug og síðan á þessu ári fyrir hin kynin ásamt Dominique Plédel Jónsson og fleiri félögum í Íslandsdeild Slow Food,“ segir Ólafur.

*Ítarlegt umsóknarferli*

Hann segir að í umsókninni þurfi að gera allítarlega grein fyrir viðkomandi búfjárkyni, uppruna, útlitseiginleikum, afurðaeiginleikum, útbreiðslu, stofnstærð og bæði afurðum og afurðasemi. „Þá þarf að gera grein fyrir stöðu kynsins og afurða þess í landinu, hvort það sé í útrýmingarhættu eða geti lent í henni, til dæmis vegna samkeppni við innflutt búfjárkyn eins og hefur skeð um heim. Þá þarf sá Slow Food-félagi sem leggur fram slíka umsókn að gera grein fyrir persónulegum áhuga á viðkomandi kyni og afurðum þess. Slík greinargerð er sérlega ánægjuleg viðbót við rökstuðning fyrir verndun kynsins og þeim gæðaafurðum sem það gefur af sér,“ segir Ólafur. Hann bætir því við að hugmyndafræði Slow Food að baki bæði Bragðörkinni og Presidium sé byggð á veigamiklum undirstöðuþáttum sjálfbærrar þróunar, bændum og neytendum til hagsbóta. Hann segir að áður en umsóknirnar voru afgreiddar hafi fulltrúar frá Slow Food á Ítalíu komið til Íslands til að sjá viðkomandi landnámskyn og kynnast afurðunum af eigin raun.

*Viðurkenningar sem skapa ýmis tækifæri*

„Það er alþjóðlega viðurkennt að besta leiðin til að varðveita búfjárkyn og erfðaeiginleika þeirra sé að nýta þau til framleiðslu í landbúnaði. Þessi leið hefur verið farin hér á landi



Um 2.700 skráð matvæli og búfjárkyn eru í Bragðörkinni. Hér er fjöldi afbrigða af graskerjum. Mynd / smh

þar sem íslenskir bændur hafa búið við landnámskynin um aldir og hafa viðhaldið mikilli erfðafjölbreytni í þeim öllum og stundað ræktun þeirra flestra til mikilla og góðra afurða. Þar sem Slow Food tengir verndun erfðaefnis við nýtingu afurða, sem oft og tíðum eru mjög sérstakar eða jafnvel einstakar, geta viðurkenningarnar skapað ýmis tækifæri fyrir framleiðendur slíkra afurða, sérstaklega þegar neytendur geta keypt slíkar upprunamerktar vörur beint frá býli. Slow Food hvetur eindregið til fjölbreytni og leggur áherslu á staðbundna matarmenningu þar sem sérkennin fá að njóta sín og umfram allt að neytendur geti treyst því að vörurnar séu af tilteknum gæðum.

Ekki eru gerð skilyrði um lífræna vottun við framleiðsluna en þó er óheimilt að nota til dæmis fóður með erfðabreyttu hráefni við hana og mikil áhersla er lögð á góða dýravelferð. Þá kemur sér vel hve lítið er notað af lyfjum í íslenskri búfjárframleiðslu eins og greint var vel frá í síðasta Bændablaði. Bændur sem fá viðurkenningar Slow Food fá því kærkomin tækifæri til að auka verðmæti afurða sinna um leið og þeir stuðla að líffræðilegri fjölbreytni, og neytendur fá gæðavörur á sanngjörnu verði. Þar með geta skapast tækifæri á búvörumarkaði til að treysta betur tengsl bænda og neytenda,“ segir Ólafur um hugsanlegan ávinning af þessum skráningum.

Hann telur ekki hættu á að skráningarnar geti haft neitt neikvætt í för með sér. „Sú fjölbreytni sem þarna er verið að stuðla að er tvímælalaust til bóta og vegur að einhverju leyti gegn einsleitni í fæðuframboði massaframleiðslunnar í heiminum. Að mínum dómi geta hvorki bændur né neytendur skaðast á þeirri „grænu“ og umhverfisvænu hugmyndafræði sem einkennir Slow Food-samtökin. Þau eru hreint og beint að stuðla að fæðu- og matvælaöryggi í tengslum við bætta hollustu og matarmenningu,“ segir Ólafur. /smh


**Sveitasæla**

**Leitum að hjónum eða sambýlisfólki sem hefur áhuga á að flytja og búa á Kirkjubæjarklausti**

**Upplýsingar og meðmæli sendist á tungulax@internet.is**

- Vinna við ferðamennsku og fiskeldi
- Miklir framtíðarmöguleikar
- Íbúðarhúsnæði til staðar
- Aðeins 5 mín til Klausturs





STRÚKTÚR

Byggðu þinn STRÚKTÚR á traustum grunni

Stálgrindarhús - Yleiningar - Límtré



www.STRUKTUR.is

Við finnum lausn sem hentar Þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ | Sími: 696 0008 & 860 0264 |


## Fræðadagur BsA og RML 7. nóvember 2015 Í Valaskjálf, Egilsstöðum:

# Bændur úr öllum búgreinum hittast á Austurlandi

**Hugmyndina að fræðadegi á Jóhann G. Jóhannsson, Breiðavaði sem er í stjórn Búnaðarsambands Austurlands og er þessi dagskrá hugsuð sem innlegg fyrir bændur á Austurlandi til að koma saman, sækja sér fræðslu sem og að miðla sín á milli.**

Frá upphafi var ákveðið að hafa efni fræðadags þannig að það höfðaði til allra bænda en ekki bænda innan ákveðinna búgreina. Þannig er hægt að skapa vettvang þar sem



þeir hittast þvert á búgreinar og eiga það sameiginlegt að stunda búskap á Austurlandi. Framtakinu er ætlað efla félagsvitund félagsmanna og fræðslustarf innan samtakanna. Stjórn BsA hyggst gera fræðadaginn að árlegum viðburði.

Kvöldskemmtun í tengslum við fræðadaginn er liður í að gera sér dagamun og skemmta gestum. Viðburðurinn er öllum opinn.

Fundarstjóri verður Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. /VH

DEKKJASALA AKUREYRAR

## Úrval hjólbarða á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.

Milwaukee Handverkfæri





15%
afsláttur af öllum dekkjum
til 30. nóvember 2015

Beinn innflutningur til Akureyrar

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4126

MOTUL Smurþjónusta

DEKKJASALA AKUREYRAR (Jason ehf.)

Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta -
Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350



## SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star




**Arctic star sæbjúgnahylki** innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki fást hjá Lyfju og Apótekniu.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618



## Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir




MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is



www.n1.is facebook.com/enneinn

## Þú færð vetrardekkin hjá okkur

MICHELIN Quality Dealer 2015



### Grípandi munstur

**Michelin Alpin A5**
er mikið skorið, naglalaust
og endist þér aukavetur.

COOPERTIRES



### Hörkugrip án nagla

**Cooper SA2**
er óneglanlegt og míkróskorið
fyrir mýkri vetrarakstur.

KUMHO TYRES



### Öruggt og neglanlegt

**Kumho WI31**
mikið skorið og frábært
í hálku sem snjó.

ÍSLENSKA SIA.IS ENN 76340 10/15

**N1 bílaþjónusta**
s. 440 1120

**N1 verslun**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Höfn** s. 478 1940 • **Klettagarðar** s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293

N1

### Sérfræðingar vara við auknu sýklalyfjaónæmi:

# Of mikil notkun sýklalyfja getur leitt til þess að þau verða gagnslaus

## – Norðurlöndin ættu að setja sér markmið um að draga hratt úr notkun sýklalyfja

**Í lok ágúst árið 2013 báðu framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar og ráðherrar heilbrigðismála á Norðurlöndum Bo Könberg um að taka saman skýrslu um aukið samstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum. Tillögurnar áttu að vera þess eðlis að hægt væri að hrinda þeim í framkvæmd á næstu fimm til tíu árum. Bo skilaði skýrslunni um mitt síðasta ár en ein af ályktunum hans er að gera þurfi átak á heimsvísu vegna aukins sýklalyfjaónæmis. Eftirfarandi texti er fenginn að miklu leyti úr skýrslu Bo Könberg, „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“.**

Bo Könberg er frjálslyndur, sænskur stjórnmálamaður. Á árunum 1991–1994 var hann heilbrigðis- og almannatryggingaráðherra í Svíþjóð og stjórnaði þá endurbótum á sænska ellilífeyriskerfinu. Könberg hefur tekið þátt í ýmsum úttektum á velferðarmálum í Svíþjóð.

*Drögum úr notkun sýklalyfja*

Meginniðurstaða skýrslunnar varðandi sýklalyfjaónæmi er að vinna þurfi markvisst og grípa til róttækra aðgerða gegn vaxandi sýklalyfjaónæmi og ónæmi gegn lyfjum gegn berklum og malaríu.



**Bo Könberg. Hann vill meðal annars banna dýralæknum innan Evrópusambandsins að hagnast á sölu sýklalyfja.** Mynd: Norden.org

Notkun sýklalyfja í mönnum er að meðaltali minni á Norðurlöndum en í öðrum hlutum Evrópu og hlutdeild norrænu landanna er lítil á heimsvísu. Mat Könberg var að Norðurlöndin ættu að setja sér sín eigin markmið um að draga hratt, það er að segja á næstu fimm árum, úr notkun sýklalyfja þannig að hún verði á við það sem lægst gerist í Evrópu, sem um þessar mundir er í Hollandi.

Í skýrslunni sagði enn fremur að Norðurlönd ættu að beita sér fyrir því á vettvangi Evrópusambandsins, Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna að sem fyrst verði hrint í framkvæmd áætlun sem miðar að því að draga úr þeirri óeðlilega miklu notkun sýklalyfja sem nú tíðkast, að því að efla kerfi og samstarfshætti sem geta stuðlað að þróun nýrra sýklalyfja og að því að veita verðlaun fyrir slíka þróun.

*Eftirfarandi þrír þættir ættu að vera með í áætluninni:*

• Að gerð verði krafa um lyfseðla í þeim löndum þar sem heilbrigðiskerfið er nógu þróað til að það sé hægt og að tekið verði fyrir aukagreiðslur til lækna og sjúkrahúsa sem ávísa sýklalyfjum. Einnig að tekið verði fyrir að dýralæknar selji sjálfir sýklalyf sem þeir ávísa.

• Öll lönd ættu að setja reglur og markmið um að draga úr eigin notkun.

• Auka þarf hvata til þróunar nýrra sýklalyfja. Ríku löndin ættu að veita 15 milljörðum sænskra króna árlega á næstu fimm árum í það að efla kerfi og skipuleggja samstarf sem getur stuðlað að þróun nýrra sýklalyfja og í það að verðlauna þá sem finna upp og þróa ný lyf af þessu tagi.

*25 þúsund dauðsföll í Evrópu leidd til sýklalyfjaónæmis*

Þróun og fjöldaframleiðsla pensillíns og annarra sýklalyfja er á meðal helstu uppfinninga 20. aldarinnar. Þessi uppgötvun var gerð fyrir rúmlega 80 árum og árið 1945 voru Nóbelsverðlaunin í læknisfræði veitt fyrir hana. Einn verðlaunahafanna, Sir Alexander Fleming, varaði í þakkarávarpi sínu við því að of mikil notkun sýklalyfja í framtíðinni gæti leitt til þess að þau yrðu gagnslaus. Slík ofnotkun hefur verið stunduð lengi og ónæmið hefur fylgt henni.

Árið 2013 mátti rekja að minnsta kosti 25 þúsund dauðsföll í Evrópu til vaxandi ónæmis fyrir sýklalyfjum. Um það bil jafnmargir létust í umferðarslysum í Evrópu sama ár. Í Bandaríkjunum er áætlað að meira en 23 þúsund manns hafi látist af sömu orsökum. Ofan á þetta bætist að þróun nýrra sýklalyfja hefur í raun og veru stöðvast. Fram til ársins 1970 bættist á þriðja tug sýklalyfja við. Eftir það hafa tvö ný lyf komið til sögunnar, hvorugt þeirra þó eftir árið 1987, segir í skýrslu Könberg.

Eftir því sem best er vitað eru engin ný lyf í vændum og miðað við hvernig þróunin lítur út eru litlar líkur á að ný lyf komi til sögunnar á næstu tíu árum að mati Könbergs.

*Heilbrigðiskerfið háð sýklalyfjum*

Ónæmi gegn sýklalyfjum veldur miklum vanda í heilbrigðiskerfinu vegna þess að heilbrigðiskerfi nútímans er algerlega háð sýklalyfjum. Könberg heldur því fram að sú þróun sem þegar er hafin og verði sífellt meira áberandi í framtíðinni sé aukin dánartíðni vegna sýkinga. Dauðsföllin geta til dæmis verið af völdum sára eða meiðsla eftir umferðarslys og einnig sýkinga á borð við lungnabólgu eða þvagfærasýkinga sem nú á dögum er litið á sem hættulausar vegna þess að hægt er lækna þær með sýklalyfjum. Ófært eða mjög áhættusamt verður að framkvæma margar líffæraígræðslur og skurðaðgerðir vegna þess að sýklalyf eru gefin bæði í fyrirbyggjandi skyni og eftir aðgerðir. Þegar glímt er við sjúkdóma sem veikja ónæmiskerfið, til dæmis krabbamein eða HIV smit, er algengasta dánarorsökin óviðráðanleg sýking.

Ofnotkunin á Norðurlöndum og í Evrópu er að öllum líkindum minni en í Kína, á Indlandi og í Bandaríkjunum. Engu að síður verður að draga úr henni, bæði til þess að leggja af mörkum til þess að draga úr vexti ónæmisins og til þess að geta unnið af enn meiri krafti að því að fá aðra heimshluta til að draga úr sinni notkun.

*Sýklalyfjanotkun í landbúnaði*

Fyrir utan ofnotkun á sýklalyfjum hjá mannfólkinu eru þau einnig notuð í miklum mæli í dýraeldi. Sýklalyfin eru hvort tveggja notuð gegn sýklum og af viðskiptalegum ástæðum í því skyni að auka vöxt. Síðarnefnda notkunin er ekki lengur leyfð innan Evrópusambandsins en leyfilegt er að gefa sýklalyf til að fyrirbyggja sjúkdóma og þar eru mörkin nokkuð óljós. Svíþjóð er dæmi um hvernig hægt er með góðum árangri að draga úr notkun sýklalyfja á dýrum. Í Svíþjóð hefur sýklalyfjagjöf til dýra minnkað um meira en þriðjung á síðustu sex árum og er nú líklega sú minnsta í Evrópusambandinu. Þetta hefur tekist með því að að beita aðgerðum til að bæta dýraeldi og hreinlæti. Notkunin er enn minni á Íslandi og í Noregi.

Þrátt fyrir að sameiginlegar reglur gildi í Evrópusambandinu um hvernig gefa eigi dýrum sýklalyf er enn mikill munur á löndunum. Í sumum aðildarlöndum Evrópusambandsins mega dýralæknar sjálfir selja þau sýklalyf sem þeir ávísa. Þetta getur leitt til þess að lyfjum verði ávísað oftar og í of miklu magni og það þarf að stöðva. Að mati Könbergs þarf að banna dýralæknum innan Evrópusambandsins að hagnast á sölu sýklalyfja. Munurinn á notkun sýklalyfja á dýr milli einstakra Evrópusambandsríkja er einnig mjög mikill eins og fram kom í umfjöllun Bændablaðsins þann 22. október sl.

*/ Heimild: Skýrsla Bo Könberg, Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum, www.norden.org/is/utgafa*


**VATNSKOT 2 Í ÞYKKVABÆ**



Til sölu er jörðin **Vatnskot 2 í Rangárvallasýslu**. Landstærð er um 63 hektarar, þar af er ræktun um 14 hektarar og garðlönd um 12 hektarar.

Á jörðinni er **145 fm íbúðarhús, 80 fm bílskúr, 61 fm geymsla** og **2 garðávaxtageymslur, önnur 171 fm** og **hin 272 fm.**

Á jörðinni hefur verið stunduð kartöflurækt. Fjarlægð frá Reykjavík er um 105 km, bundið slitlag alla leiðina. Nánari upplýsingar og myndir á **www.fannberg.is** og á skrifstofu.

**FANNBERG FASTEIGNASALA EHF. sími: 487-5028**
**Guðmundur Einarsson lögg. fasteignasali**






**Við höfum hafið sölu á Wood-Meizer stórviðarsögum.**
Sagirnar eru af ýmsum stærðum, rafknúnar, dísilknúnar eða gasknúnar.
Fáanlegar á fótum eða hreyfanlegar á hjólum. Sögunarþvermál upp í 95 cm.
allt eftir vélastærðum. Sögunarlengd upp í 8,4 m. allt eftir vélastærðum.
Sjá nánar vörubæklíng Wood-Meizer á heimasíðu okkar www.buvis.is.
**Hafið samband við sölumenn Búvís fyrir frekari upplýsingar.**

Búvís Akureyri
Búvís ehf · Akureyri
Sími 465 1332
**www.buvis.is**


### Vandamál sem gengur þvert á landamæri:

# Norrænir ráðherrar taka höndum saman gegn sýklalyfjaónæmi

**Ráðherrar heilbrigðismála og matvæla á Norðurlöndum ætla að taka höndum saman í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi. Meðal annars koma Norðurlöndin nú á fót stefnumótunarhópi sem á að efla samstarf Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi þvert á landamæri og fagsvið. Markmiðið er að notkun sýklalyfja verði minni á Norðurlöndum en annars staðar í Evrópu.**

Heilbrigðisráðherrar og matvæla- og landbúnaðarráðherrar aðildarlanda Norrænu ráðherranefndarinnar gáfu út sameiginlega yfirlýsingu í september sl. sem á að efla samstarf Norðurlanda um sýklalyfjaónæmi og gera löndunum kleift að tala einum rómi út á við, til dæmis í Evrópusambandinu.

Eva Kjer Hansen, umhverfis- og matvælaráðherra Danmerkur, er ánægð með að kominn sé norrænn grundvöllur sem hægt sé að byggja samstarfið um sýklalyfjaónæmi á.

„Við höfum góða reynslu af því á Norðurlöndum að halda sýklalyfjanotkun í landbúnaðinum á lágu og ábyrgu stigi því við vitum að notkun þeirra getur leitt til þróunar ónæmra sýkla. En sýklalyfjaónæmið er vandamál sem gengur þvert á landamæri og þess vegna viljum við miðla af reynslu okkar þannig að hægt sé að takast á við vandann á alþjóðavettvangi,“ segir Eva Kjer Hansen.



**Norrænir ráðherrar ályktuðu um samstarf í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi.**
Mynd: Vita Thomsen/Norden.org

norden

*Hvað er til ráða gegn auknu sýklalyfjaónæmi?*

Í september síðastliðinn efndi Norðurlandaráð til málþings í sænska þinginu með yfirskriftinni „Hvernig stendur baráttan gegn auknu sýklalyfjaónæmi og hvað er til ráða?“ Þar kom saman fjöldi sérfræðinga sem allir voru á einu máli um nauðsyn þess að grípa til aðgerða í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi, og það fyrr en seinna. „Pólitískur vilji er fyrir hendi, en það gengur alltof hægt,“ sagði Annicka Engblom, formaður borgara- og neytendanefndar Norðurlandaráðs.

Á vefsíðu Norðurlandaráðs var vitnað í Otto Cars, prófessor í smitsjúkdómum við háskólann í Uppsölum. Hann er þekktur fyrir baráttu sína gegn sýklalyfjaónæmi og hefur meðal annars lagt til að hið opinbera fjárfesti í rannsóknum til að tryggja að rannsóknastarfið stjórnaðist ekki af sjónarmiðum hagnaðar. „Nauðsynlegt er að rjúfa tengsl rannsóknastarfs og söluhagnaðar í þróun nýrra sýklalyfja gegn ónæmum bakteríum,“ sagði Otto en hann galt varhug við stöðunni í dag, en ónæmum bakteríum fjölgar stöðugt. Hann lagði áherslu á að aukinnar alþjóðlegrar samhæfingar væri þörf í yfirstandandi aðgerðum gegn sýklalyfjaónæmi. Auk þess væri þörf á alþjóðlega bindandi samningum.

# Berum ábyrgð á eigin heilsu

Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði býður upp á fjölbreytta dagskrá og námskeið sem eru öllum opin Allar nánari upplýsingar á heilsustofnun.is

**Komdu með** – hressandi námskeið
10. – 17. janúar 2016

**Sorgin og lífið** – ástvinamissir og áföll
21. – 28. febrúar 2016

**Heilsudagar** í desember
Nánar á heilsustofnun.is

**Líf án streitu** – lærðu að njóta lífsins
7. – 14. febrúar 2016

**Samkennd** – að styrkja sig innan frá
13. – 20. mars 2016

**Gjörhygli** Núvitund – Mindfulness
18. nóv – 14. des. 2015

Heilsustofnun NLFÍ
Grænumörk 10 – 810 Hveragerði
Sími 483 0300 – heilsa@heilsustofnun.is

**B&B Guesthouse**
Á leiðinni til útlanda?
Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu
2 manna herbergi 9.900 kr
Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

**Smíðum bíllykla**
Smíðum og forritum flestar gerðir bíllykla
Tímapantanir óþarfar
Stofnað 1988
Neyðarþjónustan
Lásasmiðurinn
Skútuvogur 11 • s: 510-8888

**Bændablaðið** Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 19. nóvember

**Sígildir klossar**
Ábyrgjumst gæði
praxis ... þegar þú vilt þægindi
3ja laga Softshell fyrir dömur og herra í 5 litum
Verð 21.900
Teg. 45010
Litir: Blátt/Rautt/Silfur/Lilla
Str. 36-42
Verð 17.990
Teg. 01011
Litir: Hvítt
Str. 36-48
Verð 17.990
Praxis.is
Pantið vörulista
Teg. 00045
Litir: Hvítt
Str. 35-42
Verð 13.900
00314 - Boston
Litir: Svart/-Hvítt
Str. 36-48
Verð 12.900
Teg. 51143
Litir: Hvítt/Svart
Str. 35-46
Verð 16.900
Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opið mán., mið. og fös. 11:00-17:00, þri. og fim. 11:00-15:00, lokað laugardaga.

**Kanarí** með Guðna Ágústsyni
Guðni Ágústsson fyrrverandi ráðherra hefur gengið til liðs við Ferðaskrifstofuna VITA og mun ásamt Margréti Hauksdóttur eiginkonu sinni stýra dagskrá skemmtilegra daga í sólinni á Kanarí.



Verð frá 133.900 kr.*
og 12.500 Vildarpunktar
á mann m.v. 2 í íbúð á Las Camelias
4. janúar í 12 nætur.
*Verð án Vildarpunkta 143.900 kr.

**Ferðir:**
4. - 16. jan. 12 nætur/ örfá sæti laus
4. - 26. jan. 22 nætur/ örfá sæti laus
16. jan. - 2. feb. 17 nætur. / aukaferð / laus sæti

Flogið með Icelandair
Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444
VITA er lífið

**BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR**
Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.
Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi
Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is




Ferðamálaþing 2015 var haldið í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri í liðinni viku og sóttu það um 350 manns. Myndin er frá pallborðsumræðum á þinginu. Mynd / Halldór Arinbjarnarson

Um 350 manns á Ferðamálaþingi:

# Stefnumótun svæða, stjórnun og skipulag í brennidepli

**Um 350 manns sóttu árlegt Ferðamálaþing sem að þessu sinni var haldið í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Ferðamálastofa hélt þingið en yfirskriftin í ár var Stefnumótun svæða – stjórnun og skipulag.**

Þingið hófst með ávarpi ráðherra ferðamála, Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. Tveir erlendir fyrirlesarar héldu erindi á þinginu og hlutu góðar undirtektir. Frá Nýja-Sjálandi kom C. Michael Hall, sérfræðingur í stefnumótun og skipulagningu áfangastaða og prófessor við University of Canterbury. Er hann almennt talinn einn virtasti fræðimaður á sviði ferðamálafræði í heiminum í dag. Frá Skotlandi kom Thomas Riddell Graham, einn af stjórnendum Visit Scotland, þar sem hann ber meðal annars ábyrgð á svæðisbundinni þróun, gæðamálum og upplýsingaveitu.

*Stefnumótun svæða og sveitarfélög*

Innlendu fyrirlesararnir komu víða að, bæði frá opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum. Markmiðið var að leiða fram sem flesta þætti sem hafa þarf í huga þegar stefnumótun svæða er annars vegar og beina sjónum að þeim tólum og tækjum sem sveitarfélög og aðrir skipulagsaðilar hafa úr að spila þegar stefnumörkun fyrir ferðaþjónustuna er annars vegar.

*Kortlagning auðlinda*

Meðal annars kynnti Ferðamálastofa nýtt tól í þessu samhengi sem gengið hefur undir nafninu Kortlagning auðlinda íslenskrar ferðaþjónustu. Miðar það að því að kortleggja, með aðstoð landfræðilegra upplýsingakerfa, mögulega viðkomustaði ferðafólks og helstu innviði svæða í samstarfi við heimafólk og greina þannig meðir myndrænum hætti hvar auðlindir ferðaþjónustunnar og tækifæri liggja til framtíðar. Efni frá þinginu er aðgengilegt á vef Ferðamálastofu, ferdamalastofa.is. /MÞÞ

# Skagafjörður er gæðaáfangastaður Íslands 2015

## – á toppnum í samkeppni þar sem þemað var matartengd ferðaþjónusta og Skaftárhreppur var í öðru sæti

**Ferðamálastofa er fyrir Íslands hönd aðili að Evrópska EDEN-verkefninu, sem stendur fyrir „European Destination of Excellence“.**

Markmið verkefnisins er að vekja athygli á gæðum, fjölbreytileika og sameiginlegum einkennum evrópskra áfangastaða og kynna til sögunnar nýja, lítt þekkta áfangastaði vítt og breitt um Evrópu þar sem áhersla er lögð á ferðaþjónustu í anda sjálfbærni.

*Matartengd ferðaþjónusta þema ársins*

Af þessu tilefni er haldin samkeppni um gæðaáfangastaði í Evrópu annað hvert ár með nýju þema í hvert sinn, en þema ársins 2015 var matartengd ferðaþjónusta. Sérstök valnefnd fór yfir þær umsóknir sem bárust frá íslenskum áfangastöðum og voru viðurkenningar afhentar á Ferðamálaþinginu á Akureyri þann 28. október síðastliðinn. Þá fá þau verkefni sem urðu í tveimur efstu sætunum boð um þátttöku á sérstakri verðlaunaathöfn í Brussel nú í desember þar sem saman koma verðlaunahafar frá öllum þátttökulöndum.

*Matarkistan Skagafjörður ruddi veginn*

Eftir yfirferð umsókna ákvað valnefnd EDEN-verkefnisins á Íslandi að útnefna Sveitarfélagið Skagafjörð sem gæðaáfangastað Íslands 2015 fyrir verkefnið Matarkistan Skagafjörður.

Í niðurstöðu valnefndar segir: „Matarkistan Skagafjörður á sér langa sögu og fyrsta samstarfsverkefni sinnar tegundar á sviði matartengdrar ferðaþjónustu hér á landi. Má því segja að verkefnið hafi rutt veginn og undirbúið jarðveginn fyrir önnur slík verkefni víða um land og sé því sannkallað frumkvöðlaverkefni. Afurðir verkefnisins hafa verið margar og fjölbreyttar í gegnum tíðina, en þar má m.a. nefna árlega Hrossaveislu, fyrirlestra og námsefni á vegum Hólaskóla og matreiðslubókina Eldað undir bláhimni. Nefndin telur verkefnið vel að heiðrinum komið og vonast til að tilnefningin verði til að efla enn frekar matartengda ferðaþjónustu í Skagafirði, sem og á landinu öllu.“

*Skaftárhreppur – Hvað er í matinn?*

Annað sætið hlaut Skaftárhreppur fyrir verkefnið Hvað er í matinn? Í niðurstöðu valnefndar segir: „Hvað er í matinn? er afar áhugavert og metnaðarfullt verkefni sem nefndin telur eiga góða möguleika á að vaxa og dafna. Sérstaklega athygli vekur sú áhersla verkefnisins að endurverkja gamlar matarhefðir á svæðinu og efla atvinnulíf með því að þróa frekari fullvinnslu afurða í heimabyggð. Gott dæmi um þetta eru nýstofnað handverkssláturhús á Seglbúðum og endurvakning gamalla hefða við vinnslu og neyslu melgresis. Nefndin telur fullvíst að spennandi verði að fylgjast með framþróun þessa metnaðarfulla verkefnis á næstu misserum.“



Frá vinstri á myndinni eru Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, verkefnastjóri svæðisbundinnar þróunar hjá Ferðamálastofu, Þorbjörg Ása Jónsdóttir frá Skaftárhreppi, Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri, Laufey Haraldsdóttir frá Háskólanum á Hólum og Laufey Skúladóttir frá Sveitarfélaginu Skagafirði.

*Hvatningarstyrkur*

Þar sem tilnefningu frá EDEN-verkefninu fylgir ekki stuðningur í formi fjármagns, hefur Ferðamálastofa ákveðið að veita sk. hvatningarstyrk til Matarkistunnar Skagafjarðar að upphæð kr. 250.000 til undirbúnings á matartengdum ferðapakka um Skagafjörð. /MÞÞ

# Norðursigling hlaut Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu

**Norðursigling á Húsavík er handhafi Umhverfisverðlauna Ferðamálastofu 2015.**

Ráðherra ferðamála, Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar og viðskiptaráðherra, afhenti verðlaunin á Ferðamálaþingi í Hofi á Akureyri í liðinni viku. Verðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 1995 og er þetta því 21. árið í röð sem verðlaunin eru veitt. Verðlaunagripurinn er skúlptúr eftir Aðalstein Svan Sigfússon myndlistarmann. Hugmynd listamannsins að baki gripnum er að hann sé ör sem vísi upp á við til glæstrar framtíðar. Gripurinn er unninn úr íslensku gabbrói og lerki. Óunni hluti píramídans stendur fyrir ósnortna náttúru sem við viljum varðveita sem lengst.

„Óvíða í atvinnulífinu eru umhverfismálin í meiri forgrunni en í ferðaþjónustunni, og öll vitum við að náttúran okkar er helsta auðlind atvinnugreinarinnar. Ábyrg afstaða fyrirtækja til umhverfismála skiptir því miklu máli, en mikil vakning og umræða hefur einmitt átt sér stað innan ferðaþjónustunnar um nauðsyn þess að umgangast þetta fjöregg okkar af meiri sjálfbærni, virðingu, og ekki síst nærgætni, því allar okkar athafnir hafa áhrif á umhverfið með einum og öðrum hætti,“ sagði Ragnheiður Elín meðal anars í ávarpi sínu við afhendinguna.

### *Eftirtektarverður árangur*

Norðursigling var að þessu sinni tilnefnd vegna markmiða sinna og árangurs í að efla sjálfbæra ferðaþjónustu, en fyrirtækið hefur náð margvíslegum og eftirtektarverðum árangri í þeim efnum. Sérstaklega er horft til þess að undanfarið hefur fyrirtækið, ásamt teymi íslenskra og norrænna samstarfsaðila, þróað nýtt rafkerfi, þar sem vindorkan er notuð til þess að hlaða rafgeyma skipsins Opal.

Með þessari nýtingu á grænni orku er Norðursigling orðin fremst meðal jafningja í uppbyggingu sjálfbærrar hvalaskoðunar á Íslandi og hefur sannarlega látið verkin tala í þeim efnum og skapað sér sess meðal helstu frumkvöðla í vistvænum siglingum. Verkefninu, sem er einstakt á heimsvísu, er ætlað að nýtast öllum skipaflota fyrirtækisins, en fyrirtækið hefur skapað sér mikla sérstöðu með áherslu sinni á nýtingu og verndun gamalla báta, sem er til hreinnar fyrirmyndar, enda um mikil menningarverðmæti að ræða.

### *Virðing fyrir auðlindinni*

Fyrirtækið er einnig meðvitað um álagsþol auðlindarinnar sem það byggir afkomu sína á og leggur m.a. mikla áherslu á að trufla ekki hvali í ferðum sínum og fylgir ákveðnu verklagi í þeim efnum, m.a. með notkun á hljóðlátu drifkerfi. Virðing fyrir auðlindinni endurspeglast með skýrum hætti á heimasíðu fyrirtækisins og einnig er lögð áhersla á að fræða starfsmenn og viðskiptavini um umhverfismál.



### *Norðursigling í Vakanum*

Norðursigling er með bronsmerki í umhverfiskerfi Vakans og er eini tilnefndi aðilinn sem náð hefur þeim árangri. Í máli ráðherrans kom fram að verulegu máli skipti, að íslensk ferðaþjónusta sammælist um að vinna sífellt að auknum gæðum og umhverfisvitund í sínum ranni. „Uppbygging VAKANS, gæða og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar, hefur einmitt þetta að markmiði, en þar tók atvinnugreinin sjálf höndum saman við lykilaðila í stoðkerfi atvinnulífsins til að vinna að þessum markmiðum. Það er von mín að ferðaþjónustuaðilar nýti sér vel þau tækifæri sem VAKINN hefur upp á að bjóða, þannig að saman getum við gert frábæra atvinnugrein enn betri,“ sagði Ragnheiður Elín.

Þess ber að geta að fyrirtækið hefur áður fengið umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs, en þau hlaut fyrirtækið árið 1996, þá nýstofnað, fyrir Knörrinn, fyrsta bát Norðursiglingar. /MÞÞ



**Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri Norðursiglingar, tók á móti verðlaununum. Honum á vinstri hönd er Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála, en á hægri hönd eru Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri og Örn Þór Halldórsson, umhverfisstjóri Ferðamálastofu.** Mynd / Ferðamálastofa


# Ertu klár í snjóinn?

**DALEN 2014 - Blæs þar sem aðrir brotna.**

- 2014 blásarinn frá DALEN er hannaður fyrir verktaka og allra erfiðustu aðstæður.
- Hægt er að tengja blásarann á þrjá vegu: Að framan á frambeisli, að aftan til þess að bakka og að auki er hægt að draga blásarann.
- Beintengt drif, engar keðjur
- Vinnslubreidd: 270 cm
- Aflþörf: 140 hö
- Aflúrtakshraði: 1000 snún/mín
- Vökvasnúningur á túðu
- Vökvatjakkur á túðu





**DALEN 2013**

- Hentar vel fyrir dráttarvélar í kringum 150 hö
- Hægt er að tengja blásarann á þrjá vegu: Að framan á frambeisli, að aftan til þess að bakka og að auki er hægt að draga blásarann.
- Beintengt drif, engar keðjur
- Vinnslubreidd: 255 cm
- Aflþörf frá 130 hö
- Hámarskafl 280 hö
- Aflúrtakshraði að framan: 1000 snún/mín
- Aflúrtakshraði að aftan: 540 snún/mín
- Vökvasnúningur á túðu
- Vökvatjakkur á túðu



**DALEN 2011**

- Hentar vel fyrir dráttarvélar yfir 100 hö
- Hægt er að tengja blásarann á þrjá vegu: Að framan á frambeisli, að aftan til þess að bakka og að auki er hægt að draga blásarann.
- Beintengt drif, engar keðjur
- Vinnslubreidd: 233 cm
- Aflþörf frá 90 hö
- Hámarskafl 280 hö
- Aflúrtakshraði að framan: 1000 snún/mín
- Aflúrtakshraði að aftan: 540 snún/mín
- Vökvasnúningur á túðu
- Vökvatjakkur á túðu

Bændur - verktakar: Eigum fyrirliggjandi snjóblásara frá DALEN. Hafið samband við okkur og tryggið ykkur eintak.

ÞÓR HF

**Reykjavík:** Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500

**Akureyri:** Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555

**Vefsíða:** www.thor.is

DALEN – Öflugir blásarar fyrir öfluga traktora




Landsmót hestamanna á Hólum 2016:

# Samstarf við Northwest Adventures

**Landsmót hestamanna og ferðaskrifstofan Northwest Adventures hafa gert með sér samstarfssamning um þjónustu við væntanlega gesti Landsmóts á Hólum á næsta ári.**

Í samningnum felst að NW Adventures tekur að sér að svara fyrirspurnum gesta og bóka gistingu á mótssvæðinu, ferðir til og frá mótssvæði og afþreyingarmöguleika í nágrenni þess. NW Adventures hefur þegar hafið vinnu við að safna saman þeirri heimagistingu sem í boði verður í Skagafirði, auk þess mun fyrirtækið bjóða upp á tjöld og tjaldvagna sem gestir geta bókað og tjaldað verður á mótssvæðinu.

NW Adventures er ný ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig eins og nafnið gefur til kynna í ferðum um Norðurland vestra. Framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar er Anna Lilja Pétursdóttir sem er Landsmótsgestum að góðu kunn en hún starfaði um árabil við skipulagningu Landsmóta.

Það er von Landsmóts að með þessu fyrirkomulagi sé þjónusta við gesti er varðar gistingu og ferðir eins og best verður á kosið. Þeim gestum sem kjósa að bóka sína gistingu og sínar ferðir sjálfir er bent á heimasíðu NW Adventures á slóðinni: http://www.


## Fjárvís

**Námskeið í Fjárvís verður haldið í Búgarði, Akureyri - miðvikudaginn 11. nóv. kl. 13:00-17:00.** Hámarksfjöldi þátttakenda er 15.

Námskeiðið er einkum ætlað sauðfjárbændum sem eru þátttakendur í skýrsluhaldi í sauðfjárrækt. Gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi einhverja reynslu í færslu skýrsluhalds og hafi með sér eigin tölvu og skýrsluhaldsgögn til að vinna með á námskeiðinu. Farið verður í helstu aðgerðir sem **FJARVIS.IS** býður upp á fyrir skýrsluhaldara m.a. skráningarþætti, gripaleit og skýrslur.

Kennarar: Eyjólfur Ingvi Bjarnason ráðunautur hjá RML og Grímur Zimsen forritari í tölvudeild Bændasamtaka Íslands.

**Námskeiðsgjald er kr. 15.000,-**

Athugið að unnt er að sækja um styrk úr starfsmenntasjóði Bændasamtaka Íslands á móti námskeiðsgjaldinu.

**Staðfesta þarf þátttöku til RML í síma 516-5000.**

Námskeiðið er á vegum RML og tölvudeildar Bændasamtaka Íslands.

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is



MICKEY THOMPSON PERFORMANCE M/T TIRES & WHEELS

JEPPADEKK



STZ | ATZp3 | DEEGAN | MTZ | BAJA CLAW

MICKEY THOMPSON
jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi
M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.
Stærðir 32" - 54"

Icetrack ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is




Guðni Ágústsson og eiginkonan, Margrét Hauksdóttir, með sælusströndina á Kanarí í baksýn.

# Fyrrverandi landbúnaðarráðherra stýrir skemmtidagskrá á Kanarí

**Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, hefur nú gengið til liðs við Ferðaskrifstofuna VITA. Mun hann ásamt Margréti Hauksdóttur, eiginkonu sinni, stýra skemmtidagskrá fyrirtækisins í sólinni á Kanarí í janúar.**

Samkvæmt upplýsingum frá Vita hefur gengið mjög vel að selja í ferðir þann tíma sem Guðni og frú munu stýra dagskránni á Kanarí. Er þegar að verða uppselt í fyrstu tvo hópana sem fara út 4. janúar og verða annars vegar í 12 nætur og hins vegar í 22 nætur. Vegna góðrar aðsóknar var ákveðið að setja upp þriðju ferðina sem verður 17 nætur og er með brottför 16. janúar. Verða Guðni og Margrét þar með fararstjórana Karl Rafnsson og Svanhildi Davíðsdóttur sér til fulltingis.



Guðni Ágústsson undirbýr sig nú fyrir að skemmta löndum sínum í sólinni á Kanarí. Mynd / HKr.

Guðni er enginn nýgræðingur á þessu sviði. Hefur hann mjög oft verið fenginn til að stýra ýmsum viðburðum og til að vera veislustjóri við ólíklegustu tækifæri. Fólk hefur greinilega gaman af lúmskum húmor Guðna og skiptir þá engu máli hvort um er að ræða pólitíska samherja þessa fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins eða ekki. Fáir standast honum heldur snúning í tilvitnunum í Íslendingasögurnar og ekki er ólíklegt að hann geti eignað íslenskum víkingum allar Kanaríeyjarnar með tölu.

*Pólitískir fundir á Klörubar voru upphafið*

„Upphafið að þessu má eiginlega rekja til þess að meðan ég var í pólitík varð ég frægur fyrir að halda stóra pólitíska fundi á Klörubar á Kanarí. Þetta voru skemmtilegir fundir og flest var þar í einu um 450 manns," sagði Guðni. Hann segir að þótt hann sé hættur í pólitík, þá hafi hann haldið áfram að slá upp slíkum fundum. Hann svaraði því fáu hvort ekki væri upplagt eftir áramótin að nýta tækifærið til að halda framboðsfundi á Klörubar og bjóða sig fram til forseta. Hins vegar setti hann upp pókersvip sem túlka mátti á ýmsa vegu.

„Einhvern tíma hafði ég sagt á slíkum fundi að ef ég yrði heilbrigðisráðherra, þá myndi ég leggja það til og reyna að greiða fyrir því að eldri borgarar yrðu styrktir til Kanaríeyjaferða á vegum ríkisins, sveitarfélaganna og þess vegna Tryggingastofnunar. Þar gætu þeir dvalist í þrjár til fjórar vikur á ári yfir mesta vetrartímann og létt þannig á heilbrigðiskerfinu á meðan. Þarna er allt autt og hlýtt og enginn að slasast vegna hálku. Dvöl þarna gerir fólki mjög gott, þarna er félagsskapur og vinafólk kemur þarna saman á hverju ári. Ég tel að þetta sé því mjög gott fyrir fólk til að halda heilsu og lyfta sér upp yfir harðasta veturinn. Ég sé stundum fólk sem kemur þarna út gamalt og bogið en það réttist úr því og það lifnar við eftir stutta dvöl, í sólinni.

Þegar það fór að róast hjá mér í pólitíkinni höfðu þeir samband við mig hjá Vita og spurðu hvort ég vildi ekki vera skemmtanastjóri. Hjördís Geirsdóttir hefur verið þarna að stýra söng og ég sé að fleiri ferðaskrifstofur hafa verið að taka upp svipuð dæmi. Séra Hjálmar Jónsson er að fara í svipuðum erindagjörðum í svona ferðir og margir fleiri."

*Fjölbreytt afþreying*

„Þarna er mikið um að vera alla daga, spilað mínígolf, gengið um svæðið og haldnar kvöldvökur. Það eru haldin hátíðakvöld og ég er bara að reyna að virkja gleðina hjá fólkinu enn frekar. Það er sungið og fólk fer með vísur, segir skemmtisögur og við spilum framsóknarvist og höldum bingó. Þarna spilaði Örvar heitinn Kristjánsson lengi og nú er sonur hans, Grétar örvarsson, tekinn við. Það er því mikið líf og fjör að vera þarna einhvern tíma fyrir utan hvað það er mörgum lífsnauðsynlegt að komast úr klakanum yfir hávetrinn. Dvöl á Kanarí er því góð leið til að rækta líkama sinn og þá sálina um leið," segir Guðni Ágústsson.

/HKr.

Skógarhögg á Íslandi verður æ umsvifameira:

# Grisjunarviður á 40 flutningabíla

## - allt selt til brennslu í málmblendiverksmiðju Elkem í Hvalfirði

**Alls verða fluttir um eða yfir 1.500 rúmmetrar af grisjunarviði úr norðlenskum skógum suður á Grundartanga.**

Flutningar hófust í liðinni viku, en alls þarf hátt í 40 ferðir með fulllestaða bíla til að koma öllu timbrinu til kaupanda, Elkem á Grundartanga.



Með öflugri kló og góðum krana er fljótlegt að lesta timburbílana. Mynd / Pétur Halldórsson.

Timbrið sem verið er að aka af Norðurlandi þessa dagana er að langmestu leyti afrakstur vélgrisjunar í skógum Fnjóskadals og í Ljósavatnsskarði. Yngsti reiturinn sem grisjaður var er á Vöglum á Þelamörk þar sem gróðursett var árið 1982. Annars eru þetta reitir frá árabilinu 1960–1970. Reitina grisjuðu þeir Kristján Már Magnússon skógverktaki og Óskar Einarsson, skógvélamaður hjá fyrirtækinu 7,9,13. Luku þeir verkinu í byrjun september.

*Góður afrakstur*

Rúnar Ísleifsson skógarvörður segir í frétt á vef Skógræktar ríkisins að í Þórðarstaðaskógi hafi verið grisjaðir um 370 rúmmetrar, stafafura, síberíulerki og rauðgreni. Í Sigríðarstaðaskógi hafi eingöngu verið grisjuð stafafura sem gaf um 200 rúmmetra og úr Vaglaskógi komu 280 rúmmetrar með grisjun stafafuru og lerkis ásamt svolitlu af rauðgreni. Þá var einnig grisjað töluvert á Vöglum á Þelamörk, þar sem fengust 340 rúmmetrar, aðallega af stafafuru en einnig lerki og örlítið af ösp. Alls eru þetta um 1.200 rúmmetrar. Myndarleg stæða af sverum bolum stendur líka eftir við starfsstöð Skógræktarinnar á Vöglum í Fnjóskadal. Bolirnir verða flettir í borð og planka í nýrri sög sem keypt hefur verið til stöðvarinnar.

*Um 80 rúmmetrar úr skógum bænda*

Auk skóga Skógræktar ríkisins var vélgrisjað í skógum skógarbænda, um 80 rúmmetrar, og reitum Skógræktarfélags Eyfirðinga, bæði í Kjarnaskógi og á Miðhálsstöðum í Öxnadal. Að sögn Ingólfs Jóhannssonar, framkvæmdastjóra félagsins, voru afgreiddir um þrjú hundruð rúmmetrar kurlviðar til Elkem en einnig var talsvert tekið frá af myndarlegum bolum sem flettir verða og unnir í smíðavið. Í sumar voru smíðaðir lágir ljósastaurar úr lerkibolum frá félaginu og settir upp við nýjan útivistarstíg meðfram Drottningarbraut á Akureyri og einnig voru seld bök í fallega girðingu við Síðuskóla á Akureyri. Ingólfur segir að sífellt meira sé spurt um íslenskt hráefni til smíða ýmiss konar.

/MÞÞ

# Ástæður þess að íslenskir kúabændur velja kjarnfóðrið frá Bústólpa

Kúafóður Bústólpa er hannað og framleitt fyrir íslenskar aðstæður þar sem þess er gætt í hvívetna að fóðrið uppfylli sem best þarfir íslensks búfjár á hverjum tíma. Við framleiðsluna hjá Bústólpa er notuð besta fáanlega tækni sem tryggir best varðveislu næringarefnanna, hámörkun kögglagæða og um leið örveru- og sjúkdómaöryggi þar sem allt fóður er hitameðhöndlað á síðustu stigum framleiðslunnar áður en það er afhent til bænda.

Hátt innihald af hágæða fiskimjöli, fjölbreytt hráefnaval, sérblönduð steinefni og vítamín fyrir íslenskar aðstæður ásamt háu innihaldi af lífrænu Seleni, framúrskarandi kögglagæði sem henta í sjálfvirk gjafakerfi og hagstætt verð eru þeir þættir sem best lýsa kjarnfóðrinu frá Bústólpa.

Við endurnýjun tækjabúnaðar í verksmiðju Bústólpa var þess gætt að velja bestu tækni með tilliti til aukinna kögglagæða, örveruöryggis og varðveislu næringarefna í fóðrinu en um leið hámörkun á arðsemi við vinnsluna.

Nýr vinnslubúnaður og framleiðslutæknin tryggja þannig jöfnun gæða og lægri tilkostnað.









- **Sérblönduð steinefni og vítamín sem henta íslenskum aðstæðum**
- **Allt fóður er hitameðhöndlað á síðustu stigum framleiðslunnar, sem eykur örveruöryggi**
- **Hátt hlutfall af hágæða fiskimjöli sem tryggir hámarksafurðir mjólkurkúa**
- **Einungis er notað lífrænt Selen í kjarnfóður Bústólpa**
- **Einungis eru notuð gæða hráefni við framleiðsluna**
- **Framúrskarandi kögglagæði sem henta sjálfvirkum gjafakerfum**
- **Besta fáanlega tækni við vinnsluna sem tryggir gæði, nýtingu og varðveislu næringarefnanna í fóðrinu**
- **Skapar fjölda starfa og skilar arði til Íslensks samfélags**
- **Tryggur aðgangur að hágæða kjarnfóðri og góðri þjónustu á öllum tímum**
- **Bústólpi er leiðandi í móttöku og vinnslu á íslenskt ræktuðu korni og nýtingu þess við kjarnfóðurframleiðslu**
- **Framleiðsla Bústólpa er vöktuð með virku gæðakerfi á öllum stigum allt frá vali hráefna til afhendingar fóðurs til bænda**
- **Bústólpi leggur tryggum viðskiptavinum sínum til fóðursíló og búnað þeim tengdum án endurgjalds**
- **Bústólpa er annt um íslenskan landbúnað og íslenskt samfélag**



Bústólpi

Oddeyrartanga, 600 Akureyri — sími 460 3350 — www.bustolpi.is — bustolpi@bustolpi.is

Veljum íslenskt – okkar hagur!
Samtök iðnaðarins - www.si.is
SI



Dúkka 312 getur þakkað líf sitt umönnun Stellu í vor en hún var mjög lífitið lamb þegar hún fæddist. Hún fékk mömmu sína til að aðstoða sig við að gefa henni mjólk og vafði hana síðan inn í úlpuna sína og keyrði um í dúkkukerrunni. Þegar mamma Stellu kom af næturvakt eftir að Stella var sofnuð blasti við henni lamb í dúkkukerrunni líkt og myndin sem fylgir sýnir. Dúkka naut síðan umönnunar Stellu í allt sumar sem heimalningur og var til dæmis æfð í því að vera klædd upp á og bar því skrautið vel á sýningunni á Svalbarði. Mynd / Gunnhildur Pétursdóttir.

## Haustfagnaður Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu 2015:

# Sviðaveisla, grillveisla, ljósmynda-samkeppni og stórdansleikur

**Um veturnætur hélt Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu sinn árlega haustfagnað en upphaf þessarar hátíðar má rekja til héraðssýningar á lambhrútum sem fyrst var haldin haustið 2005. Frá þeim tíma hefur dagskráin undið upp á sig og sækir mikill fjöldi fólks Dalina heim þessa helgi.**

Líkt og verið hefur frá árinu 2005 er héraðssýning lambhrúta hluti af dagskránni en að þessu sinni mættu 95 hrútar til leiks í þremur flokkum.

Norðan varnarlínu var sýningin haldin að Kjarlaksvöllum í Saurbæ og sunnan varnarlínu var sýningin haldin á Svalbarði í Miðdölum. Flestir voru hrútarnir í flokki hvítra hyrndra hrúta, eða 57 alls. Í flokki kollóttra hrúta mættu 24 hrútar til keppni og í flokki mislitra hrúta voru hrútarnir 14.

Líkt og oft er á héraðssýningum sem þessum átti stór hluti hrútanna sæðingastöðvarhrút sem föður, eða 56 hrútar alls. Saumur 12-915 var þar í sérflokki með 15 syni, Hvati 13-926 átti 7 syni og þeir Hnallur 12-934, Sporti 12-936 og Tjaldur 11-922 áttu 5 syni hver. Aðrir sæðingastöðvarhrútar áttu færri syni á sýningunni. Efstu þrjú sætin í hverjum flokki skipuðu eftirtaldir hrútar:

*Mislitir hrútar*

1. Hrútur númer 3931 frá Breiðabólsstað, Fellsströnd. Grár sonur Myrkva 10-905 og á móðurlegg er stutt í Grána 03-957. Þessi hrútur hafði fyrr í haust 86 stig.

2. Hrútur númer 302 frá Vatni, Haukadal sem hafði fengið nafnið Sigur. Þessi hrútur er grámórauður að lit og föðurfaðir hans Kveikur 05-965. Hann hafði fyrr í haust einnig fengið 86,5 stig.

3. Hrútur númer 442 frá Leiðólfsstöðum, Laxárdal. Mórauður hrútur undan Verði 12-925 en móðurfaðir hans Höfðingi 10-919. Hann hafði fyrr í haust fengið 84 stig.

*Kollóttir hrútar*

1. Hrútur númer 5 frá Hrappsstöðum, Laxárdal og hefur verið nefndur Baukur. Þessi hrútur er undan Jónsa 14-028 sem er til heimils á Hornsstöðum en fæddur í Broddanesi og sonur Djákna 13-065 eins öflugasta gerðarhrút landsins nú um stundir. Móðir hrútsins er síðan aðkeypt og fædd á Heydalsá hjá Guðjóni Sigurgeirssyni undan Dollar 07-350. Baukur hafði fyrr í haust fengið 86,5 stig.

2. Hrútur númer 404 frá Leiðólfsstöðum, Laxárdal. Þessi hrútur er blanda af hyrndu og kollóttu þar sem hann er sonur Hvata 13-926 og aðeins hnýflóttur en í móðurætt rekur hann ættir sínar m.a. til Mókolls 03-978. Hann hafði fyrr í haust fengið 86 stig.

3. Hrútur númer 3 frá Dunki, Hörðudal og hefur verið nefndur Fjarki. Hann er sonur Safírs 10-932 og í móðurætt rekur hann ættir sínar til Frakkssonar 03-974 og Kjóa 04-816. Hann hafði fyrr í haust fengið 86,5 stig.

*Hyrndir hrútar*

1. Hrútur númer 6 frá Rauðbarðaholti, Hvammssveit. Bollangur, jafnvaxinn og vel gerður að öllu leyti. Faðir hans



Sviðaveisla á Laugum. Mynd / Alexandra Rut Jónsdóttir.




Hagyrðingar á Laugum. Talið frá vinstri: Jón Kristjánsson, Þórdís Sigurbjörnsdóttir, Helga Guðný Kristjánsdóttir, Stefán Skafti Steinólfsson og Sigurjón Valdimar Jónsson. Mynd / Alexandra Rut Jónsdóttir



Frá hrútasýningu á Kjarlaksvöllum. Mynd / Alexandra Rut Jónsdóttir.



Grillveisla í Dalabúð. Mynd / Alexandra Rut Jónsdóttir.



Baldur Valbergsson, Stóra-Vatnshorni, ásamt Dúkku á sýningunni á Svalbarði. Mynd / Gunnhildur Pétursdóttir.



Formaður FSD vopnaður veldissprota félagsins við setningu sviðaveislu. Mynd / Helga Guðný Kristjánsdóttir.



Stella í Bæ tekur við bikarnum fyrir fallegustu gimbra frá Kjartani og Guðrúnu á Dunk. Mynd / Alexandra Rut Jónsdóttir.



Verðlaunahafar í ljósmyndasamkeppni. Mynd / Alexandra Rut Jónsdóttir.



Verðlaunahafar í rúningi talið frá vinstri; Julio, Guðmundur Þór og Hafliði. Mynd / Alexandra Rut Jónsdóttir.

er Hersir 13-503 sonur Safírs 11-533 sem skipaði efsta sæti hyrndra hrúta árið 2011. Í framættum má svo finna Raft 05-966 og Abel 00-890. Hann hlaut í haust 87 stig og fékk jafnframt viðurkenningu sem besti lambhrútur héraðssýningarinnar árið 2015.

2. Hrútur númer 3 frá Stóra-Vatnshorni, Haukadal sem búið var að nefna Þrist. Faðir hans er Saumur 12-915 og í móðurætt rekur hann sig til Borða 08-838 og Lóða 00-871. Gríðarlega vænn og mikill hrútur sem fékk 86,5 stig fyrr í haust.

3. Hrútur númer 580 frá Háafelli, Miðdölum sem búið var að nefna Vöðva. Hann er sonarsonur Kvists 07-866 og skammt á móðurhlið rekur hann sig í Laufa 08-848 en þar má einnig finna Kveik 05-965 og Erp 01-919. Hann hafði fyrr í haust fengið 87,5 stig.

Sýningarskrá héraðssýningar má finna á heimasíðu Dalabyggðar og einnig ítarlegri úrslit í hverjum flokki.

### *Gimbrarsýning*

Samhliða hrútasýningum var keppt um fallegasta gimbrarlamb Dalasýslu. Þar voru dómarar gestir á hrútasýningunni en gimbrarnar voru merktar með merkispjaldi og svo kusu menn þá gimbur sem þeim þótti fallegust.

Tilefni gimbrarsýningarinnar var farandverðlaunagripur sem Kjartan og Guðrún á Dunki gáfu í tilefni af 30 ára afmæli FSD en félagið var stofnað árið 1985. Alls tóku 13 gimbrar þátt þetta fyrsta ár sem keppnin var haldin og réðust úrslit á einu atkvæði. Hlutskörpust varð gimbrin Dúkka 312 í eigu Stellu Margrétar Birgisdóttur, sex ára frá Bæ í Miðdölum, en Stella var búin að skreyta sína gimbur vel og heillaði gimbrin marga gesti á sýningunni á Svalbarði.

### *Besta 5 vetra ærin*

Líkt undanfarin ár var veitt viðurkenning fyrir efstu ær sýslunnar fæddar 2010 byggt á heildareinkunn í kynbótamati en þá er búið að reikna kynbótamat þar sem upplýsingar um afurðir ærinnar fyrstu fjögur árin liggja fyrir. Til viðbótar þurfa ærnar sem koma til greina einnig að hafa átt lömb vorið 2015. Að þessu sinni skipaði efsta sætið ærin Áslaug 10-121 frá Ásgarði í Hvammssveit með einkunn 113,8. Þess má geta að þessi ær er alsystir sæðingahrútsins Kára 10-904.

### *Íslandsmótið í rúning*

Á laugardeginum var Íslandsmótið í rúning haldið í áttunda skipti í Nesoddahöllinni í Búðardal. Alls mættu 12 til leiks þetta árið og Íslandsmeistari annað árið í röð varð Hafliði Sævarsson frá Fossárdal í Berufirði. Í öðru sæti varð Guðmundur Þór Guðmundsson frá Kvennabrekku, Miðdölum og þriðja sæti skipaði Julio Gutierrez frá Hávarsstöðum, Leirársveit. Keppnin fer þannig fram að allir keppendur klippa þrjár kindur, tími og hversu marga galla keppendur gera ræður því svo hvar í röðinni þeir lenda. Í lokaumferðinni keppa svo efstu þrír að lokinni undankeppni og klippa þá fimm kindur hver. Samhliða rúningskeppninni var fjöldi vélasala með tæki til sýnis við reiðhöllina auk þess sem nokkrir voru með sölubása í tjaldi inni í höllinni. Einnig skemmtu Magnús og Ívar í reiðhöllinni sem gerðu garðinn frægan í „Ísland got talent“ síðasta vetur.

### *Sviðaveisla á Laugum*

Á föstudagskvöldinu var svo efnt til mikillar veislu að Laugum í Sælingsdal þar sem boðið var upp á ný svið, söltuð svið og reykt svið. Sviðaveislan var fyrst haldin árið 2008 og sprengdi utan af sér húsnæði fyrstu árin en síðustu fimm ár hefur hún verið í íþróttahúsinu á Laugum. Í ár mættu rúmlega 360 manns á sviðaveisluna en þetta kvöld hefur gegnum árin verið hápunktur helgarinnar hjá þeim sem eldri eru. Að loknu sviðaáti tók við hagyrðingakvöld sem stjórnað var af Hjörleifi Hjartarsyni frá Tjörn í Svarfaðardal. Hagyrðingar voru Jón Kristjánsson, Reykjavík, Helga Guðný Kristjánsdóttir, Botni, Þórdís Sigurbjörnsdóttir, Hrísum, Stefán Skafti Steinólfsson frá Ytri-Fagradal og Sigurjón Valdimar Jónsson frá Skollagróf. Eins skemmtu Viðar Guðmundsson og Snorri Hjálmarsson á hátíðinni. Að loknu hagyrðingakvöldi var dansleikur þar sem Þórunn og Halli léku fyrir dansi og dansað var langt fram á nótt.

### *Grillveisla, ljósmyndasamkeppni og stórdansleikur*

Á laugardagskvöldinu var svo efnt til mikillar grillveislu í Dalbúð en samhliða henni eru veittar viðurkenningar fyrir efstu hrúta á hrútasýningum.

Grillveislan var vel sótt þetta árið en ríflega 330 manns mættu en grillið var í umsjón Meistarafélags kjötiðnaðarmanna.

Samhliða undirbúningi hátíðarinnar var efnt til ljósmyndasamkeppni á Facebook-síðu félagsins. Alls bárust 65 myndir í keppnina en hlutskörpust var mynd Valdísar Einarsdóttur, „Jónína sirkusstjóri“, líkt og sjá má á forsíðu blaðsins í dag. Myndin er tekin í Gillastaðarétt fyrr í haust af Jónínu Magnúsdóttur að hleypa fé inn í réttina.

Kvöldið endaði svo með stórdansleik þar sem hljómsveitin „Made in sveitin“ hélt uppi stuðinu fram undir morgun.

Helgin heppnaðist vel í alla staði og fjölmargir gestir heimsóttu Dalina líkt og verið hefur um veturnætur undanfarin ár. Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem leggja hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd í sjálfboðavinnu en án þeirra væri ekki hægt að gera þessa helgi að veruleika.

Auk þess er fjöldi styrktaraðila sem kemur að hátíðinni en þeir eru: Vörumiðlun, Dalabyggð, SAH afurðir, SS, SKVH Hvammstanga, Vogabær, Ytri-Fagridalur, Hvítidalur, Ferðaþjónustan Þurranesi, Rjómabúið Erpsstöðum, KB Borgarnesi, Nesoddi, Ferðaþjónustan Seljalandi, Sæferðir, Dalakot, KM þjónustan, Samkaup strax Búðardal, Leifsbúð, Blómalindin, Hárstofan Búðardal, B.A. Einarsson Búðardal, MS Búðardal, Lyfja Búðardal, Eiríksstaðir og Arion banki Búðardal.

*Eyjólfur Ingvi Bjarnason,*
*formaður FSD.*



## Umhverfisþing 2015:

# Vegamál í óbyggðum hafa lengi verið í ákveðnum ólestri

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagstofnunar, hélt erindi á Umhverfisþingi 2015 sem hún nefndi „Ferðamannavegir, „óformlega vegakerfið“ og utanvegaakstur:**

„Það þarf ekki að hafa langan inngang að því að vegamál í óbyggðum hafa lengi verið í ákveðnum ólestri,“ sagði Ásdís.

„Það hefur verið óljóst hvernig ákvarðanir eru teknar um vegakerfið og hvernig vegirnir myndast. Það hefur verið óljóst hvaða hjólför og leiðir teljast til heimilla akstursleiða, hvaða vegi skuli sýna á kortum, hver hefur eftirlit með umferð, hver er veghaldari vega og þessu til viðbótar bætist svo hreinn og beinn utanvegaakstur.“

Hún sagði að það þyrfti ekki að fjölyrða um hvers vegna það skiptir höfuðmáli í skipulags- og náttúruverndarumræðu að það takist að skýra þessa umgjörð og koma í veg fyrir utanvegaakstur. Fór hún síðan yfir það sem hún taldi vera stærstu breyturnar í þessum málum. Þar væri m.a. spurning hvernig við skipulegðum vegakerfið.



Ásdísi Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagstofnunar. Myndir / HKr.

### *Lagalegar forsendur*

„Viðfangsefni okkar tíma hefur fyrst og fremst verið að skrá og taka afstöðu til ökuleiða sem hafa mótast mikið til skipulagslaust í áranna rás. Það þarf að ákveða hverjar þessara leiða eiga að teljast til vega og hverjar ekki. Síðan getur auðvitað jafnframt þurft að ákveða nýjar ökuleiðir, þar sem þörf hefur myndast á nýjum vegtengingum og engar eru fyrir.

Talsvert starf hefur verið unnið á undanförnum árum við að skýra hvaða vegir, hjólför og leiðir eiga að teljast til akstursleiða. Þetta hefur verið gert undir formerkjum verkefnisins Ávallt á vegi, en skort hefur á formlega lagaumgjörð og ramma um það verkefni.

Ákveðin útfærsla lagaramma um vegamálin var sett fram í náttúruverndarlögunum 2013, en um hana reyndist ekki nægileg sátt.

Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi, til breytinga á þeim lögum, er lögð til breytt útfærsla að þessu verkefni sem felur í sér áherslu á nokkur lykilatriði:

Í fyrsta lagi er skýr áhersla á að ákvarðanir um vegi eru ekki tæknilegt viðfangsefni fyrst og fremst heldur miklu fremur skipulagslegt viðfangsefni sem kallar á að ákvarðanir séu teknar af kjörnum fulltrúum með lýðræðislegt umboð, að undangengnu samráðsferli gagnvart hagsmunaaðilum.

Í öðru lagi er lögð áhersla á að vegakerfið allt, hvort sem það er hið formlega vegakerfi í byggð eða hið óformlega vegakerfi í óbyggðum sé ein samfelld heild.

Í þriðja lagi að vegakerfið verður ekki ákveðið í eitt skipti fyrir öll, heldur þarf að taka það til endurskoðunar með reglubundnu millibili.

Síðast en ekki síst, þá skal hið óformlega vegakerfi óbyggðanna ávallt ákveðið á forsendum náttúruverndar og jafnframt er meðvitund um að það er og verður samsett úr ólíkum sumum akstursleiðum, sem eru opnar almennri umferð og öðrum sem um gilda meiri eða minni takmarkanir á því hverjir mega aka þær, í hvaða tilgangi og á hvaða tíma árs.“






Við Markarfljótsgljúfur.

### *Hlutverk sveitarfélaga styrkt*

„Í þessu ljósi er hlutverk sveitarfélaga styrkt í ákvæðum frumvarpsins, sem og áhersla á samráð við hagsmunaaðila og Vegagerðinni falið að varðveita heildstæða vegaskrá yfir jafnt hið formlega og óformlega vegakerfi.

Í öllu samgönguskipulagi er mikilvægt að skipulagsfólk og hönnuðir átti sig á hvers konar útfærsla vegar eða götu á við á hverjum stað, miðað við umhverfi og aðstæður. Þannig er vaxandi skilningur og meðvitund um það að gatnahönnun í þéttbýli þarf að lúta öðrum lögmálum en þjóðvegaog hraðbrautahönnun. Það sama á við með vegakerfið í óbyggðum. Þar þarf að taka afstöðu til þess hvernig útfærsla vegar á við á hverjum stað. Á við að gera ekkert eða sem minnst, þannig að ökuleið liggi í landi, með óbrúuðum ám? Á við að byggja veginn upp, brúa ár og þess háttar? Og síðan eru það allar þær leiðir sem ekki er tilefni til að hafa opnar fyrir almennri umferð, en tilteknir hópar þurfa að hafa heimild til að fara um í tilteknum tilgangi.

Í þessu sambandi er tilefni til að vekja athygli á að í fyrirliggjandi tillögu að landsskipulagsstefnu, sem Alþingi hefur einnig nú til umfjöllunar er tekið á þessu efni.

Í henni er lagt til að skipulag samgöngumála á miðhálendinu feli í sér að vegaframkvæmdum verði haldið í lágmarki, möskvar vegakerfisins verði sem stærstir og að hönnun allra vega taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða. Einnig er samgöngu- og skipulagsyfirvöldum falið að vinna frekar að útfærslu hönnunarforsendna fyrir vegi á hálendinu.“

### *En hvaða vegi á að sýna á kortum?*

„Í dag ríkir dálítið óvissuástand og sumir segja ófremdarástand um þetta efni og erfitt fyrir vegfarendur að leggja fullt traust á vegakort – hvort þau sýna í raun vegi sem heimilt er að aka, eða ekki. Mér er sagt, til dæmis, að á þessari mynd sé vegurinn sem sýndur er til vinstri á skjá GPS-tækisins ekki akvegur, heldur reiðleið – en það er ekkert á GPS-kortinu sem gefur það til kynna.

Það liggur fyrir að á þau kort sem vegfarendur aka eftir um landið í dag hafa ratað margvíslegar leiðir sem ekki liggja fyrir ákvarðanir um að eigi að tilheyra vegakerfi landsins. Þarna inni eru reiðvegir, gönguleiðir og ökuleiðir sem ættu ef til vill eingöngu að vera opnar takmarkaðri, en ekki almennri umferð.

Ákvæði nýrra náttúruverndarlaga og þess frumvarps sem Alþingi fjallar um nú stígur mikilvægt skref í átt að því að leysa þetta mál, en engu að síður bíður enn útfærslu í reglugerð að ákveða hvaða vegir skuli sýndir á opinberum kortum og hvernig.“

### *Umferðarútgerð*

Ásdís Hlökk vék síðan að nokkrum þáttum til viðbótar og sagði:

„Eitt er það sem ég vil kalla umferðarútgerð, þ.e.a.s. ferðaþjónustufyrirtæki sem bjóða upp á margvísleg akstursævintýri í náttúru Íslands. Það þarf náttúrlega að vera hafið yfir allan vafa að slík útgerð stundi ekki akstur utan vega. Ég tel að ábyrgðin á því liggi auðvitað og augljóslega hjá viðkomandi ferðaþjónustuaðilum, en hún liggur líka hjá þeim opinberu aðilum sem veita leyfi til viðkomandi ferðaþjónustufyrirtækja, þ.e .a.s að í leyfunum og samskiptum leyfisveitanda og rekstraraðila sé skýrt tekið á þessu efni – leiðbeint og sett afdráttarlaus skilyrði.

Mig langar líka rétt stuttlega að nefna umsjón með vegunum. Það er það atriði sem ég held að við eigum kannski lengst í land með, en um leið er það mjög mikilvægt. Það liggur í augum uppi, að vegir þurfa viðhald og umsjón og það verða nauðsynlega að vera viðeigandi merkingar á öllum vegum í óbyggðum, hvort sem þeir eru opnir almennri umferð, lokaðir eða eingöngu opnir takmarkaðri umferð. Og þá þarf að vera skýrt hvers ábyrgð það er að annast þær merkingar. Og eins og ég les kerfið í dag, kunnum við að eiga eftir að skýra það talsvert mun betur.“

### *Utanvegaaksturinn*

Ásdís vék síðan að utanvegaakstrinum undir lok erindis síns. Hún sagði að hann snerist um akstur eftir hjólförum og slóðum sem viðkomandi telur vera fullgilda ökuleið.

„En fyrir utan slíkan utanvegaakstur eru náttúrlega því miður allt of mörg dæmi um gálausan akstur á ósnortnu landi. Hvað er til ráða gagnvart því?

Ég hef ekki töfralausn á því, en vil þó vera bjartsýn á að við eigum með markvissum hætti að geta með upplýsingum og umræðu breytt normum og viðhorfum í þá veru að slík hegðun geti heyrt sögunni til.“

Sagði Ásdís að bjartsýni sín um úrbætur byggði á fjölda dæma um hvernig viðhorf og hegðun í samfélaginu varðandi tiltekin mál hafi gjörbreyst á stuttum tíma.

„Við líðum ekki lengur reykingar innan dyra. Við líðum ekki lengur unglingadrykkju. Við spennum öll bílbeltin. Og svona mætti áfram telja grundvallar breytingar á viðhorfum og hegðun í samfélaginu sem gerst hafa á tiltölulega stuttum tíma. Við getum með sama hætti jafnvel útrýmt utanvegaakstri – og þá á ég bæði við okkar Íslendinga og erlendra ferðamanna. Kannski er hér komið tilvalið verkefni fyrir hina nýju stjórnstöð ferðamála,“ sagði Ásdís Hlökk. /HKr.



## Samstarf hestamanna í Bústólpahöllinni:

# Vilja auka samstarf þriggja félaga nyrðra

**Hestamannafélagið Grani bauð félagsmönnum sínum, félagsmönnum Feykis og félagsmönnum Þjálfa, til málþings um samstarf en það fór fram í Bústólpahöllinni nýlega.**

Tilgangur málþingsins var að skoða hvort eitthvað í félagsstarfi þessara þriggja hestamannafélaganna ætti samleið og geti verið öllum til styrks og ánægju.

Vel var mætt til þingsins og var samstaða um að auka samvinnu félaganna þriggja. Hlutafélagið Gráni ehf. sem hestamannafélögin Grani og Þjálfi eiga til helminga í Bústólpahöllinni. Niðurstaða málþingsins var sú að skipuð yrði nefnd með aðilum úr öllum 3 félögunum og þeir fyndu viðburði sem hægt væri að gera sameiginlega, á öllum félagssvæðum.

### *Verkefnið snýst um að laga reksturinn*

Lilja Hrund Harðardóttir, formaður Grána ehf., hefur skrifað hugleiðingu þar sem m.a. kemur fram að þegar ársreikningur stjórnar Grána ehf. hafi legið fyrir í vor og ný stjórn tekið við, biðu hennar krefjandi verkefni. „Við þurftum að finna leiðir til að greiða af láni upp á 1,7 milljónir og fjárafla fyrir skuldum. Félagið sjálft ætti fyrir þeim ef við myndum selja reiðhöllina, en það viljum við auðvitað alls ekki. Verkefnið er að laga reksturinn og passa að hann sé ekki fjársveltur.“ Þá nefnir Lilja Hrund að Grani hafi aflað fjár og lánað Grána, svo reksturinn standi ekki illa um þessar mundir.

### *Höllin gríðarlega mikilvæg*

„Þó eru blikur á lofti því betur má ef duga skal til framtíðar og er yfirlýst stefna Grána ehf. að vera áfram öflugur í að vera sjálfbær að því marki sem hægt er og að gera rekstrarsamning við Norðurþing sem dekkar mismun á innkomu og þörf í rekstur svo hann sé ekki rekinn með tapi til framtíðar.“

Fram kemur í bréfi Lilju Hrundar að höllin er gríðarlega mikilvæg sem æfingasvæði hestafólks, uppeldistæki ungra tilvonandi hestamanna og annarra ungmenna sem njóta þess að umgangast og læra á hest. „Hún er stórkostlegt íþróttamannvirki allra hestamanna sem að henni standa.“

Stjórn Grána hafi því ákveðið að boða til hluthafafundar þar sem fram verður lögð tillaga um að auka hlutafé í félaginu. Verði það samþykkt af stjórnum beggja félaga eru tvær leiðir færar, segir Lilja Huld. Að Þjálfi komi með hlutafé inn í reksturinn til jafns við Grana, haldi sínum eignarhlut og bæði félögin leiti eftir aðstoð hjá sínum sveitarfélögum og vinni samstiga að því að bæta rekstrarstöðuna. Vilji Þjálfi hins vegar ekki auka sinn hlut muni lánin frá Grana breytast í aukið hlutafé í Grána ehf. og Grani eignist þar meirihluta.

### *Pattstaða verði hlutafé ekki aukið*

Verði hlutafjáraukning ekki samþykkt segir Lilja Huld að það jafngildi pattstöðu sem lama myndi félagið og hugsanlega draga það í þrot. „Við Granafélagar höfum bæði vilja og getu til að stýra rekstrinum í gott horf og vonum að hinir hluthafarnir beri hag reiðhallar og hestamanna fyrir brjósti,“ segir hún og bætir við þeirri von sinni að forsvarsmenn Norðurþings verði jákvæðir í samstarf, verði höllin í meirihlutaeigu Grana. /MÞÞ





www.n1.is facebook.com/enneinn



# Hugsaðu um búnaðinn í vetur



**Skjólgóður kuldagalli**
Vnr. 9616 K2 2001
Vatteraður með cordura-efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum og hægt að leysa frá hettuna.
**Verð 23.900 kr.**



**K2 kuldajakkinn**
Vnr. 9616 K2 2005
Vatteraður með hettu sem hægt er að smella af. Litir: Grár/Svartur. Stærðir: S–4XL
**Verð 12.900 kr.**



**Banner Power Bull**
Vnr. 581 P9504
Power Bull 95Ah 720A H+. Þessi rafgeymir er með nútíma kalsíum tækni og býr yfir extra krafti og öryggi.
**Verð 33.446 kr.**



**Banner Bull Charger 5**
Vnr. 581 1240005030
Algjörlega sjálfvirkt 12 volta 5 ampera hleðslutæki/vaktari sem mælir, viðheldur og vaktar rafgeyminn.
**Verð 22.340 kr.**



**Scangrip Sensor ennisljós**
Vnr. 893 03.5025
Öflugt og sterkt ennisljós með snertilausum rofa. 90 lumen, IP54 vottað.
**Verð 5.879 kr.**



**K2 kuldabuxur**
Vnr. 9616 K2 BX6023
Vatteraðar kuldabuxur með smekk og axlaböndum. Litir: Gulur og svartur eða appelsínugulur og svartur. Stærðir: XS–5XL
**Verð 13.900 kr.**



**Mobil Delvac MX 15W40**
Vnr. 706 4382820
Mínerölsk olía fyrir flutningabíla og vinnuvélar. Fæst í 4, 20, og 208 lítra umbúðum.
**Verð 19.529 kr.**



**Dunlop Purofort**
Vnr. 9655 D460933
DUNLOP vinnustígvél, létt með höggdeyfi í sóla, auðvelt að þrífa og endast lengur. Litur: Grænn. Stærðir: 37–48
**Verð 9.900 kr.**



**Jalas öryggisskór**
Vnr. 9615 4748
Gripsterkir sólar sem ná vel upp á ökkla og hrinda frá vatni. Höggvörn í sóla og með áltá.
**Verð 27.171 kr.**



**Mobilfluid 426 20 l**
Vnr. 706 472120
Drif- og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar.
**Verð 20.991 kr.**



**Þykkir vinnuvettlingar**
Vnr. A108 VV101
Hlýir og sterkir vettlingar, þéttofnir úr ull og teygjanlegu nælonefni. Handhægir til allra verka.
**Verð 849 kr.**



**FLEXYNIT hanskar**
Vnr. 7151 G007 K100
Vandaðir bómullarhanskar með sterkri NITRA-X húð. Olíuþolnir og henta í allan iðnað. Litur: Grænn með svörtum lófa. Stærðir: 9, 10 og 11
**Verð 890 kr.**

**Verslanir N1 um land allt**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Grindavík** s. 426 8290 • **Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574
**Klettagarðar** s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245
**Reyðarfjörður** s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

Hluti af vetrarverkunum N1

# Beit og gæði afurða

**Plöntur hafa mjög mismunandi efnainnihald eftir tegundum – nokkuð sem við þekkjum vel og nýtum okkur í matar- og lækningaskyni.**

Á nákvæmlega sama hátt nýta beitardýr sér plöntur, ekki einungis sem fæðu heldur hafa rannsóknir sýnt að þau sækja einnig í sérstakar plöntur sér til til lækninga. Þá hefur beitaval þeirra einnig mikil áhrif á gæði þeirra afurða sem þau láta okkur í té.

*Efnainnihald beitarplantna*

Gróflega má skipta beitarplöntum í tvo flokka með tilliti til efnainnihalds, blómjurtir og runna (tvíkímblöðunga) annars vegar og grös (einkímblöðunga) hins vegar. Blómjurtir og runnar hafa almennt mun hærra innihald af kalki og fosfór – þess vegna eru þær sérlega góðar fyrir mylkan búpening og heiti margra þeirra endurspeglar það, t.d. smjörlauf sem var sagt gefa mikla og feita mjólk. Blómjurtir og runnar innihalda einnig mikið af mismunandi aukaefnum (secondary metabolites) eins og alkalóíðum, glykósíðum, terpenóíðum og fenólum. Lengi var talið að þessi efni væru afgangsafurðir úr efnaskiptum plöntunnar en nú er talið að þau séu vörn plöntunnar gegn ýmsum umhverfisþáttum; svo sem sterku sólarljósi, frosti og fleiri gerðum umhverfisálags. Þess vegna eru plöntur sem vaxa t.d. á norðlægum slóðum og hátt til fjalla almennt almennt mun ríkari af þessum aukaefnum en þær sem vaxa við minna krefjandi umhverfisskilyrði. Mörg þessara aukaefna eru einnig vörn plantanna við beit og hafa þessi efni stundum verið kölluð beitarvarnarefni á íslensku. Það er hins vegar villandi því þau gegna mun víðara hlutverki í plöntum. Flest þessara efna voru lengi flokkuð sem ólystug eiturefni og til skaða fyrir beitardýr. Nú er hins vegar vitað að sum þessi efni, í hæfilegu magni, geta einnig verið mjög af hinu góða. Við þekkjum mörg þessara efna og nýtum okkur þau s.s. nikótín og koffín og önnur efni hafa lækningamátt, ekki aðeins menn heldur einnig fyrir skepnur, og eru slíkar þekktar lækningarjurtir oft mjög eftirsóttar af beitardýrum. Dæmi um íslenskar jurtir sem eru þekktar lækningajurtir og eru einnig mjög eftirsóttar af sauðfé eru vallhumall og hvönn. Víða erlendis þar sem þröngt er í beitarlöndum þarf að gefa mikið af ormalyfjum til að vinna gegn sníkjudýrum. Þekkt eru dæmi um að þessi lyf safnast fyrir í jarðvegi og hafi neikvæð áhrif hryggleysingja og þar með niðurbrot lífrænna efna í jarðveginum. Áhugi manna er því í auknum mæli að beinast að tilteknum aukaefnum í plöntum, sérstaklega tannínum (af flokki fenóla), sem geta haft lamandi áhrif á innyflasníkjudýr. Aðgengi beitardýra að jurtum með slíkum aukaefnum getur jafnvel gert það að verkum að ekki þurfi að gefa ormalyf. Rannsóknir sýna að beitardýr sækja markvisst í plötutegundir sem geta læknað kvilla sem þau þjást af sem og losað þau við sníkjudýr (sjá https://extension.usu.edu/behave/htm/past-projects/completed-past-ure/controlling-parasites/).

Grösin eru ríkari af kalí og trefjum en hafa almennt mun minna af ýmsum aukaefnum en tvíkímblöðungarnir. Hins vegar hafa augu manni á síðari árum beinst sérstaklega að mismunandi fitusýrusamsetningu grastegundanna – þar sem korntegundirnar hafa mun meira af Omega 6 fitusýrum en beitargrös – sem eru aftur eru mun ríkari af Omega 3 fitusýrum. Þessi hlutföll í fóðri endurspeglast síðan í afurðunum. Mjög margar rannsóknir tengja hátt hlutfall á Omega 6 á móti Omega 3 við fjölmarga sjúkdóma samtímans, t.d. hjarta- og æðasjúkdóma, og taugahrörnunarsjúkdóma (sjá ágæta yfirlitsgrein í Experimental Biology and Medicine frá 2008 (http://www.healthking1999.com/tt/20.pdf). Margt bendir því til þess að mikilvægt sé að tryggja beitardýrum aðgengi að beitargrösum til að auka gæði afurðanna fyrir heilsu manna.



Enzian blómið (Gentiana sp.), frænka Dýragrassins íslenska, sem gefur svissneska ostinum hið sérstaka bragð. Mynd / wikipedia



**Mountain Flower Enzian-ostur með innstimpluðum myndum af „frænku“ Dýragrassins.** Mynd / http://qualitycheese.net/products/mountain-flower-enzian/

*Áhrif umhverfisþátta á beitarplöntur og „terroir“*

Vegna þess að efnin sem plöntur mynda eru háð umhverfisþáttum er efnainnihald beitarplantna háð stað og tíma – þau eru breytileg frá einum stað til annars, háð þroskunarstigi plantna og oft beitarálagi.

Aukaefnin eru líka oft bragð- og lyktarsterk; sérstaklega terpenar, og þessi efni skila sér í afurðir þeirra dýra sem plönturnar bíta. Þannig eru afurðir beitardýra í raun „merkt“ mismunandi svæðum og tíma. Þessi bragðgæði afurðanna, sem endurspegla sérstakar umhverfis- og framleiðsluaðstæður á tilteknum stöðum, er kallað „terroir“. „Terroir“ matvæli eru sælkeramatvæli, í mun hærri verðflokki en svipuð „venjuleg „matvæli. Frakkar eru sérfræðingar í „terroir“ og fjölmargar afurðir hjá þeim bera merki „terroir“ – langflestar byggja þær á aldargömlum hefðum. Dæmi um slíkar vörur eru Roquefort-osturinn; sauðaostur sem aðeins er framleiddur hjá bændum í Roquefort-sur-Soulzon í Suður-Frakklandi þar sem hellir með „réttri myglutegund“ er notaður við að þroska ostana. Þá hafa Svisslendingar sérstakan ost sem einungis er framleiddur á tilteknum tíma í fjöllunum, þegar jurtir af ættinni Gentiana, náskyldar okkar Dýragrasi ( Bláin), eru í blóma en þær gefa sértakt bragð af mjólkinni. Sá ostur heitir Mountain Flower Enzian (Mynd 1) og hefur komist á lista yfir „bestu osta heims“ (http://specialtyfoodmagazine.epubxp.com/i/139333-jul-aug-2013/27). Dæmi um slíka framleiðslu hér heima eru „hvannalömbin“ úr Dalasýslu, sem er beitt á hvönn tiltekinn tíma fyrir slátrun. Hvönnin gefur kjötinu meiri kryddlykt og – bragð og hefur verið eftirsótt, ekki síst af matreiðslumönnum.

*Vottun „terroir“ matvæla*

Margar þjóðir hafa tekið upp sérstaka vottun fyrir sín „terroir“ matvæli – upprunamerkingu til að tryggja sérstöðu þeirra og að tryggja að einungis „rétt“ vara fari á markað undir tilteknum vöruheitum. Í Frakklandi heitir merkið AOC – Appellation d'Origine Contrôlée – en Evrópubandalagið hefur einnig innan sinna vébanda slík merki – merki um uppruna og sérstöðu. Evrópubandalagsmerkin eru þrjú – Protected designation of origin (PDO), Protected geographical indication (PGI) og Traditional specialities guaranteed (TSG) (sjá ramma eða Mynd 2).

Vörur sem hljóta Protected designation of origin – PDO-vottun – þurfa að vera, að öllu leyti, framleiddar á þeim stöðum sem gefa hið sérstaka bragð og áferð. Staðir þurfa að vera landfræðilega afmarkaðir – í sumum tilfellum heilu löndin og gæði vörunnar eru þá alfarið bundin við náttúru og menningu hins tiltekna svæðis. Sérstaða vörunnar er þannig bæði vegna tiltekinna umhverfisaðstæðna en einnig þurfa að koma til hefðir svæðisins við framleiðslu vörunnar.

Um vörur sem hljóta Protected geographical indication – PGI-vottun – gildir svipað og um PDO vörurnar nema að ákvæðið er ekki eins þröngt og varan getur fengið vottun þó svo að hún sé aðeins að hluta framleidd á tilteknu svæði með tiltekinni aðferð. Sem dæmi má nefna spönsku Jamón ibérico skinkuna sem er hefðbundin afurð svartra ibérico svína en nægjanlegt er að hjarðirnar séu 50% svört ibérico svín til að kalla megi skinkuna Jamón ibérico.

Síðastnefnda merkið er Traditional specialities guaranteed – TSG er mun víðara og ólíkt hinum tveimur merkjunum tengist það ekki nauðsynlega tilteknu landsvæði, heldur er aðeins verið að tryggja tiltekna eiginleika sem fyrst og fremst tengjast hefðbundinni framleiðsluaðferð sem kynslóðir hafa miðlað áfram, með að lágmarki 30 ára sögu. Í þessu tilviki þarf að liggja fyrir hvaða sérstöku eiginleika vörunnar er verið að tryggja.

Þegar þessir viðurkenningarstimplar Evrópubandalagsins eru skoðaðir vaknar sú spurning hvort ekki sé rétt að láta á það reyna hvort einhverjar íslenskar landbúnaðarvörur geti ekki fallið þar undir. Samkvæmt heimasíðu Evrópubandalagsins þá geta lönd utan EB sótt um slíka vottun (http://ec.europa.eu/agriculture/quality/schemes/index_en.htm ). Íslenska lambakjötið er framleitt með sérstöku búfjárkyni sem hefur verið með þjóðinni síðastliðin 1100 ár. Af hefð gengur íslenskt fé á úthaga sumarlangt og lömbum er slátrað að hausti þegar féð kemur af fjalli. Lítið er vitað um efnasamsetningu íslenskra afréttargrasa í samanburði við sambærileg erlend grös en þær rannsóknir sem liggja fyrir benda til þess að þar sé töluverður munur á (sjá t.d. mælingar Elínar S. Ólafsdóttur á íslenskum Alchemilla tegundum; maríustakk og ljónslöpp http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0305197801000382), og er það í samræmi við það sem almennt er vitað og lagt til grunna í ofangreindum vottunarstöðlum. Ætti að vera nokkuð ljóst að afurðir af því fé sem slátrað er beint af hreinum íslenskum afréttum hljóta að vera í öðrum gæðaflokki en af því fé sem gengið hefur á ræktuðum beitarhaga sunnar í Evrópu. Er ekki full ástæða til að láta á það reyna að fá fulla vottun PDO á grunni landfræðilegrar sérstöðu, sérstaks búfjárkyns og sérstakrar hefðbundinnar framleiðsluaðferðar (afréttarbeitar)? Fréttir af sölu íslensks lambakjöts á útsöluverði í Noregi hlýtur að hvetja til að slík umsókn sé tekin til skoðunar.

*Anna Guðrún Þórhallsdóttir*
*Landbúnaðarháskóla Íslands*

mast Matvælastofnun

## Dýraeftirlitsmaður

**Matvælastofnun leitar að dugmiklum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sérfræðings við eftirlit með aðbúnaði og velferð dýra á Austurlandi. Miðað er við að starfsstöð sé á Egilsstöðum en aðrir staðir í umdæminu koma til greina.**

Helstu verkefni og ábyrgð:

Eftirlit með dýrahaldi þ.á.m. fóðrun, merkingum og aðbúnaði, móttaka og úrvinnsla tilkynninga um illa meðferð á dýrum, öflun og úrvinnsla hagtalna, eftirlit með skráningum um dýrahald og önnur eftirlitsverkefni.

Umsóknarfrestur er til og með **15. nóvember.**

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á vef Matvælastofnunar:

Hæfnikröfur:

- Dýralæknismenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. búvísindi
- Reynsla af opinberu eftirliti er æskileg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur
- Gott vald á íslensku, talaðri og ritaðri
- Skipulagshæfileikar, drifkraftur og geta til að starfa sjálfstætt
- Samskiptafærni
- Góð almenn tölvukunnátta

www.mast.is






# TRAUST VINNUTÆKI TIL ALLRA VERKA



## EU20i

EU 20i rafstöð sem búin er hægagangsgangráði og getur hliðtengst öðrum mótor og tvöfaldað þar með afköstin. 230 V - 2000 VA 50 Hz Riðstraumur eða 12 V-8,0 A jafnstraumur til rafgeyma-hleðslu.

## EG5500

Léttbyggð rafstöð sem byggð er til að standast álag og vinna á fullum afköstum við krefjandi aðstæður. Kjörin fyrir verktaka, bændur eða iðnaðarmenn. Rafstöðin er með 11 hestafla loftkældum, fjórgengis bensínmótor.

## WX10

Létt of handhæg vatnsdæla. Afköst: 130 lítrar á mínútu, hámarks lyftihæð 35 m. Hámarks soghæð 7 m. Dælan hefur 25 mm (1”) inn- og útganga, gegnumstreymis-hlaup er 5 mm. Dælan er drifin af fjórgengis loftkældum 1,5 hestafla umhverfisvænum smámótor.

## WB30

Öflug vatnsdæla kjörin þegar þarf að dæla miklu magni á mjög skömmum tíma. Sterk-byggð og endingargóð grind. Afköst: 1.100 lítrar á mínútu ($66 m^3/t$) 23m lyftihæð. Dælan er drifin 4,8hö GX160 mótor sem þolir vel mikið álag.

HONDA
www.honda.is

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is



# Valtra A93H
## Enn meiri þægindi

VALTRA



Frábær hönnun sem sameinar einfaldleikann og tæknina á skemmtilegan hátt. Vélin ræður vel við þriggja til fjögurra skera plóga ásamt meðalstærð af tæturum á sama tíma og hún er afskaplega lipur ámoksturtækjavél. Lengd á milli hjóla ásamt réttri þyngdardreifingu gerir hana mjúka í akstri og stöðuga úti á túni. Aðgengi inn og út úr öku-mannshúsi er með því besta sem gerist.

- Sisu disel 3cyl common Rail 101 hestöfl, einkar sparneitin.
- Ámoksturstæki með dempara og þriðja sviði.
- Vökvavendigír (handbremsa í vendigír).
- Vökva aflúrtakskúpling.
- Hægt að stoppa vélina við mokstur og rúllun með því að stíga á bremsupedala.
- Rafmagnskúpling fyrir gírskiptingu.
- Rafstýrt beisli með rofum á bretti.
- Dekk framan 380/70R24.
- Dekk aftan 480/70R34.
- 90l. olíutankur.



Tilboðsverð með tækjum og 1,8m skóflu:

**7.960.000,-**

Verð án vsk. m.v. 142 €
Kr. 9.870.400 með vsk. m.v. 142 €

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

1 árs ábyrgð og +3 ára framhaldsábyrgð með Valtra 3+



# UPPSKERUHÁTÍÐ

***Föstudaginn 13. nóvember verður haldinn uppskeruhátíð á Hótel Smyrlabjörgum***

**Borðhald hefst kl 20:00**

Veislustjóri verður Guðni Ágústsson
Kaleb Joshua mun leika fyrir dansi

**Miðaverð er 6500 kr á mann**

Sérstakt tilboð verður á gistingu eða 6000 kr á mann.
Miðapantanir í síma **478-1074**

**Allir velkomnir**

Smyrlabjörg






**Leitið upplýsinga á www.gardar.info**

Garðar byrjaði að mæla rafbylgjur úr jörðu og rafbylgjur sem kom úr tenglum, tölvum, gsm símum og ljósum.
Allar þessar bylgjur hafa áhrif á fólk og skepnur og geta valdið ýmsum kvillum, svo sem:

- Mígreni
- Höfuðverk
- Svefntruflunum
- Vöðvabólgu
- Exemi
- Þurrk í húð vegna tölvu
- Fótverkjum
- Júgurbólgu
- Myglusvepp
- Skepnudauða
- Fósturskaða í dýrum

Lamba- og ærdauði gæti verið út frá rafmagni.

**Verð á Patreksfirði og Tálknafirði næstu daga**



# IÐNAÐARHURÐIR
# BÍLSKÚRSHURÐIR



- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir | Sími 564 0013 | www.ishurdir.is | ishurdir@ishurdir.is

# Áburður í lífrænni grænmetisræktun

## – niðurstöður úr gróðurhúsatilraunum

**Frá og með 1. júlí 2013 var sveppamassi bannaður í lífrænni grænmetisræktun vegna þess að hann inniheldur hænsnaskít úr hefðbundinni hænsnarækt.**

Lífræn ræktun hænsnfugla er lítil sem engin á Íslandi og lítið sem fellur til af hænsnaskít sem myndi henta í lífrænt vottaðan sveppamassa. Áður höfðu grænmetisbændur í lífrænni ræktun einkum notað sveppamassa til áburðargjafar. Því var brýn þörf á því að finna aðra áburðargjafa sem uppfylla næringarþarfir plantna og má jafnframt nota í lífrænni ræktun. Í ljósi þessa var Landbúnaðarháskóli Íslands að fylgjast með niturlosun (N) úr mismunandi lífrænum áburðargjöfum. Verkefnastjóri var Christina Stadler og verkefnið var unnið í samstarfi við lífræna ræktendur og var stutt af Sambandi garðyrkjubænda. Niðurstöður úr pottatilraun með nokkrum mismunandi lífrænum áburðargjöfum voru kynntar í Bændablaðinu, 13. tölublaði, 04.07.2013, blað nr. 398. En núna verða kynntar niðurstöður úr gróðurhúsatilraunum með basilíku, tegund með stuttan vaxtartíma, og tómötum og papriku, tegundir með lengri vaxtartíma.

*Tilraunaskipulag*

Úrval úr þeim áburðartegundum, sem notaðar voru í pottatilraun, var prófað í gróðurhúsatilraunum. Notaður var sveppamassi, kúamolta, hænsnamolta, leifar frá fiskiðnaði (fiskimjöl) og innfluttur verksmiðjuframleiddur áburður Pioner complete 6-1-3® (fljótandi áburður sem byggist á sykurrófum og sykurreyr) í vorræktun af basilíku (Ocimum basilicum L., yrki 'Genovese'). Sveppamassi, kúamolta, fiskimjöl og Pioner-complete 6-1-3® var prófað í gróðurhúsatilraun með papriku (Capsicum annuum, yrki 'Ferrari') og tómötum (Lycopersicum esculentum MILL., yrki 'Encore' og 'Dirk'). Einnig var meðferð þar sem hvítsmára var sáð eftir útplöntun grænmetis.

Í töflu 1 hér á eftir má sjá magnhlutfall niturs (N) og kolefnis (C) í hverri áburðartegund fyrir sig og einnig hlutfall C/N en það skiptir miklu máli í ræktun. Niturinnihald var lágt í sveppamassa og moltu úr búfjáráburði (1,9-2,6 %) og mest í fiskimjöli (sjá töflu). Kolefnisinnihald var mjög mismunandi milli áburðargjafa og C/N hlutfall var almennt hærra í moltu úr búfjáráburði en í fiskimjöli og tilbúna áburðinum.

Samkvæmt niðurstöðum úr tilraunum með basilíku í Þýskalandi og einnig reynslu ræktenda á Íslandi var 1.000 mg af N í hvern pott blandað í moldina. Til viðmiðunar var notuð sama aðferð án áburðar. Sáð var 20 fræjum í hvern pott (10 cm) þann 21.03.2013. Basilíka var ræktuð undir háþrýsti-natríumlömpum (HPS) með 120 W/m2 topplýsingu í 18 klst. Hitastigið var 22 °C / 17 °C (dag / nótt) og loftræsting hófst við 24 °C. Uppskera og upptaka niturs í basilíku var mælt.

Jarðvegurinn fyrir tómata og papriku var með hátt hlutfall af lífrænu efni (Corg: 21 %) og vel hlaðið af næringarefnum (Nt: 1,4-1,5 %, pH: 6,3-6,4, PCAL: 309-321 mg/100 g þe., KCAL: 27-33 mg / 100 g þe.). Bil milli tómataplantna var 49,25 cm og 48,25 cm milli paprikuplantna og þéttleiki var 2,5 / 3,3 plöntur / m² (tómatar / paprika með 2 toppar / plöntu). Áburði var blandað í efri hluta jarðvegs. Borið var á 30 cm breitt svæði, alls 200 kg N / ha skipt í fernt (4 × 50) árið 2013 og 250 kg N / ha skipt í fimm hluta (5 × 50) árið 2014 yfir vaxtatímabilið, sem var sjö mánuðir. Til viðmiðunar var notuð sama aðferð án áburðar. Uppskera af tómötum og papriku var mæld og jarðvegssýni tekin reglulega og nítrat-N mælt. Ræktunartímabil var frá 09.04-28.10. 2013 og frá 19.03-14.10. 2014 (tómatar) og frá 17.04-25.11. 2013 (paprika). Hitastigið á tómötum var 21 °C / 17 °C (dag / nótt) og á papriku 24 °C / 18 °C (dag / nótt). Paprika var ræktuð undir háþrýsti-natríumlömpum (HPS) með 120 W/m2 topplýsingu í hámark 16 klst.

Tafla 1: **N, C og C/N efni af tilrauna áburði**

| Áburður | N (%) (mg/l)* | C (%) (mg/l)* | C/N |
|---|---|---|---|
| Sveppamassi (tilvísun) | 1,91 | 22,2 | 11,6 |
| Kúamolta | 1,92 | 21,7 | 11,3 |
| Hænsnamolta | 2,57 | 20,3 | 7,9 |
| Fiskimjöl | 10,94 | 42,7 | 3,9 |
| Pioner complete 6-1-3® | 216* | 609* | 2,8 |




Mynd 1. Þurrefni mælt í uppskeru basilíku og illgresis. Grafið gefur til kynna marktækan mun (HSD, p ≤ 0,05).




Mynd 2: Mismunandi niturnýting í basilíkutilraun. Grafið gefur til kynna marktækan mun (HSD, p ≤ 0,05).

Tafla 2: **Verð á lífrænum áburði**

| Áburður | ISK / kg ISK / l* | ISK / kg N ISK / l* N |
|---|---|---|
| Sveppamassi | 6* | 291 |
| Fiskimjöl | 185 | 1691 |
| Pioner complete 6-1-3® | 457 | 864** |
| * Rúmþyngd: 450 kg/m3) | | |
| ** Tilbúin blanda | | |




Mynd 3: Uppskera af papriku (a) og tómötum árið 2013 (b) og tómötum árið 2014 (c) eftir mismunandi áburðargjöfum. Grafið gefur til kynna engan marktækan mun (HSD, p ≤ 0,05).

*Niðurstöður og umræða*

Pottatilraunin var gerð til að ákvarða uppskeru og nýtingu basilíku á nitri í lífrænum áburði. Fræ af basilíku spíraði aðeins í pottum án áburðar, með sveppamassa og með áburði frá kúm en ekki með hænsnamoltu, fiskimjöli eða Pioner complete 6-1-3®. Spírun var um 90 %. Þurrefni uppskeru af basilíku eftir mismunandi meðferð var mæld. Mikið illgresi var við notkun af kúamoltu. Þurrefni í uppskeru var ekki mismunandi milli meðferða við fyrstu uppskeru hvort sem uppskera var mæld með eða án illgresis. Uppskera af basilíku jókst verulega frá fyrstu uppskeru til annarra og einnig jókst uppskera af illgresi verulega. Í annarri uppskeru, eftir þrjá og hálfan mánuð, fékkst meira uppskera þar sem sveppamassi var notaður í samanburði við kúamoltu. En þegar illgresi var talið með var þurrefnis uppskera marktækt hærri í kúamoltu í samanburði við sveppamassa og án áburðar (mynd 1).

Upptaka niturs í basilíku og illgresi var lág (mynd 2) og sambærileg við niðurstöður úr rýgresistilraun sem kynnt voru í Bændablaði nr. 398.




Vegna mikils N framboðs í jarðvegi úr gróðurhúsi var ekki marktækur munur milli áburðarliða í tómata og papriku uppskeru og jafnvel ekki í samanburði við liðinn án áburður (mynd 3). Heldur meiri uppskera fékkst árið 2014 við notkun á Pioner complete 6-1-3® en munur var ekki marktækur. Almennt var uppskeran lág. Ástæða þess var líklega mun minni náttúruleg sólarinngeislun á öllu vaxtartímabilinu samanborið við fyrri ár.

Áburður hafði veruleg áhrif á nítrat í jarðvegi (mynd 4). Aukning á nítrati í jarðvegi var hæst eftir notkun af fiskimjöli og Pioner complete 6-1-3®. Kúamolta og sveppamassi jók nítrat í jarðvegi mun minna í samanburði við fyrrnefnda áburði. Að sá smára með gaf enn minna nítrat í jarðvegi en viðmið án áburðar. Það jók nítrat í jarðveginum að hræra í efsta laginu nokkrum sinnum (t.d. við áburðargjöf) yfir vaxtatímabilið og ætti því að vera hluti af betri áburðarstjórnun.

Þegar einungis er verið að skoða kostnað við eitt kg af N, virðist sveppamassi vera ódýr áburður (tafla 2). Hins vegar, þegar athuguð er N nýting, eru bæði fiskimjöl (N nýting: um 75 % → 2.200 ISK fyrir 1 kg af lausu N) og Pioner complete 6-1-3® (N nýting: um 85 % → 2.500 ISK fyrir 1 kg af lausu N) ódýrara en sveppamassi (N nýting: um 10 % → næstum 3.000 ISK fyrir 1 kg af lausu N). Að taka fleiri ár í reikninginn myndi líklega jafna muninn, því að sveppamassi gefur ekki aðeins nítrat á áburðargjafarárinu.

*Ályktun*

Bann við notkun sveppamassa ætti í raun ekki að hafa áhrif á lífræna ræktun grænmetis þar sem til er að minnsta kosti jafn góður áburður (molta úr búfjáráburði) eða jafnvel betri áburður (t.d. fiskimjöl) á svipuðu verði á markaði.

*Christina Stadler,*
*Landbúnaðarháskóla Íslands, Reykjum, Hveragerði*

# RÉTTU JEPPADEKKIN KOMA ÞÉR ALLA LEIÐ

Jeppi stendur ekki undir nafni nema hann sé vel dekkjaður. Ef þú vilt nýta til fullnustu, orku, akstureiginleika og öryggi jeppans, skiptir sköpum að velja réttu dekkin. Þegar jeppadekk eru annars vegar búum við yfir áratuga reynslu og þekkjum þá eiginleika sem breytilegar akstursaðstæður kalla á.




Fáðu aðstoð við val á jeppadekkjum hjá söluaðilum okkar um land allt

Bílabúð Benna
BENNI.IS / 590 2045

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI BÍLABÚÐAR BENNA
TANGARHÖFÐA 8
REYKJAVÍK

REYKJAVÍK: TANGARHÖFÐA 15
GRJÓTHÁLS 10 / FISKISLÓÐ 30
GARÐABÆR: LYNGÁS 8
REYKJANESBÆR: NJARÐARBRAUT 9

NESDEKK
NESDEKK.IS / 561 4200












Topplausnir
www.Topplausnir.is - S: 5177718






Hægt er að skoða **Tímarit Bændablaðsins** 2015 á **bbl.is**

## Tímarit Bændablaðsins í sjónmáli

# Tryggðu þér auglýsingapláss í tíma

Tímarit Bændablaðsins vakti mikla lukku í fyrravetur. Við ætlum að endurtaka leikinn og gefa blaðið út 28. febrúar nk. Tímaritið verður yfir 100 síður og prentað á glanstímaritapappír í stærðinni A4.

Tímaritið tekur á helstu málefnum landbúnaðarins og verða efnistökin fjölbreytt.

Tímarit Bændablaðsins er prentað í 8 þúsund eintökum og dreift til allra áskrifenda, á öll lögbýli landsins og í fyrirtæki sem tengjast landbúnaðinum.

Útgáfa tímaritsins verður í kringum Búnaðarþing sem sett verður í Hörpunni 28. febrúar.

Boðið er upp á hefðbundnar auglýsingar í ritinu en í seinni hluta þess verður pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

**Verðskrá auglýsinga**
Heilsíða: 160.000 kr. án vsk.
Hálfsíða: 95.000 kr. án vsk.
Opna: 230.000 kr. án vsk.
Lógó/styrktarlína (hámark 10 lógó á síðu) = 25.000 kr. án vsk.

**Verðskrá kynninga**
Heilsíða: 130.000 kr. án vsk.
Hálfsíða: 85.000 kr. án vsk.
Opna: 210.000 kr. án vsk.

Nánari upplýsingar veittar í síma **563-0300** og netfangið **augl@bondi.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

## Smásagnasamkeppni Kennarasambands Íslands og Heimilis og skóla:

# Fjögurra ára ungbóndi úr Þistilfirði samdi bestu sögu leikskólanema

**Fjögurra ára piltur í Svalbarðshreppi, Kjartan Kurt Gunnarsson, samdi bestu söguna í flokki leikskólanemenda í smásagnasamkeppni sem Kennarasamband Íslands og Heimili og skóli efndu til í september.**

Að sögn Gunnars Kjartans Þorleifssonar og Inu Leverköhne var smásagnasamkeppnin haldin meðal nemenda á öllum skólastigum. Þema keppninnar var „kennarinn“. Þriggja manna dómnefnd mat allar sögur og valdi bestu söguna í fjórum aldurshópum.

Kjartan Kurt Gunnarsson er 4 og hálfs árs gamall, kátur og áhugasamur ungbóndi á sauðfjár- og geitabúi í Þistilfirði. Hann er alltaf spenntur fyrir og tilbúinn til þess að láta lesa bækur fyrir sig, og það er lesið fyrir hann alla daga. Mesta yndið hefur Kjartan af bókum er fjalla um tæki og tól, svo sem í landbúnaði, á bílaverkstæði, við húsasmíði, á sjúkrahúsi o.fl.

Kjartan er ákaflega hugmyndaríkur bæði í huga og framkvæmd og mjög duglegur að skapa nýja hluti og nýjar sögur. Þá elskar hann að semja og segja heillangar og flóknar sögur þar sem uppspuni og frásögn blandast gjarnan á ótrúlegastan hátt. Verðlaunasagan hans er gott dæmi um það.


Verðlaunahafarnir og fulltrúar Kennarasambands Íslands.

Verðlaun fyrir fjórar bestu sögurnar voru afhent við hátíðlega athöfn í Kennarahúsinu í Reykjavík á Alþjóðadegi kennara þann 5. október. Kjartan Kurt skrapp að sjálfsögðu suður til þess að taka við verðlaunum sínum og var hæstánægður og glaður. Saga Kjartans er svona:

*Kennari minn*

Kennari minn heitir Sidda Líf og hún missti skóinn á götunni. Þá tók hún skóinn og klæddi sig aftur í. Bíllinn stoppaði strax þegar hann sá skómerkið. Hún fór í leikskólann og klæddi sig í stíbba.

Ég ætla að segja um annan kennara sem heitir Halla. Hún var að smíða tölvu fyrir mig úr spýtum og pappír og blöðum. Það er sko í þykkjustunni svona spýtu með svona kringlótt oná.

Ég vil að Sidda Líf leiki djús og ég vil hafa leikrit í leikskólanum.

Nú er sagan búin.

*/HKr*


Kjartan Kurt Gunnarsson við móttöku verðlaunanna.




## Bækur

# Inndjúpið

**Jón Páll Halldórsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Norðurtangans á Ísafirði, hefur sent frá sér enn eina bókina sem snertir mannlíf og atvinnuhætti fyrir vestan.**

Jón hefur áður skrifað bækur um sjávarútveg og komið að ritun fjölda annarra bóka. Þá var hann til margra ára fréttaritari Morgunblaðsins á Ísafirði. Nýja bókin heitir Inndjúpið og undirtitillinn er; bæir og búendur í innanverðu Ísafjarðardjúpi - Snæfjallaströnd, Langadalsströnd, Vatnsfjarðarsveit og Ögursveit.



Það má sannarlega segja að bókin geymi hafsjó af upplýsingum, heimildum og myndum af bæjum og fólki í Inndjúpinu þar sem flestir bæir eru nú komnir í eyði. Að því leyti má segja að um ómetanlegt verk sé að ræða, því stöðugt erfiðara verður að ná í heimildir frá þeim sem staðkunnugir voru á svæðinu og þekktu líf íbúanna af eigin raun.

*Síðasta bókin*

Þessi bók er því sannkallað stórvirki, ekki síst ef haft er í huga að Jón er orðinn 86 ára. Hann sagði í samtali við Bændablaðið að þetta væri síðasta bókin sem hann skrifaði. Betra væri að hætta áður en minnið færi að trufla sig í skrifum og efnisvinnslu. Þá væri hætt við að heimildir gætu farið að ruglast. Hann er samt ekki alveg af baki dottinn og er enn að veita aðstoð við efnisöflun fyrir rit Sögufélags Ísfirðinga.

*Að varðveita minningu fólksins í Djúpinu*

„Ég vona að með þessari bók hafi mér tekist að varðveita minningu þess fólks sem þarna átti heima,“ segir Jón. „Ég reyndi eftir bestu getu að afla upplýsinga en viljandi sneiddi ég hjá að vera með allt of miklar upptalningar á mannanöfnum, því það þreytir fólk bara við lestur.“


Ein af fjölmörgum áhugaverðum myndum í bókinni. Hér fer fram sauðfjárslátrun á Skarði árið 1928. Þarna er Hjalti Einarsson að hækla, Kristján á Litlabæ að flá, Kristjana Helgadóttir býr sig undir að sundra og Helgi, bóndi á Skarði, að aðskilja.
Mynd / Guðmundur Breiðdal.

*Ör fækkun íbúa*

Í inngangi þessarar nýjustu bókar Jóns Páls segir m.a.:

„Við lok fimmta áratugarins var búseta á nánast öllum bæjum í Inndjúpinu, aðeins nokkur kot voru fallin úr ábúð. Árið 1950 voru 400 íbúar í fjórum hreppum Inndjúpsins. Þeim fór síðan fækkandi næstu árin, fækkaði um 50 manns á hverjum áratug næstu þrjá áratugina, voru orðnir 253 árið 1980. Þeim fækkaði síðan um rúmlega 100 næstu tíu árin, voru 151 í árslok 1990. Nú er búseta með hefðbundnum búskap á átta bæjum á svæðinu, á þrem bæjum er rekin þjónusta við ferðamenn og hlunnindabúskapur er í Æðey og Vigur á sumrin.“

Bókin er seld í Eymundsson og fleiri bókaverslunum auk þess sem hægt er að nálgast hana hjá Sögufélagi Ísfirðinga. */HKr.*

GLUGGAVINIR
ALLAR TEGUNDIR AF GLUGGUM OG HURÐUM
S:571-0888 • GLUGGAVINIR.IS

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá.
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 / 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg

Savage Arms
Ný sending
ACCUTRIGGER
ACCUSTOCK



93R17 FV cal 17 HMR Límtrés skepti blámað hlaup
kr. 74,900
10FCP-SR CAL 308 24" hlaup Fluted snittað TACTICAL RAIL
kr.159,000
MarkII FVXP með 3-9x49 sjónauka cal: 22 LR
kr. 67,900
AXIS XPII með þungu hlaupi CAL 223
kr. 78,900
Vesturröst
Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is

NÁM MEÐ STARFI



DREIFNÁM
Borgarholtsskóli býður upp á nám fyrir:
- Félagsliða
- Félags- og tómstundaliða
- Leikskólaliða
- Skólaliða
- Stuðningsfulltrúa í skólum
- Viðbótarnám félagsliða
- Viðbótarnám leikskólaliða

Umsóknarfrestur er til 1. desember.
Upplýsingar um námið veitir Þórkatla Þórisdóttir í síma 8561718 Netfang: thorkatla@bhs.is
Heimasíða skóla: www.bhs.is
BHS Borgarholtsskóli bóknemnt • handmennt • siðmennt
Nám á netinu

Vatnsdælur, háþrýstidælur og rafstöðvar
Hjá Dynjanda færðu öflugar rafstöðvar, vatns- og háþrýstidælur í mismunandi stærðum og gerðum.
Við veitum þér faglega aðstoð.
Hafðu samband.







Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is
DYNJANDI
allt fyrir öryggið

DÍSEL RAFSTÖÐ
VÉLIN ER AF PERKINGS GERÐ. HÚN ER NOKKURRA ÁRA GÖMUL EN LÍTUR ÚT SEM NÝ ENDA AFAR LÍTIÐ NOTUÐ, EÐA AÐEINS 115 STUNDIR. VÉLIN HEFUR STAÐIÐ ÓGANGSETT SÍÐUSTU 2 ÁR.

- Eldsneytistankur er undir vélinni sem ætti að duga í um sólarhring en það fer samt eftir álagi vélar.
- Aflið sem vélin gefur eru 400v+N+J 158,8 A 110KVA 88 KW.
- Dugar vel fyrir hvaða sveitabæ sem er og allt uppí stórt sveitasetur, eða lítið og meðalstórt fyrirtæki sem varaafl.
- Hentar vel sem varaafl fyrir viðkvæman rekstur þar sem miklu máli skiptir að ekki verði straumrof, s.s. fiskeldi, alifuglabú, ylrækt o.fl.







Áhugasamir hafi samband við Gylfa Björgvinsson umsjónarmann fasteigna hjá RB
gylfi.bjorgvinsson@rb.is
sími 895 0502

REIKNISTOFA BANKANNA | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is

Gamli traktorinn



# Emerson – Brantingham

**Landbúnaðartækin og dráttarvélarnar sem Emesson – Brantingham framleiddu eru dæmi um þann dugnað og trú á landbúnaði og tækni sem menn höfðu í lok nítjándu og við upphaf tuttugustu aldarinnar.**

Hvarvetna spruttu upp fyrirtæki framtakssamra og stórhugamanna sem þrátt fyrir góðan vilja heyra flest sögunni til.



Um miðja nítjándu öld hóf John H. Manny framleiðslu á landbúnaðartækjum í heimabæ sínum, Rockford í Illinoisríki í Bandaríkjunum. Fyrstu árin smíðaði hann hestknúnar sláttuvélar, plóga og véla til að safna hveitiöxum af plöntum úti á akri. Hveitisöfnunarvélin vann gullverðlaun á landbúnaðarsýningu í New York árið 1852 og salan gekk vel.

*Lincoln til varnar*

Vélaframleiðandinn Cyrus McCormick fór í mál við Manny vegna hönnunarinnar á hveitisöfnunarvélinni og sagði hana stolna. Manny réði sér til varnar ungan og sjálfmenntaðan lögfræðing sem vann málið en sá hét Abraham Lincoln og var síðar forseti Bandaríkjanna. Manny lést árið 1856 þrítugur að aldri.



*Talcott – Emerson*

Sama ár og Manny vann til gullverðlaunanna stofnaði hann fyrirtæki ásamt tveimur öðrum. Samstarfsmenn Manny hétu Waite Talcott og Ralph Emerson og héldu starfsemi fyrirtækisins áfram undir heitinu Talcott – Emerson eftir að Manny lést. Árið 1895 víkkuðu þeir framleiðsluna með ýmsum gerðum að jarðvegsvinnslutækjum og það á meðal herfi en sýndu engan áhuga á framleiðslu gufuknúinna tækja þrátt fyrir vaxandi vinsældir slíkra véla.

Skömmu eftir aldamótin 1900 bættist nýr liðsmaður í stjórnendateymi fyrirtækisins, ungur og efnilegur grænmetissali sem hét Charles Brantingham. Uppgangur Brantingham innan fyrirtækisins var slíkur að árið 1909 var hann orðinn forstjóri þess og heitinu breytt í Emerson – Brantingham.

*Aukin umsvif*

Brantingham var gríðarlega metnaðarfullur, útsjónarsamur og gallharður í viðskiptum. Fyrirtækið dafnaði og óx hratt með því að kaupa upp og yfirtaka önnur fyrirtæki sem framleiddu landbúnaðartæki. Eitt af þeim var Gas Tractor Co. sem, eins og nafnið gefur til kynna, framleiddi dráttarvél sem kallaðist Big Four.

30 týpan af Big Four var risastórt tröll á járnhjólum sem vó 9526 kíló og var 60 hestöfl. Mótorinn var fjögurra strokka og þvermál afturhjólanna rúmur tveir og hálfur metri.

Eftir yfirtökuna bætti Emerson – Brantingham en í og hóf framleiðslu á enn stærri vél Big Four 45. Sú dráttarvél var sex strokka og vó tæpt eitt og hálf tonn. Hönnun Big Four var engan veginn í takt við þróun dráttarvéla á þeim og framleiðslunni var hætt 1920.

*Model L*

Þrátt fyrir að hafa haldið framleiðslu Big Four áfram of lengi hófu Emerson – Brantingham hönnun á minni og liprari traktor árið 1916. Sú vél var 12 hestöfl og fékk heitið Motel L og var þriggja hjóla, tvö að framan og eitt að aftan. Model L dráttarvélin þótti illa hönnuð og fljótlega var henni skipt út fyrir fjögurra hjóla traktor sem einnig var 12 hestöfl og framleitt til ársins 1928.

*Lokað, búið, bless*

Fyrirtækið lenti í alvarlegum fjárhagskröggum á þriðja áratug síðustu aldar og lifði ekki af kreppuna 1928. J. J. Case keypti öll hlutabréf í fyrirtækinu á brunaútsölu í kreppunni og lagði starfsemi þess niður til að koma í veg fyrir að samkeppnisaðilar keyptu það og héldu rekstrinum áfram. /VH

Utan úr heimi

## Akuryrkja og kartöflurækt í Skotlandi:

# Illgresiseyðir og skordýraeitur notað á 98% uppskerunnar

## – 94% berjauppskerunnar hafa verið úðuð með varnarefnum

**Þótt framboð eldri tegunda skordýraeiturs og annarra varnarefna hafi farið verulega minnkandi á markaði í Skotlandi á undanförnum árum er hún samt enn gríðarlega mikil. Þá hefur ýmislegt verið að gerast bak við tjöldin með þróun og markaðssetningu nýrra efna sem leysa þau gömlu af hóli.**

Á síðasta ári voru notuð slík varnarefni við 98% allrar uppskeru í landinu samkvæmt úttekt, eða samtals 1.510 tonn. Efnin voru m.a. notuð við ræktun á byggi, hveiti, höfrum, olíukorni, kartöflum og belgjurtum. Þetta kom fram í breska blaðinu Farmers Weekly þann 9. október síðastliðinn. Þar kom einnig fram að 87% bænda sem stunda akuryrkju af einhverjum toga nota slík varnarefni.

Einkum er um að ræða notkun illgresiseyðis og varnarefna vegna sveppamyndunar sem samsvara um 95% þeirra „eiturefna“ sem notuð eru á skoska uppskeru. Í heild var verið að nota 1.510 tonn af varnarefnum sem geta verið þynnt enn frekar út með vatni til úðunar.

*Notkun á blóðstorkuhamlandi efnum minnkar*




Staðan hefur örlítið lagast frá 2012 og var notkun bænda á efninu Rodenticide áætluð 113 tonn sem blandað er út í vatn til úðunar, en það magn inniheldur nærri 6 kíló af hreinu virku varnarefni sem er 13% minna en notað var af virka efninu 2012. Rodenticide er langalgengasta efnið sem notað var en það er önnur kynslóð af efnum sem eru það sem kallað er „anticoagulant“ efni og koma í veg fyrir blóðstorknun og blóðsugur framleiða m.a. á náttúrulegan hátt. Rodenticide hefur mikið verið selt sem rottueitur og var m.a. áður selt undir heitinu Bromadiolone og Difenacoum. Vart þarf að taka fram að þessi efni geta verið mjög hættuleg mönnum ef ekki er varlega farið.




Notkun varnarefna í landbúnaði í Skotlandi mælt í grömmum á hektara. Dekkstu litirnir sýna mestu notkunina frá 100 til 200 grömm á hektara.




Difenacoum-varnarefnið er gjarnan selt sem rottueitur, en það veldur innvortis blæðingum.

*Megnið af berjaræktuninni notar varnarefni*

Í heild var 94% hluti berjauppskerunnar (soft fruit) úðaður með varnarefnum og til þess voru notuð 24,5 tonn af virkum varnarefnum. Þar er um að ræða notkun við ræktun á jarðarberjum, hindberjum, sólberjum og fleiri tegundum. Litlar breytingar hafa orðið á notkun varnarefna við þessa ræktun í Skotlandi á síðustu árum. Að vísu hefur áætlað magn á hvern hektara ræktarlands aukist um nærri 7%.




Bromadiolone er eitt þessara varnarefna sem líka virkar ágætlega til að drepa rottur.

Hér á landi hafa garðyrkjubændur reynt að snúa þróuninni á allt annan veg þar sem menn hafa náð verulegum árangri við að beita náttúrulegum vörnum með flugum, maurum og bjöllum. Þar er reyndar hægara um vik en í Skotlandi, þar sem framleiðslan hér fer nær öll fram inni í lokuðum húsum en ekki úti á ökrum.

*Kartöflur til sölu úðaðar með varnarefnum*

Í kartöfluræktinni er notkun varnarefna töluverð, bæði við meðhöndlun á fræjum, ræktunina sjálfa og við meðhöndlun á kartöflum til dreifingar og geymslu. Notkun efna á kartöflur áður en þær eru sendar á markað hefur aukist úr 20% árið 2012 í 47% árið 2014. Það er þvert á þróunina við kartöflur sem teknar eru frá sem útsæði. Þar hefur efnanotkunin minnkað úr 35% í 11%. Er talið að auknar kröfur um heilbrigði og hreinar afurðir til þeirra sem kaupa útsæði frá Skotlandi skýri þennan samdrátt á notkun varnarefna á útsæði. /HKr.

## Undur undirdjúpanna:

# Ný hvalategund út af ströndum Madagaskar

**Rannsóknir á erfðaefni hvalategundar sem lifir í hafinu út af ströndum Madagaskar sýna að tegundin hafi ekki verið greind áður. Lítið er vitað um lífshætti tegundarinnar og talið að einungis fimmtíu slíkir hvalir séu til.**

Getgátur um áður óþekkta hvalategund út af ströndum Madagaskar komu upp árið 2003 þegar illa farið hræ hvals rak á fjörur þar. Hræið var ólíkt öðrum þekktum hvalategundum á svæðinu og þrátt fyrir leit sást ekki annar slíkur í nokkur ár.

Tegundin, sem er skíðishvalur, hefur fengið nafnið Omura (Balaenoptera omurai).

*DNA-sýni staðfesta nýja tegund*

Árið 2011 sá hópur sjávarlíffræðinga, sem var að telja höfrunga út af strönd Madagaskar, þrjá torkennilega hvali, kú með kálf og fullorðið karldýr. Í fyrstu greindu líffræðingarnir hvalina vitlaust en við nánari skoðun á ljós- og hreyfimyndum kom í ljós að um omura-hvali var að ræða. Ári seinna rakst annar rannsóknarhópur á fjóra slíka á svipuðum slóðum.

Snemma árs 2013 var gerður út leiðangur til að leita að þessari leyndardómsfullu hvalategund. Í þeim leiðangri sást þrettán sinnum til hvala í djúpum sjó sem talið er að séu af tegundinni omura. Á síðasta ári hafði skráð tala omura-hvala sem sést höfðu náð 44 og 2014 náðist lífsýni af einum slíkum. Rannsóknir á erfðaefni lífsýnisins sýndu svo að ekki verður um villst að um áður greinda tegund er að ræða.



Eitt einkenni á hegðun omura-hvala er að þeir stoppa stutt við á yfirborðinu til að anda og lyfta sér aldrei mikið upp úr sjónum.

*Straumlínulaga skíðishvalur*

Hvalasérfræðingar segja omura vera straumlínulaga og hraðsyndan skíðishval sem fullvaxinn nær 12 metra lengd. Það sem vitað er um omura-hvali bendir til að fæðuleitarsvæði þeirra sé stórt, frá austurströnd Afríku um Indlandshaf til Ástralíu og Japan. Einnig er talið að þeir haldi sig á talsverðu dýpi milli þess sem hann kemur upp að anda.

Eitt einkenni á hegðun þeirra er að þeir stoppa stutt við á yfirborðinu til að anda og lyfta sér aldrei mikið upp úr sjónum og lyfta sporðinum upp úr hafinu þegar þeir stinga sér í djúpið aftur. Annað sem virðist einkenna hegðun þeirra er að þeir eru einfarar.

*Olíuleit við uppeldisstöðvarnar*

Vegna þess hversu hlutfallslega mikið af kúm hefur sést með kálf út af Madagaskar er talið að burðarstöðvar kúnna og uppeldisstöðvar kálfa sé þar.

Omura eru ein af sjaldgæfustu hvalategundum í heiminum og hafa verndarsinnar talsverðar áhyggjur af framtíð þeirra vegna áætlana um olíuvinnslu við strendur Madagaskar og uppeldisstöðvar þeirra. /VH

# Multione á AGRITECHNICA

**Ekki missa af Multione á AGRITECHNICA í Hannover, Þýskalandi, dagana 10.-14. nóvember.**



**Klettur** býður þér og þínum að kíkja á **Multione** básinn
á **AGRITECHNICA** í Hannover, Þýskalandi, dagana 10.-14. nóvember.

Komdu og kynntu þér allt það nýjasta sem í boði er í **Multione** tækjalínunni.

Básinn er staðsettur í **Hall 6**, **bás B10**
og gestgjafi okkar er **Ermanno Massa** frá **Multione**.

KLETTUR
SALA OG ÞJÓNUSTA

KLETTUR • Klettagörðum 8-10 • 104 Reykjavík • Sími: 590 5100



Gúmmíkvoðunni er safnað með því að skera burt þunnt lag af berkinum þannig að sárið vísi niður á við og myndi eins konar trekt.

# Gúmmí – hjólbarðar og smokkar

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Notagildi gúmmís er mikið og það er að finna í ótrúlegum fjölda hluta sem við notum á hverjum degi. Færri vita að um 40% af öllu gúmmíi sem notað er í heiminum er tappað úr trjám.**

Áætluð heimsframleiðsla á gúmmíi árið 2015 er 30,5 milljón tonn sem er 4,3% aukning frá árinu 2014. Af þessum 30,5 milljón tonnum eru 17,5 milljón tonn gúmmí sem framleitt er í verksmiðjum en 13 milljón tonn náttúrulegt gúmmí sem tappað er af trjám á gúmmítrjáaökrum.

Langmest af náttúrulegu gúmmíi er framleitt í Asíu milli 10° norðlægrar og 10° suðlægrar breiddar. Árið 2014 var framleiðslan í Taílandi tæp 4,1 milljón tonn, Indónesía var í öðru sæti með 3,2 milljón tonn. Malasía og Víetnam deildu saman þriðja og fjórða sæti með tæp 1,5 milljón tonn. Í Kína var framleiðslan nærri 856 þúsund tonn og 850 þúsund tonn á Indlandi, hún var 128 þúsund tonn á Sri Lanka, 116 á Filippseyjum og 85 þúsund tonn í Kambódíu.

Framleiðsla á náttúrulegu gúmmíi er vaxandi í Papúa nýju Gíneu, Kína og Indlandi auk þess sem lönd í Afríku eins og Nígería, Fílabeinsströndin, Kamerún og Gabon leggja stund á hana í auknum mæli.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands er innfluttu gúmmíi skipt í þrjá vöruflokka sem eru gúmmíefni til iðnaðarframleiðslu, hjólbarðar og slöngur og aðrar gúmmívörur. Árið 2014 voru flutt inn rúm 693 tonn af gúmmíi til iðnaðarframleiðslu, 4,756 tonn af hjólbörðum og slöngum og 979 tonn af öðrum gúmmívörum. Sem samanlagt gera tæp 6.500 tonn.



Gúmmíið, eða öllu heldur latexið, sem tappað er af gúmmítrjám er hvít, seigfljótandi og klístruð kvoða.

### *Framleiðslan drifin áfram af bifreiðaframleiðslu*

Aukning í ræktun á gúmmítrjám undanfarna áratugi hefur að mestu verið drifin áfram af framleiðslu á hjólbörðum fyrir bifreiðar auk þess sem gúmmí er einnig í dekkjum reiðhjóla, flugvéla og margs konar öðrum ökutækjum. Það er að finna í færiböndum af öllum stærðum, þéttingum og teygjum. Gúmmí er vatnshelt og leiðir ekki rafmagn og því mikið notað í vatnsheldan fatnað og sem einangrun utan um rafmagnskapla og víra.

Samkvæmt tollskrárnúmerum er gúmmí flutt til Íslands í margs konar formi. Náttúrulegt gúmmí, gúmmíkvoða, syntentískt gúmmí, fullunnið gúmmí, gúmmí í duftformi, gúmmí sem plötur, ræmur, pípur og prófílar. Hjólbarðar, nýir og sólaðir, slöngur, blöðrur og leikföng, vörur til heilsuverndar þar á meðal einnota hanskar, túttur, hettur og smokkar. Gúmmí er flutt inn sem fatnaður svo sem vettlingar, skór og yfirhafnir. Það eru íblöndunarefni í olíum, málningu, slökkviefni, hemlavökva og í varnarefnum gegn skordýrum, nagdýrum, sveppum og illgresi. Í tollskránni er nefnt styren-bútadíen gúmmí, karboxyl styrenbútadíen gúmmí, bútadíen gúmmí, ísóbúten-ísópren gúmmí, haló-ísóbúten-ísópren gúmmí, klóróprén (klóróbútadíen) gúmmí, akrylónítríl-



Gúmmí er undirstöðuefnið í fjölda framleiðsluvara, þar á meðal smokka.

-bútadíen gúmmí, ísópren gúmmí, etylen-própylen-ótengtdíen gúmmí og vúlkaníserað gúmmíi svo dæmi séu tekin.

### *Grasafræði*

Vinna má gúmmí úr talsverðum fjölda plöntutegunda en sú helsta og sú sem mest gúmmí er unnið úr er gúmmítré eða Havea brasiliensis.

Náttúrulegt útbreiðslusvæði gúmmítrjáa er í norðurhluta Suður-Ameríku, frá Brasilíu norður til Venesúela og í Kólumbíu, Perú og Bólivíu. Hægt er að vinna gúmmí úr tveimur öðrum tegundum innan Havea-ættkvíslarinnar H. guianensis og H. benthamiana en þar sem uppskera af þeim er lítil er ræktun þeirra takmörkuð.

Trén bera laufmikla krónu, eru sígræn og geta náð 40 metra hæð og 5 metrum að þvermáli niðri við jörð og hundrað ára aldri. Stofninn er greinalaus upp í talsverða hæð. Trefjarót sem vex og liðast um að hluta ofanjarðar. Börkurinn er sléttur og ljósbrúnn að utan en hvítur eða gulhvítur að innan vegna gúmmíkvoðu. Blöðin dökkgræn, heilrennd og þrífingruð, 7 til 10 sentímetrar að lengd og 3 til 6 á breidd. Blómin lítil og án krónublaða, kremgul að lit, einkynja en kyn vaxa á saman trénu. Aldinin eru græn með brúnum blettum, 2 til 3 sentímetrar að þvermáli og líkjast helst þremur samvöxnum berjum. Þegar berin hafa náð fullum þroska rifna þau og geta þeytt fræjunum allt að 35 metra frá móðurplöntunni.

### *Ræktun og vinnsla*

Gúmmítré þrífast best í hitabeltinu, milli tuttugustu gráða norður og suðlægrar breiddar, þar sem hitastig fer ekki undir 20° og ekki yfir 34°á Celsíus og úrkoma milli 2000 og 3000 millimetrar á ári og um 80% loftraki. Kjörhitastig er 25 til 28° á Celsíus, plantan þolir ekki frost. Kjörjarðvegur er járn- og næringarríkur og vel framræstur. Við góðar aðstæður geta trén vaxið upp í 500 metra hæð yfir sjávarmáli.

Í ræktun verða gúmmítré sjaldan meira en 15 til 25 metrar á hæð vegna þess að þau eru yfirleitt felld þegar þau hafa ná þremur tugum í aldri vegna minnkandi latex-framleiðslu. Það tekur um sjö ár að rækta tréð af fræi þar til það nær hámarksframleiðslu. Græðlingar af gúmmítrjám rækta sig illa en tilraunir með ágræðslu hafa gefist vel og stytta uppeldistíma trjánna verulega.

Vegna þess hversu mikið af skordýrum og bakteríum sækja á gúmmítré í einræktun er notað mikið af varnarefnum við ræktunina. Arsenik er eitt af þeim algengustu en því fylgir gríðarleg mengun í jarðvegi og grunnvatni.

Viður gúmmítrjáa er mjúkur en vel nothæfur til húsgagnagerðar og til útskurðar á skrautmunum. Fræin æt eftir suðu og úr þeim er unnin sápa.

Gúmmíið eða öllu heldur latexið sem tappað er af gúmmítrjám er hvít, seigfljótandi og klístruð kvoða. Kvoðunni er safnað með því að skera burt þunnt lag af berkinum þannig að sárið vísi niður á við og myndi eins konar trekt. Þar undir er skál eða einhvers konar söfnunarílát sem latexið leggst í. Bestu kvæmin gefa allt að tvo tonn af þurru latexi á hektara.



Óperuhúsið í frumskóginum. Húsið var byggt í ítölskum endurreisnarstíl á hátindi gúmmígróðans, 1885 til 1892, í borginni Manaus í Brasilíu sem á þeim tíma var lengst inni í regnskógum Amason.



Aldinin eru græn með brúnum blettum, 2 til 3 sentímetrar að þvermáli og líkjast helst þremur samvöxnum berjum.

Ástæða þess að framleiðsla á gúmmíi er mest í Asíu en ekki í Suður-Ameríku, þaðan sem plantan er upprunnin, er sveppasýking sem leggst á trén þar. Taldar eru meiri líkur enn minni á að sveppurinn eigi eftir að valda verulegan usla í gúmmítrjáarækt í Asíu innan fáeinna ára finnist ekki lækning við sýkingunni sem hann veldur eða kvæmi sem eru ónæm fyrir henni.

### *Fyrstu kynni*

Evrópumenn kynntust náttúrulegu gúmmíi í kjölfar landafundanna í vestri. Ítalinn og sagnfræðingurinn Padre d'Anghieria sem fyrstur manna ritaði um fund Mið- og Suður-Ameríku segir frá því í riti frá 1525 að hann hafi séð innfædda í Mexíkó leika sér með mjúka og eftirgefanlega bolta. Fyrsti maðurinn sem rannsakaði gúmmí út frá sjónarhorni vísinda hét Charles de la Condamine og það gerði hann í heimsókn sinni til Perú árið 1775. Skömmu seinna komst franskur vísindamaður sem hét Fresnau að þeirri niðurstöðu að gúmmí væri ekkert annað en saman hnoðuð jurtafita og af litlu efnahagslegu gagni.

Innfæddir í nýja heiminum þekktu gúmmítré vel og höfðu nytjað þau í þúsundir ára fyrir komu Evrópumanna. Indíánarnir kölluðu tréð grátvið vegna mjólkurlitaðra kvoðunnar sem lak úr því og þeir nýttu á ýmsan hátt. Meðal annars báru þeir kvoðuna á iljarnar til að auðvelda sér lífið á löngum göngum og til að halda þeim þurrum og minnka líkurnar á sveppasýkingu.

Fyrstu nytjar Evrópumanna af gúmmíi var sem strokleður til að þurrka út skrift eftir blýanta.

### *Goodyear datt niður á vinnsluaðferð*

Áhugi á gúmmíi jókst gríðarlega við upphaf nítjándu aldar og menn kepptust við að gera tilraunir með efnið og finna því hagnýtt not. Portúgalar gerðu meðal annars tilraun sem fólst í því að búa til gúmmíbelgi til að geyma í vín á löngum siglingaleiðum.

Árið 1820 var farið að vinna úr því þræði sem ofnir voru í vatnsheld klæði. Gallinn við óunnið náttúrulegt gúmmí var að það myglar með tímanum, verður mjúkt og bráðnar í hita og er óþjált og hart í kulda.

Árið 1840 rambaði efnafræðingurinn Charles Goodyear á aðferð sem fólst í því að hita gúmmí og blanda það með brennisteini og blýi sem olli því að efnið varð bæði sveigjanlegra og stöðugra. Aðferðin olli straumhvörfum og öld gúmmísins gekk í garð.

### *Hvítagull*

Samhliða því að bifreiðar urðu almenningseign varð gúmmí eitt eftirsóttasta efni í heimi. Landeigendur í Brasilíu kepptust um að rækta gúmmítré og gríðarleg auðæfi söfnuðust á þeirra hendur á meðan innfæddir, sem var smalað saman eins og skepnum til að vinna við ræktunina, fengu ekkert fyrir sinn snúð. Við upphafa ræktunar á einni gúmmíplantekru í Brasilíu voru 50.000 þrælar en þegar ræktuninni var hætt voru 8.000 enn á lífi.

Stjórnvöld í Brasilíu reyndu allt hvað þau gátu til að halda gúmmítjáræktun fyrir sig og bönnuðu útflutning á lifandi gúmmítrjám og fræjum.

Innflytjendur og farandverkamenn flykktust til gúmmíræktarsvæðanna og heilar borgir eins og Manaus, Porto Velho og Belem spruttu upp í kjölfarið. Gríðarleg auðævi söfnuðust í þessum borgum. Í hverfum gúmmíaðalsins var rennandi vatn, skólpfrárennsli og sporvagnar sem gengu fyrir rafmagni.

Manaus var um tíma helsti verslunarstaður fyrir demanta í heiminum og sagt er að ríkustu íbúarnir hafi sent óhreinan þvott til Evrópu og látið þvo hann þar.

Óperuhúsið í Manaus var byggt í ítölskum endurreisnarstíl á hátindi gúmmígróðans, 1885 til 1892, lengst inni í Amason-frumskóginum og þótti eitt það glæsilegasta í veröldinni. Þangað voru fluttir listamenn frá öllum heimshornum til að skemmta nýríkum gúmmíbarónum sem kveiktu í vindlum með hundrað dollaraseðlum til að sýna ríkidæmi sitt.

### *70.000 fræjum smyglað til Kew*

Þvert á bann stjórnvalda í Brasilíu við útflutning á fræjum gúmmítrjáa tókst breskum landeiganda, Henry Wickham, í Manaus að senda 70.000 fræ til Kew-grasagarðsins í Bretlandi árið 1876. Garðyrkjumönnunum við Kew tókst að láta 5% fræjanna spíra og eru plönturnar sem upp komu undirstaða gúmmítrjáaræktunar í heiminum í dag.

Stjórnvöld í Brasilíu urðu æf þegar upp komst um smyglið og Henry Wickhan var á lista yfir mest eftirlýstu menn þar í landi fram undir aldamótin 2000.

### *Þjóðarmorð í Kongó*

Leopold II konungur í Belgíu var hreinræktaður þrælahaldari og skíthæll í þokkabót. Á valdatíma sínum tókst honum að koma sér í gríðarlegar skuldir og á sama tíma blóðmjólkaði hann nýlenduna Kongó. Fyrst með verslun á fílabeini en síðan gúmmíi.

Í kjölfar gríðarlegrar eftirspurnar eftir gúmmíi uppgötvaðist að hægt er að vinna það úr nokkrum tegundum klifurplantna innan ættkvíslarinnar Landophia. Þær helstu eru L.owariensis, L. gentilii og L. droogmansiana og vaxa allar í Kongó. Leopold hafði hraðar hendur og krafði íbúa landsins um gríðarlegt magn af gúmmíi sem hann seldi með 700% hagnaði eftir að það barst til Evrópu.

Tímabilið frá 1885 til 1908 er sagt vera hið hörmulegasta í sögu landsins en á þeim árum var útflutningur á gúmmíi þaðan mestur. Milljónir þræla unnu sleitulaust undir eftirliti hermanna og málaliða við að safna gúmmíi úr klifurplöntunum sem uxu villtar í skógunum. Pyntingar, nauðganir og morð voru daglegt brauð. Reyndu innfæddir að stela mat var refsingin að hönd var höggvin af rétt ofan við úlnlið en reyndu þeir að flýja var fótur höggvinn af milli ristar og hnés.



Reyndu innfæddir að stela mat var refsingin að hönd var höggvin af rétt ofan við úlnlið en reyndu þeir að flýja var fótur höggvinn af milli ristar og hnés.

Talið er að 15 milljón innfæddir Kongóbúar, um 1/3 þjóðarinnar, hafi látist úr vosbúð eða verið drepnir vegna ásælni Leopolds í gúmmí sem er talsvert hærri tala en útflutningurinn þess nam í tonnum á tímabilinu.

Sögusvið bókarinnar Heart of Darkness eftir Joseph Conrad er Kongó á valdatíma Leopolds II.

### *Endurvinnsla í þágu stríðsins*

Gúmmí var orðið það mikilvægt í Bandaríkjunum á fjórða áratug síðustu aldar að þremur dögum eftir árás Japana á Perluhöfn og þátttaka Bandaríkjanna í seinni heimsstyrjöldinni hófst var hámarkshraði á hraðbrautum þar í landi lækkaður til að minnka slit á hjólbörðum. Stjórnvöld í Bandaríkjunum óttuðust svo að flæði gúmmís til landsins myndi stoppa frá Asíu að þau innkölluðu allt gúmmí í landinu sem hægt var að komast yfir. Gömul dekk, barnaleikföng, regnfatnaður og gúmmísólar, allt var sent til endurvinnslu í stærsta endurvinnsluverkefni sögunnar á þeim tíma.

### *Fíflagúmmí*

Fíflamjólk eins og finnst í túnfíflum er svipuð eðlis og latexið í gúmmítrjám og með góðum vilja og þolinmæði er hægt að vinna gúmmíkennt efni úr henni. Á árunum milli 1930 og 1950 var fífill sem kallast Taraxacum kok-saghyz ræktaður í stórum stíl í Sovétríkjunum, Þýskalandi, Svíþjóð, Spáni og Bandaríkjunum til gúmmíframleiðslu. Uppskeran náði allt að 200 kílóum af hektara í Sovét þar sem hún var mest.

## Fordlandía



Afkastageta gúmmíverksmiðjunnar í Fordlandíu var 1/3 af gúmmíþörf heimsins.

**Bandaríski iðnjöfurinn Henry Ford var stórkaupandi á gúmmíi sem hann notaði meðal annars í hjólbarða. Árið 1928 gerði Ford samning við stjórnvöld í Brasilíu um afnot af 10.000 ferkílómetrum af landi til að rækta gúmmítré.**

Í framhaldinu lét hann planta 70 milljón gúmmítrjám á landinu og hóf uppbygginguna á borg fyrir starfsmenn plantekrunnar. Ford sá fyrir fyrirmyndar samfélag þar sem áfengi var bannað og menntun var í hávegum höfð. Fljótlega eftir að framkvæmdir hófust festist nafnið Fordlandía við byggðina.

Þrátt fyrir góðan vilja og gríðarlegt fjármagn til framkvæmdanna gekk allt á afturfótunum. Starfsmenn plantekrunnar höfðu takmarkað vit á ræktun í hitabeltinu, landið hentaði ekki gúmmítrjám og sveppasýkingar og skordýraplágur lögðust á trén frá upphafi vegna þess að þeim var plantað of þétt.

Innfæddir sem ráðnir voru til starfa líkaði vistin illa. Þeir kunnu hvorki að meta hamborgara né annan mat sem þeim var boðið í mötuneytum né húsnæði að bandarískri fyrirmynd sem þeim var gert að búa í. Árið 1930 gerðu indíánar sem störfuðu í Fordlandíu uppreisn og margir þeirra flýðu út í nærliggjandi skóga.



Brasilíski herinn leitaði flóttamennina uppi og flutti í járn aftur til Fordlandíu.

Nokkrum dögum seinna slóst brasilíski herinn í leikinn og leitaði þá uppi og flutti í járn aftur til Fordlandíu. Henry Ford seldi Fordlandíu árið 1945 með gríðarlegu tapi. Framreiknað á gengi dagsins í dag nam tap Ford vegna verkefnisins 230 milljónum Bandaríkjadala sem jafngildir um 29,5 milljörðum íslenskra króna.

## Mótmæli bænda gegn landhremmingum útlendinga í Póllandi dró dilk á eftir sér:

# Ellefu pólskir bændur leystir úr haldi gegn tryggingu

## – eiga þó enn yfir höfði sér fimm til tíu ára fangelsi

**Ellefu pólskum bændum, sem handteknir voru í byrjun október þegar þeir mótmæltu vaxandi landhremmingum (land grabbing) erlendra fjárfesta, hefur verið sleppt úr haldi gegn tryggingu.**

Málinu er þó ekki lokið en stjórnvöld hafa reynt að þvo hendur sínar af málinu og vísað á að saksóknaraembættið sé sjálfstæð stofnun og saksóknara í sjálfsvald sett hvernig hann meti slík mál. Bændurnir eiga yfir höfði sér fimm til tíu ára fangelsi, verði þeir fundnir sekir í málinu. Talið er að breytt landslag vegna nýafstaðinna þingkosninga kunni að hafa liðkað fyrir því að bændurnir voru látnir lausir.

### *Hörð mótmæli*

Málið snýst um áhyggjur bænda af vaxandi ásókn stórfyrirtækja og útlendinga í ræktarland í Póllandi, eins og áður hefur verið greint frá í Bændablaðinu. Efndu bændur til mikilla mótmæla í landinu strax í vor til að vekja athygli á þessu máli og til að koma í veg fyrir að pólsk stjórnvöld samþykktu jarðasölu til erlendra áhættufjárfesta. Komu þeir m.a. upp mótmælabúðum í höfuðborginni Varsjá, lokuðu hraðbrautum og fleira.

Það eru einkum bændur með miðlungsstór fjölskyldubú og smábændur sem þurfa að geta haft aðgengi að meira landi en þeirra eigin sem hafa áhyggjur af stöðunni. Slíkt land er undir handarjaðri ríkisins sem hefur leigt það til bænda eftir þörfum. Á liðnum misserum hafa viðhorf stjórnvalda þó verið að breytast og æ meira land hefur verið selt til erlendra stórfyrirtækja og áhættufjárfesta. Þessir aðilar líta á landakaup og landbúnað sem eina bestu tryggingu sem hægt sé að fá í fjárfestingum í dag. Verðið sem fjárfestarnir eru að bjóða er mun hærra en pólskir bændur geta ráðið við og því freistandi fyrir stjórnvöld að grípa gæsina til að redda skammtímavanda.

### *Segja fæðuöryggisþáttinn stórlega vanmetinn*

Sem rök fyrir sínum málstað hafa pólskir bændur bent á að fæðuöryggisþáttur þjóðarinnar sé hættulega vanmetinn þegar stjórnvöld ákveði að selja útlendingum ræktarlandið. Um leið og Pólverjar missi landið úr sínum höndum, sé engin trygging lengur fyrir því hvert framleiðslan fari auk þess sem komandi kynslóðir í landinu missi af þeim tækifærum sem felast í nýtingu ræktarlandsins. Þetta snúist einnig um heilsufar og velferð íbúa landsins. Þar benda bændurnir m.a. á að til að tryggja hámarksarðsemi muni stórbú erlendra fjárfesta m.a. nýta sér erfðabreytt kornafbrigði til ræktunar og treysta á ómælda notkun varnarefna sem á endanum muni menga og eyðileggja jarðveginn. /HKr.




Frá mótmælum pólskra bænda í höfuðborg Póllands í maí síðastliðnum.

---

## Forseti Hvíta-Rússlands endurkjörinn í fimmta sinn:

# Vondi kallinn orðinn besti vinur Vesturlanda

**Alexander Lukashenko var endurkjörinn forseti Hvíta-Rússlands í fimmta sinn í byrjun október. Þrátt fyrir að vera sakaður um einræðistilburði og margvísleg mannréttindabrot þá horfa ráðamenn í Evrópusambandinu framhjá því vegna stuðnings hans við núverandi stjórnvöld í Úkraínu.**

Lukashenko, sem er 61 árs að aldri, hlaut hvorki meira né minna en 86,75% atkvæða frá um 7 milljónum kosningabærra manna í kosningunum. Hann hefur aldrei fengið lægra hlutfall en 75% atkvæða í fernum forsetakosningum þar á undan. Lukashenko hefur nú setið á valdastóli samfellt í nær 21 ár. Þessi úrslit hafa opinberlega hlotið blessun fjölmargra leiðtoga Evrópuríkja þrátt fyrir að Samtök um öryggi og samvinnu í Evrópu hafi greint frá því að meiri háttar vandamál hafi komið upp við talningu atkvæða í kosningunum og að misfarið hafi verið með atkvæði. Aleh Hulak, yfirmaður Human Rights Defenders for Free Elections, gagnrýnir m.a. mikla smölun í kosningunum og feluleik við atkvæðatalningu.

### *Engin vandræði með andstæðingana*

Í síðustu forsetakosningum, sem voru haldnar árið 2010, gerði Lukashenko sér lítið fyrir og lét handtaka sjö af níu mótframbjóðendum sínum.

Samkvæmt upplýsingum Amnesty International, hafa blaðamenn, sem gagnrýnt hafa Lukashenko, ítrekað verið handteknir. Í sérstakri skýrslu Sameinuðu þjóðanna um stöðuna í Hvíta-Rússlandi var sagt að mjög alvarleg takmörkun væri þar á fjölmiðlafrelsi og starfrækslu frjálsra félagasamtaka.

### *Botnlaus tvískinnungur*

Hrópandi tvískinnungur er í afstöðu Evrópusambandsins og stjórnvalda í Bandaríkjunum hvað varðar mannréttindamál og meinta einræðistilburði þegar kemur að stuðningi við Alexander Lukashenko. Hann hefur verið sakaður um margvísleg brot gagnvart þegnum Hvíta-Rússlands og er m.a. mjög hart gagnrýndur í skrifum nýbakaðs Nóbelsverðlaunahafa, Svetlöndu Alexievich, sem er frá Hvíta-Rússlandi. Hún hefur sagt að Lukashenko sé alls ekki treystandi. Fyrir vikið hafa bækur Svetlönu ekki fengist útgefnar í Hvíta-Rússlandi.

Lukashenko hefur hins vegar átt í nánum samskiptum við ráðamenn í ESB sem hafa þá ekki látið meint mannréttindabrot hans trufla sig. Þar er greinilegt að hagsmunir ESB í Úkraínu skipta meira máli en slík „lítilræði og yfirsjón“ svo mikilvægs vinar. Þannig hefur ESB í raun aflétt, vegna pólitískra hagsmunaástæðna, þeirri einangrun sem Lukashenko hefur verið í gagnvart Vesturlöndum.

Bandarísk yfirvöld höfðu áður margoft lýst Lukashenko sem síðasta einræðisherra Evrópu, en styðja hann samt þar sem hann styður stjórnvöld í Úkraínu í baráttu þeirra við uppreisnaröfl í austurhéruðum landsins. Þau öfl hafa verið studd af Pútín og rússneskum stjórnvöldum sem hafa óttast að missa aðgang að þeirri matarkörfu sem Úkraína er.

Bandaríkjamenn og Þjóðverjar hafa einmitt notað sömu skilgreiningar um meint mannréttindabrot og einræðistilburði Pútíns og notaðar hafa verið gegn Lukashenko. Munurinn er sá að viðskiptabann var sett á Rússa, með stuðningi Íslendinga, en algjörlega er horft framhjá afrekum Lukashenko í mannréttindamálum. /HKr.



Alexander Lukashenko.

---

## Viðsnúningur í pólskri pólitík:

# Hinn þjóðernissinnaði PiS-flokkur vann mikinn kosningasigur

## – náði naumum meirihluta, er andsnúinn ESB og hyggst ekki taka upp evru

**Þingkosningar voru haldnar í Póllandi þann 25. október síðastliðinn. Þar voru konur í forystusæti tveggja stærstu flokkanna. Íhaldsflokkurinn og stjórnarandstöðuflokkurinn „Lög og regla“ (Prawo i Sprawiedliwość - PiS) vann mikinn kosningasigur.**

Flokkurinn fékk 37,6% atkvæða á meðan flokkurinn sem áður hélt um stjórnartaumana fékk 24,1% atkvæða. Er þetta stærsti sigur eins flokks síðan lýðræðið var endurreist í Póllandi árið 1989.

Hlýtur þetta að teljast talsvert áfall fyrir þá viðleitni helstu leiðtoga Evrópusambandsins að draga sambandið inn í nánari samruna með mögulegri myndun Bandaríkja Evrópu.

Jók PiS-flokkurinn við sig fulltrúum á þingi um 101 og 7,69% atkvæða. Þetta atkvæðamagn tryggir íhaldsflokknum 235 sæti af 460 á pólska þinginu, eða 51%, en flokkurinn hefur verið í stjórnarandstöðu í átta ár.

Ríkjandi stjórnarflokkur, Platforma Obywatelska (PO), sem útleggja mætti sem Grunnur þjóðarinnar og er skilgreindur sem kristilegir demókratar, tapaði 59 þingsætum og 15,09% atkvæða.

Ástæða þessa viðsnúnings er m.a. talin þreyta fólks á meintri spillingu sem talin er hafa þrifist í stjórnkerfi Póllands. Einnig hvernig erlend peningaöfl hafa verið að styrkja sig í sessi í landinu.

### *Vaxandi þjóðernishyggja samhliða hagfræði vinstri manna*

Þetta eru vissulega stór tíðindi þar sem flokkurinn Lög og regla er fremur andsnúinn Evrópusambandinu. Fréttastofa Reuters metur það svo að pólitíkin í landinu hafi snúist umtalsvert yfir í þjóðernishyggju jafnframt því að halla sér að hagfræðiskoðunum vinstri manna.

Þess má geta að verð á hlutabréfamarkaði hækkaði strax eftir að úrslit kosninganna voru kunngerð, en markaðurinn hefur verið í mikilli niðursveiflu. Hins vegar lækkuðu hlutabréf í bönkum.

### *Verulega breytt landslag á pólska þinginu*

Líklegast í spilunum er að leiðtogi sigurvegaranna og væntanlegur forsætisráðherra, Beata Szydlo, muni mynda eins flokks stjórn þrátt fyrir nauman meirihluta á þingi. Þá mun Ewa Kopacz, leiðtogi fyrri meirihluta og forsætisráðherra, verða úti í kuldanum sem og leiðtogar annarra fimm flokka sem fengu kjörna fulltrúa á þing. Þar af voru tveir nýir flokkar sem fengu samtals 70 þingsæti.

Jarosław Aleksander Kaczyński, sem hefur verið formaður PiS um árabil, hefur lofað að stuðla að auknu aðhaldi í ríkisfjármálum. Einnig að stöðva einkavæðingu ríkisfyrirtækja og setja aukinn skatt á banka. Þá hefur hann einnig talað fyrir því að lækka eftirlaunaaldur og segir þvert nei við því að Pólverjar taki upp evru í fyrirsjáanlegri framtíð. Pólverjar munu því væntanlega áfram halda sig við Zloty.

Þá hefur Kaczyński haft efasemdir um þátttöku Pólverja í að taka við vaxandi straumi flóttamanna frá stríðshrjáðum löndum í Mið-Austurlöndum. Líklegt er talið að sú afstaða kunni að leiða til deilna við Þýskaland og einhver önnur ríki ESB. Þýsk stjórnvöld hafa þó lýst yfir að þau vonist eftir góðum samskiptum við nýja valdhafa í Póllandi. Það mun þó verða Beata Szydlo, oddviti íhaldsmanna, sem mun væntanlega hrinda hugmyndum flokksformannsins í framkvæmd þótt hann verði eins konar aftursætisbílstjóri. /HKr.



Beata Szydlo og flokkur hennar, Lög og regla (Prawo i Sprawiedliwość), var sigurvegari pólsku þingkosninganna og er hún væntanlegur næsti forsætisráðherra Póllands. Mynd / PiS



Ewa Kopacza, fráfarandi forsætisráðherra Póllands. Flokkur hennar, Platforma Obywatelska (PO), missti 59 þingsæti og tapaði rúmum 15% atkvæða.





Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, og Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands við undirritun samningsins.

### Starfskilyrði í garðyrkju:

# Samningur framlengdur um ár

**Þann 21. október síðastliðinn undirrituðu Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, og Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands (BÍ), samkomulag þess efnis að samningur um starfskilyrði framleiðenda í garðyrkju verði framlengdur um eitt ár – eða til 31. desember 2016.**

Eins og fram hefur komið í aðdraganda samningagerðarinnar vegna nýrra búvörusamninga, er það vilji bæði stjórnvalda og BÍ að einn sameiginlegur samningur verði gerður fyrir landbúnaðinn í heild, í stað búnaðarlagasamnings og sérsamninga um starfsskilyrði garðyrkju, mjólkurframleiðslu og sauðfjárræktar. Stefnt er á að slíkur samningur muni taka gildi 1. janúar 2017. Þar sem samningur garðyrkjubænda var að renna út í lok þessa árs var hann framlengdur á meðan gengið er frá heildarsamningnum.

Að sögn Sigurðar Eyþórssonar, framkvæmdastjóra BÍ, liggur enn ekkert fyrir um það til hvaða greina hinn nýi samningur á að ná – utan þeirra þriggja sem hafa samninga í dag. „Það hefur verið fundað með öllum búgreinafélögum sem eiga aðild að BÍ en hafa ekki samninga. Tilgangurinn var að heyra þeirra áherslur og það sem helst brennur á þeim. Fulltrúar bænda hafa að öðru leyti unnið á grundvelli stefnumörkunar sem var mótuð á Búnaðarþingi í vor og á fundum kúa-, sauðfjár- og garðyrkjubænda. Ríkisvaldið hefur jafnframt kynnt sínar áherslur,“ segir Sigurður.

### *Horfið frá greiðslumarkskerfum*

„Meðal umfjöllunarefna hafa verið hugmyndir þess efnis að horfið verði frá greiðslumarkskerfinu í mjólkur- og sauðfjárframleiðslunni á samningstímanum. Kúabændur ályktuðu á sínum aðalfundi að horfið yrði frá núverandi skipulagi en sauðfjárbændur tóku hins vegar ekki þá stefnu á sínum aðalfundi, heldur vildu draga úr vægi greiðslumarksins um tíu prósent á samningstímanum. Ríkisvaldið hefur lýst áhuga á því að skoða hvort draga megi úr stuðningi sem eigngerist og nota fremur almennari aðferðir til stuðnings. Þá hefur ríkisvaldið einnig lagt áherslu á nýliðun og skilvirkni stuðningsins. Fundað er stíft þessa dagana en niðurstaðna er ekki að vænta strax,“ segir Sigurður enn fremur um gang samningaviðræðna.

Fyrir hönd ríkisins undirrituðu Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra samning garðyrkjubænda um árs framlengingu á starfsskilyrðum þeirra. */smh*

Bændablaðið

Kemur næst út

19. nóvember





ÍSTEX
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

## Móttökustaðir fyrir ull og afhending umbúða.

| Söfnunarstaður | Flutningsaðili | Sími | Ullarpokar fást hjá | Sími |
|---|---|---|---|---|
| Mosfellsbær | Ístex hf. Völuteig 6. | 566-6300 | Ístex hf. Völuteig 6. | 566-6300 |
| Borgarnes | Magnús Kristjánsson | 892-1207 | KB. Búrekstrardeild | 430-5500 |
| Snæfellsnes | Velverk. Ystu Görðum | 894-7257 | Ragnar og Ásgeir Grundarfirði | 430-8100 |
| Búðardalur | Áfangi ehf | 666-1188 | KM þjónustan Búðardal | 434-1611 |
| Saurbær | Áfangi ehf | 666-1188 | KM þjónustan Búðardal | 434-1611 |
| Króksfjarðarnes | Áfangi ehf | 666-1188 | KM þjónustan Búðardal | 434-1611 |
| Barðaströnd | Barði Sveinsson / Nanna | 456-2019 | Barði Sveinsson Innri-Múla | 456-2019 |
| Þingeyri | Akstur og löndun ehf | 897-6733 | Neðri Hjarðardalur | 456-8137 |
| Flateyri | Akstur og löndun ehf | 897-6733 | Akstur og löndun ehf | 897-6733 |
| Ísafjarðardjúp | Akstur og löndun ehf | 897-6733 | Akstur og löndun ehf | 897-6733 |
| Hólmavík | Strandafrakt | 892-4646 | Strandafrakt. | 898-4829 |
| Bitrufjörður | Strandafrakt | 892-4646 | Strandafrakt. | 898-4829 |
| Borðeyri | Strandafrakt | 892-4646 | Kaupfélag V-Hún, pakkhús | 4511168 |
| Hvammstangi | Ullarþvottastöð | 483-4290 | Kaupfélag V-Hún, pakkhús | 455-2325 |
| Blönduós | Ullarþvottastöð | 483-4290 | N1 - Píparinn Blönduósi | 452-4545 |
| Sauðárkrókur | Ullarþvottastöð | 483-4290 | Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Eyri. | 455-4610 |
| Akureyri | Rúnar Jóhannsson | 847-6616 | Bústólpi Oddeyrargötu | 460-3350 |
| Húsavík | Rúnar Jóhannsson | 847-6616 | Úddi Fóðurvöruverslun. Trausti | 464-3450 |
| Mývatn | Rúnar Jóhannsson | 847-6616 | Úddi Fóðurvöruverslun. Trausti | 464-3450 |
| Kópasker | Vökvaþjónusta Eyþórs | 893-1277 | Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri | 893-1277 |
| Þórshöfn | Vökvaþjónusta Eyþórs | 893-1277 | Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri | 893-1277 |
| Vopnafjörður | Vökvaþjónusta Eyþórs | 893-1277 | Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri | 893-1277 |
| Egilsstaðir | Baldur Grétarsson | 861-1961 | Fóðurblandan, Egilsstöðum | 570-9860 |
| Höfn | Sigurður Rúnar Magnússon | 848-4505 | KASK Höfn Hornafirði | 470-8222 |
| Kirkjubæjarklaustur | Sigurður Rúnar Magnússon | 848-4505 | N1 - Kirkjubæjarklaustri | 487-4628 |
| Vík | Sigurður Rúnar Magnússon | 848-4505 | Kjarval verslun | 487-1325 |
| Hvolsvöllur | Þórður Jónsson | 893-2932 | Þórður Jónsson | 893-2932 |
| Flúðir | Áfangi ehf | 666-1188 | Fóðurblandan Selfossi | 570-9840 |
| Selfoss | Áfangi ehf | 666-1188 | Fóðurblandan Selfossi | 570-9840 |

**Fróðleiksbásinn**

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



# Beiskur ertu, Pipar minn – en löng er þín saga!

**Af svartpipar, piparnum sem við köllum bara pipar í daglegu máli, koma nokkrar gerðir. Fyrst og fremst er það sjálfur svartpiparinn, kornin mósvörtu, sem bæði er hægt að fá heil og möluð.**

**Svartpipar** eru næstum fullþroska aldin, rauð eða rauðbrún sem byrjað er á að setja í sjóðandi vatn í nokkur andartök áður en þau eru þurrkuð í sólinni, eða frostþurrkuð eins og gert er núorðið eftir að rafvæðing og hagræðing eru lausn á öllum málum. Svartpiparinn býr yfir bragði sem gengur með næstum öllu matarkyns. Um leið og hann leggur til eigið bragð styrkir hann bragðið af öðru sem í réttinum er. Og vinsældir hans áður fyrr byggðust ekki síst á að hann dempaði bragðið af mat sem eitthvað var farið að slá í og vegna þess að í honum er dálítil sóttvörn dró hann úr tíðni matareitrana. Annað sem ekki skyggði á piparinn eða slakaði á eftirspurninni á honum var að hann var sagður hið besta ástalyf. Hunangsblandað vín, kryddað með pipar og frjódufti af netlum átti að aftra allri tregðu í samgangi kynjanna. Og sagt er að Kleópatra hafi náð ástum Markúsar Árelíusar með því að næra hann á blómhnöppum af rósum, kryddlegnum í pipar og hunangi.

Hvítpipar er sömu aldinin, en tekin alveg fullþroskuð og lögð í vatn þar sem þau fá að gerjast dálítið svo að aldinkjötið meyrni og morkni utan af fræjunum. Svo eru þau hreinsuð og þurrkuð. Hvítpipar er mildari á bragðið en svartpipar. Hann á vel við í fiskrétti af öllu tagi, majónes, ljóst kjöt, uppstúf og ýmiss konar kálrétti.

**Grænpipar** eru aldinin óþroskuð, tekin eftir að þau hafa náð fullri stærð og soðin niður í saltpækil eða edikslög. En grænpiparkorn fást líka þurrkuð. Af grænpipar er frískt jurtabragð með mildri beiskju. Hann á vel við alls kyns fisk, ljóst kjöt, grænpiparsósu, mjúka osta og, dálítið óvænt, með jarðarberjum og rjóma.

**Rauðpipar** má endrum og eins rekast á, einkum í blöndum með heilum piparkornum. Hann er í raun fullþroska ber piparviðarins sem hafa verið þurrkuð eftir frystingu. Ekki má rugla honum saman við „rósapipar" sem eru aldin suðuramerískar trjátegundar, aldeilis óskyldri piparviðnum. Rauðpipar hefur sætara bragð en svartpipar en er annars ekki frábrugðinn honum og notaður á sama hátt.

**Piparkornin eru aldin svartpiparviðarins**, Piper nigrum, sem Carl von Linné nefndi svo í riti sínu Species Plantarum – Plöntutegundirnar – sem kom út 1753 og markaði þau þáttaskil í grasafræðinni að í henni var plöntum raðað niður á kerfisbundinn máta eftir blómgerð og æxlunarháttum. Og Linne hafði líka þann háttinn á að gefa plöntunum aðeins tvö fræðiheiti á latínu. Þetta er hið svokallaða „tvínafnakerfi Linnés". Fyrra nafnið, ættkvíslarheitið, tengdi saman skyldleikann en hið síðara, viðurnefnið, var svo sérheiti tegundanna innan hverrar ættkvíslar. Og svo kom ofan við þetta heilmikið, en frekar einfalt, kerfi ætta og fylkinga. Þetta kerfi er notað enn í dag – samt mikið endurskoðað, uppfært og endurbætt. Og ekki bara í grasafræði, heldur spannar það fræðin um allar lífverur. En nóg um það.

**Svartpipar er vafningsviður**, allt að 15 metra hár. Upphaflega óx hann í skógunum í Kerala og á Malabarströndinni í Indlandsskaga sunnanverðum en hefur á síðustu fimm til sex öldum breiðst út í ræktun um þau svæði SA-Asíu sem hafa upp á regnskóga að bjóða. Nú er ræktun á svartpipar mest í



Fullvaxin piparaldin, enn græn.




Langpipar er sterkari, allt skottið notað.



Svartpiparkorn á öllum stigum.

Víetnam. Þaðan berst ríflega þriðjungur alls þess pipars sem verslað er með í heiminum á vorum dögum. En svartpipar – og stóri bróðir hans, langpiparinn – hafa verið í ræktun í að minnsta kosti sex þúsund ár og voru lykillinn að auði og völdum konunga og kaupmanna langt fram á síðasta árþúsund, eða alveg þar til belgaldin Nýja-heimsins, með sínu sterka piparbragði, komu til sögunnar eftir að Evrópumenn fóru að gera sig gildandi í Ameríku.

**Um kynni Evrópumanna af pipar** í nútímanum má lesa um í ritum hins rómverska Plíníusar hins eldri. Hann var fæddur á árinu 23 eftir Krist og lést 25. ágúst árið 79 af völdum Vesúvíusargosins sem lagði Pompei í eyði. Plíníus var astmaveikur og þoldi ekki gufurnar sem lagði af gosinu. Plíníus var heldur gagnrýninn á ást landa sinna á piparnum og þótti nóg um þau útgjöld sem Rómverjar inntu af hendi til Indverja hans vegna. Að borga fimmtán denara fyrir pund af langpipar og sjö denara fyrir sama magn af „hvítpiparkornum" þótti honum heldur vel í lagt. Einn denari jafngilti daglaunum verkamanns. Plíníus minnist á langpipar, Piper longum, sem á uppruna sinn við rætur Himalajafjalla og er grófgerðari og bragðsterkari en svartpipar. Þeir sem til þekkja tala um að bragð langpiparsins minni á tjörulykt, leðurangan, reyk af eik og hafi langan og súr-raman eftirkeim. Af langpipar eru það ekki bara „kornin" sem eru notuð, heldur allt aldinstæðið eins og það leggur sig. Einnig er rótin brúkuð sem krydd og í lyfjagerð. Um langpipar er mikið fjallað í hinum fornu fræðum Hindúa, Ajurveda, sem skrifuð eru á sanskrít.

**Langpiparinn** þótti hafa mikinn lækningamátt – og þykir víst enn – og á hann minnist gríski læknirinn Hippokrates (um 460–370 f.Kr.) í læknisritum sínum. En langpipar er ekki lengur notaður í evrópskri matargerð. Einu kynnin sem við höfum af honum er í nokkrum indverskum kryddblöndum og karríréttum. Svartpiparinn hefur alveg leyst hann af hólmi. En langpiparinn hefur mikið verið rannsakaður af lyfjafyrirtækjum sem telja að þar megi finna margvísleg efni sem gagnast í baráttunni við illvíga sjúkdóma. Saga langpiparsins mun samt ná lengra aftur í tímann. Leið hans lá landleiðina með kaupmannalestum sem fóru á milli Norður-Indlands og vestur til landanna fyrir botni Miðjarðarhafs og alla leið til Grikklands. Eiginlega var þetta eins konar boðhlaup þar sem hver lestin tók við af annarri eftir tiltölulega stuttan spöl. Á hverjum áfangastað gerðust kaup milli manna þannig að góður virðisauki varð við hver umskipti. Á endastöð var piparinn oft kominn í verð sem var hærra en þyngd hans í gulli. Langpiparinn varð að eins konar verðbréfum sem ávöxtuðu sig vel og hækkuðu í verði eftir því sem lengra dró frá upprunastað.

**Saga svartpiparsins** er sennilega alveg jafn löng. Leið hans lá með skipum frá Malabarströndinni, yfir Indlandshaf og upp Rauðahafið að Súeseiðinu. Þar tóku Egyptar við honum og seldu áfram um Norður-Afríku og yfir til Evrópumanna, einkum Rómverja og Föníkumanna. Svartpiparinn var eftirsóttari en langpiparinn. Bragð hans var mildara og hann var ekki eins rúmfrekur í flutningi vegna þess að aðeins þurfti að flytja kornin. Og með svartpiparnum hófst eins konar einkaleyfiskerfi, mónópól, um ræktun einnar tiltekinnar plöntutegundar. Ættarhöfðingjar á Malabarströndinni og í Kerala gættu þess vel að ræktun svartpiparsins dreifðist ekki út til annarra héraða. Við verkun piparsins var komið í veg fyrir að þaðan bærust spírunarhæf piparfræ sem hægt væri að sá og stofna til nýrra piparplantekra utan svæðisins. Piparuppskeran var hituð eða gerjuð í verkuninni. Verkunin var sérhæfð og flókin en stuðlaði að því að auka gæði og verðgildi piparsins – og aftra því um leið að „ósamþykkt ræktun" færi af stað. Þetta einokunarkerfi á piparnum hélst í stórum dráttum fram á átjándu öld. Þá voru Hollendingar, Portúgalir, Frakkar og Bretar búnir að koma sér upp piparekrum víða í nýlendum sínum. Upp úr því og vegna tilkomu amerísku belgaldinpipranna hríðféll heimsmarkaðsverðið á pipar.

**En allt frá byrjun** var svartpiparinn afar verðmætur og seldist dýrt. Hvert korn gilti sem gjaldmiðill og ígildi gulls þegar best lét. Sagan segir að Atli húnakonungur (f. um 406, d. 453 e.Kr.) hafi krafist sem svarar til einnar og hálfrar smálestar af piparkornum í lausnargjald fyrir að láta af umsátri sínu um Rómaborg. Þetta fékk hann ekki, því keisararnir Martíanus (fyrir austurríkið) og Valentínus hinn þriðji (fyrir vesturríkið) neituðu að borga. En Gratía, systir Valentínusar, mun hafa verið svolítið skotin í Atla, skelminum ungverska sem kallaður var refsivöndur Drottins, og bauðst til þess á laun að giftast honum. Sumar konur hafa sérstakan smekk fyrir karlmennum. En Atli hafnaði kvonfanginu nema að hann fengi í kaupbæti og heimanmund með henni hálft vesturríkið (þ.e. Vestur-Evrópu allt til Englands). Ekkert varð samt úr því. Eftir sat Gratía ógift og jafnvel hálfspæld. En Atli varð fúll og réðst umsvifalaust í heift og bræði, kvenmannslaus og piparlaus, inn í Gallíu (Frakkland). En hvernig það fór er önnur saga. Atli lifði samt ekki lengi eftir þetta. Svartpipar var í hávegum hafður meðal Forn-Egypta. Þar var hann meðal guðlegra meðala og einungis aðgengilegur æðstuprestum og sjálfum faraóunum. Jafnvel yfir gröf og dauða, því nasirnar á múmíu Ramsesar annars voru fylltar með piparkornum. En lítið annað er vitað um piparbrúk Forn-Egypta.

**Eftir að nýlenduveldin**, einkum Portúgalir og Hollendingar, fóru að sækja pipar og fleira gott austur til Asíu á fimmtándu og sextándu öld hóf piparinn að gera sig gildandi í matreiðslu íbúa V-Evrópu. Jafnvel alla leið til Íslands. Þó var pipar þekktur á Norðurlöndum löngu fyrr. Sagt er að heilög Birgitta (f. 1303–d. 1373) í Svíþjóð hafi notað, meðal annars, þrjú kíló af pipar í erfisdrykkju föður hennar, Birgis jarls Péturssonar, lögmanns í Upplöndum. Ætt þeirra var ríkust og áhrifamest í Svíþjóð á þeim tíma. Með Austur-Indíaskipum nýlenduþjóðanna hófst samt eiginlega sú þróun heimsmarkaðar sem farið er að kalla „hnattvæðingu" á okkar tímum og allir eru ekki jafn-ánægðir með. Hér í Vestur-Evrópu urðu Hansakaupmenn áberandi og mörkuðu slóð fyrir marga eftirkomendur. Frá tíma Hansakaupmannanna eigum við hugtök eins og t.d. „piparsveinn". Það er til komið af því að piparinn var svo dýrmætur að ekki var hægt að treysta hverjum sem var til að gæta hans. Í það voru valdir ungir, vel sprækir og vopnfærir menn. Þeir þurftu að vera óháðir fjölskyldu- og tilfinningaskuldbindingum og reiðubúnir til að verja piparfarminn með lífi sínu. Fyrir þetta fengu þeir vel borgað og gátu munstrað sig úr þjónustunni eftir tiltekinn tíma, velstæðir og oftast með nóg í handraðanum til að koma undir sig fótunum við hvaðeina sem hugur þeirra stóð til. Orðskrípið „piparmey" var fundið upp löngu síðar, líklega til að ríma við piparsveinana, en hefur ekkert með pipar að gera. En kannski er samlíking við piparkornin höfð í huga þegar sagt er að einhver pipri. Þau eru þurr, samanskroppin, hörð og röm. Það er varla eftirsóknarvert fyrir nokkra manneskju að hljóta slíkt hlutskipti.

lifestream™
lífræn bætiefni fyrir alla - heilsa til framtíðar

TREYSTI Á LIFESTREAM BÆTIEFNIN!

Algjört orku- og næringarskot

„Með því að taka Lifestream Spirulina og AstaZan eykst krafturinn yfir daginn í vinnunni og æfingar seinni part dags eru ekkert mál. Vöðvarnir eru fljótari að ná sér eftir æfingar. Það að taka auka Spirulina sem er lífrænt fjölvítamín, fyrir leik er algjört orku- og næringarskot. Spirulina er líka frábær vörn gegn kvefi og flensum."

Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir

Landsliðskona í íshokkí og leikskólakennari
Fimmfaldur Íslandsmeistari
Gull- og bronsverðlaun á alþjóðamótum
Alþjóðleg dómararéttindi í íshokkí




GUARANTEED PURE & POTENT ORIGINAL GOLD STANDARD
GOLD STANDARD PREMIUM QUALITY GUARANTEED

Apótek, heilsubúðir, Krónan, Hagkaup, Víðir, Nettó og Fríhöfnin.

EYJALIND
GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

## Auglýsing vegna útboðs á veiði í

### Laxá í Hvammssveit, Dalasýslu.

Veiðifélag Laxár í Hvammssveit óskar hér með eftir tilboði í lax- og silungsveiði á starfssvæði félagsins fyrir árin 2016 til 2018 að öllum árum meðtöldum, samkvæmt útboðsskilmálum og fyrirliggjandi upplýsingum.

Útboðsgögn eru afhent hjá umsjónarmanni útboðsins, Helgu Jónu Benediktsdóttur, sími **822-3170**, **helgajonab@gmail.com**

Tilboðum skal skilað til umsjónaraðila útboðsins eigi síðar en **kl. 18:00 föstudaginn 13. nóvember 2015.**

Tilboðin verða opnuð í Norðursal á 3. hæð Bændahallarinnar við Hagatorg **mánudaginn 16. nóvember 2015, kl. 15.00** í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

**Tilboðum skal skila til umsjónarmanns útboðsins.**

**Veiðifélag Laxár í Hvammssveit**

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 19. nóvember

Sortimo



Innréttingar
Hillu- og skúffukerfi





Fyrir allar gerðir bíla

- Þrautreynt kerfi
- Öryggisprófað
- Tryggir þig gegn tjóni



RAFVER FAGMENNSKA ALLA LEIÐ
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

HAUSTTILBOÐ
Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM



70 mm bjálki / Tvöföld nótun

www.volundarhus.is

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²
með 9 m² yfirbyggðri verönd
kr. 1.599.000,- án fylgihluta.
kr. 1.899.000,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu volundarhus.is

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - BARNAHÚS 2,2m²
kr. 149.900,- án fylgihluta
kr. 169.900,- m/fylgihlutum



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² - án gólfs
kr. 299.900,- án fylgihluta
kr. 339.900,- m/fylgihlutum



28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 299.900,- m/fylgihlutum

VH/14-04

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is · Sími 864-2400




**Samkvæmt talningu á fjölda minni og stærri elda á myndum úr gervitunglum hafa þeir verið um 117. 000 frá síðustu áramótum.**
Mynd / www.themalaysianinsider.com

## Skógareldarnir í Indónesíu:

# Glæpur gegn mannkyni

**Skógareldarnir sem geisa í Indónesíu eru þeir verstu í sögu landsins og með verstu skógareldum sögunnar. Tugþúsundir hektarar frumskóga hafa logað í vel á þriðja mánuð. Búið er að lýsa yfir neyðarástandi í mörgum héruðum Indónesíu.**

Eldarnir, sem eru dreifðir um stórt svæði, hafa valdið dauða tuga manna í borgum Indónesíu og ótöldum fjölda dýra í skógum landsins þar á meðal orangúta og tígrisdýra í útrýmingarhættu. Hundruð þúsunda landsmanna þjást af öndunarerfiðleikum vegna reykjarins sem leggur frá eldunum og er mengun svo mikil að þurft hefur að loka skólum og stofnunum í landinu vegna hennar.

Indónesía er eyjaklasi í Suðaustur-Asíu sem samanstendur af þúsundum eyja og fjöldi íbúa vel yfir 200 milljónir. Landamæri landsins liggja að Papúu-Nýju Gíneu, Austur-Tímor og Malasíu. Íbúar landsins eru 256 milljónir og skiptast í fjölda þjóðarbrota og eru 87% þeirra múslímar.

### *Eldarnir kveiktir viljandi*

Talið er að eldana megi rekja til þess að kveikt hafi verið viljandi í villtum skógum til að ryðja land til ræktunar á olíupálmum til framleiðslu á pálmaolíu. Stjórnarmenn nokkurra fyrirtækja sem tengjast framleiðslu á pálmaolíu hafa verið handteknir vegna gruns um að eiga aðild að því að kveikt hafi verið í skógunum. Langvarandi þurrkar af völdum El Nino veðurfyrirbærisins hefur svo verið eins og olía á eldinn.

Haft er eftir talsmanni þeirra sem berjast við eldana að hafi þeir verið kveiktir viljandi sé skaðinn af þeim þegar það mikill að þeir verði að teljast til glæpa gegn mannkyni.

Samkvæmt loftmengunarstaðli sem kallast PSI er mengunin 2000 stig en öll mengun yfir 300 stig er sögð hættuleg mönnum. Mengunin er víða svo mikil að andrúmsloftið er grátt eða rautt á litinn af reyk. Stjórnvöld eru með herskip til taks við strendur þar sem eldarnir eru



**Gríðarlegt magn koltvísýrings hefur losnað út í andrúmsloftið vegna eldanna og er magnið svo mikið að talið er að það muni ýta talsvert undir hlýnun lofthjúps Jarðar á næstu árum.** Mynd / http://america.aljazeera.com

verstir og til stendur að flytja burt börn versni ástandið enn.

### *Flugi til og frá Singapúr aflýst*

Reykjarkófið hefur borist til nágrannalanda eins og Malasíu, Nýju Gíneu og Filippseyja. Í Singapúr hefur þurft að aflýsa flugi og íþróttaviðburðum vegna reykjarins frá eldunum. Stjórnvöld í þeim löndum hafa gagnrýnt yfirvöld í Indónesíu fyrir getuleysi til að ráða við eldana og að hafa brugðist of seint við eftir að þeir komu upp. Á móti hefur verið bent á að fyrirtæki í Malasíu og Singapúr eigi um 50% af öllum fyrirtækjum í Indónesíu og að þess vegna eiga þær þjóðir sinn hlut á ábyrgð á eldunum

Gríðarlegt magn koltvísýrings hefur losnað út í andrúmsloftið vegna eldanna og er magnið svo mikið að talið er að það muni ýta talsvert undir hlýnun lofthjúps jarðar á næstu árum.

Samkvæmt talningu á fjölda minni og stærra elda á myndum úr gervitunglum hafa þeir verið um 117.000 frá síðustu áramótum.

Þúsundir íbúa í Indónesíu hafa komið saman úti á götum í sameiginlegri bæn um að þurrkunum í landinu linni enda helsta vonin til að eldarnir slokkni í bráð að regntímabilið hefjist sem fyrst. /VH

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

# Nýsjálenska leiðin að mjólka upp á hlut

**Í Nýja-Sjálandi er löng hefð fyrir því í mjólkurframleiðslu að eigandi jarðar og húsakosts sé ekki endilega sá sem á kýrnar og sér um mjaltirnar.**

Þetta fyrirkomulag kallast „Sharemilking“ og felst oftast í því að bóndi býður húsakost til leigu og mögulega gróffóður til kaups fyrir þá sem vilja framleiða mjólk í aðstöðunni sem fyrir er á jörðinni. Tekjum búsins er svo skipt á milli leigutaka og leigjanda. Þetta form við rekstur búa er nú einnig farið að skjóta upp kollinum í Evrópu enda góð leið fyrir þá sem vilja stunda kúabúskap, en hafa ekki fjármagn til þess að kaupa jörð og húsakost. Svo er einfaldlega greidd leiga fyrir afnotin af húsnæðinu og greitt fyrir fóðrið eins og eðlilegt er. Það sem er þó einstakt við kerfið er að það er tengt mjólkurverðinu á hverjum tíma svo ef afurðastöðvaverðið breytist, hvort heldur er til lækkunar eða hækkunar, breytist leigugreiðslan í samræmi við það.




### *Eiga bara kýr*

Sá sem gengur inn í svona samkomulag leggur nánast undantekningarlaust til allan bústofn og vélar til þess að hirða skepnurnar með, s.s. til þess að slá beitarland, fóðurvagn eða annað slíkt sem þörf krefur. Oftast á hann ekki annað enda felst starfið í því að sjá um kýrnar. Allt sem snýr að öðrum þáttum en kúnum er svo á höndum eiganda jarðarinnar.

Í Nýja-Sjálandi er málið vissulega mun einfaldara en víða í Evrópu enda er kúnum beitt árið um kring en þar sem þessu kerfi hefur verið komið upp í Evrópu hefur eigandi jarðarinnar t.d. séð um heyskapinn. Þetta kann að hljóma einkennilegt en er í raun einkar gott kerfi enda skiptir það eiganda jarðarinnar máli að fóðrið fyrir kýrnar sé gott, þar sem tekjum búsins er skipt á milli hans og leigutakans. Í raun mætti kalla leigutakann sjálfstæðan verktaka sem skilar svo til landeigandans hluta af öllum heildartekjum.




### *Aldargamalt kerfi*

Þetta einstaka nýsjálenska kerfi í mjólkurframleiðslu er hreint ekki nýtt af nálinni en talið er að kerfið eigi rætur að rekja allt aftur til 1880 og er enn afar stór hluti þarlendrar mjólkurframleiðslu. Í dag er talið að 35% kúabúanna í Nýja-Sjálandi séu rekin með þessum hætti.

Allbreytilegt er þó hvernig staðið er að skiptum teknanna en líklega er oftast um sk. 50:50 reglu að ræða, þ.e. tekjum búsins er einfaldlega skipt til helminga á milli leigutaka og eiganda jarðarinnar. Nokkuð er þó um annars konar skiptingar á tekjunum en þá eru kýrnar oftast áfram í eigu landeigandans og fær sá sem sér um kýrnar þá oft 20–29% teknanna í sinn vasa.

### *Fardagakerfi*

Eins og áður segir á þetta kerfi sér gamlar rætur í Nýja-Sjálandi og vegna þess eru í dag til ótal reglur um hvernig á að standa að því að gera samninga, hvernig heppilegt sé að skipta tekjunum og svo það sem er einkar áhugavert, hvenær flytja má gripi á milli bæja. Þar sem þúsundir búa eru rekin með þessum hætti hefur verið komið upp sk. fardegi eða það sem heimamenn kalla „Gypsy Day“. Þetta er 1. júní ár hvert og þá er algengt að eigendur kúnna taki sig upp og færi bústofn sinn á annan stað með öllu tilheyrandi. Stundum eru kýrnar fluttar með flutningabílum en stundum er bústofninn hreinlega rekinn að næsta stað þar sem gengið hefur verið frá samningum. Í landinu eru gildandi reglur um hvers konar gripi má færa á milli búa og eru þær helstu að kýrnar verða að vera heilbrigðar, geta staðið á öllum fjórum fótum og vera í góðum holdum. Þær kýr sem uppfylla ekki þessi skilyrði þarf viðkomandi að losa sig við, enda ekki vænlegir gripir til framleiðslu á nýjum stað og þar með vart tekjuskapandi bæði fyrir eiganda þeirra og hinn nýja leigusala.



**Haldin var samkeppni á Nýja-Sjálandi um nýjan þjóðfána ríkisins. Mjög skiptar skoðanir eru um hvort skipta eigi um fána, en þetta er ein hugmyndin af mörgum.**

### *Leið til ábúendaskipta*

Þó svo að margir nýti fardagana til þess að færa sig um set og koma sér fyrir á nýjum og væntanlega betri stað þá eru sumir með annars konar samninga. Í slíkum tilvikum er um hæga yfirtöku að ræða á landinu og húsakosti, þ.e. í rauninni er leigusalinn keyptur út hægt og rólega án aðkomu banka eða fjármálastofnunar.

### *Ekki algengt í Evrópu*

Það er erfitt að segja til um af hverju þetta form við kúabúskap hefur ekki náð mikilli útbreiðslu utan Nýja-Sjálands fyrr en nú en skýringin gæti þó falist í því að margir hafa litið á uppbygginguna á eigin fé í fasteignum og landi sem hluta af lífeyri. Í dag horfa líklega fleiri með öðrum augum á þetta og sjást þess t.d. merki í Danmörku þar sem fleiri og fleiri fara þá leið að hefja búskap með leigu með einum eða öðrum hætti enda landverð þar hátt og ekki á færi ungs fólks að hefja búskap nema með mikilli skuldsetningu. Framangreind leið virkar því áhugavert og gæti allt eins gengið á Íslandi eins og annars staðar í Evrópu.

**Snorri Sigurðsson**
*sns@seges.dk*
*Ráðgjafi hjá SEGES P/S í Danmörku*

# Miltisbrandur drepur kýr í Bretlandi

**Dýra- og plöntuheilbrigðistofnun Bretlands hefur staðfest annað tilfelli þess að kýr drepist af miltisbrandi á Bretlandseyjum á þessu ári.**

Grunur vaknaði um sjúkdóminn eftir að kýr drapst nærri Westbury í Wiltshire 27. október síðastliðinn. Var gripurinn úr sömu hjörð og önnur skeppna sem sýktist af miltisbrandi og drapst í í byrjun október.

Haft er eftir talsmanni Dýra- og plöntuheilbrigðistofnunarinnar (Health and Plant Agency - Apha), að þegar í stað hafi verið gerðar varúðarráðstafanir og fylgst væri vandlega með nautgripahjörðinni. Taldi hann því litla hættu á að þessi sjúkdómur bærist í menn.



Lokað vegna miltisbrands.


Bacillus anthracis.

***Hættulegur smitsjúkdómur***

Miltisbrandur, eða antrax, getur verið mjög hættulegur bæði dýrum og mönnum. Þetta er smitsjúkdómur af völdum bakteríunnar Bacillus anthracis. Vegna þekktrar skaðsemi bakteríunnar og því hversu lengi hún lifir í umhverfinu hafa menn þróað vopn til að dreifa henni í efnahernaði. Hægt er í sumum tilfellum að lækna fólk sem smitast hefur ef brugðist er við nógu fljótlega eftir að smit á sér stað.

Miltisbrandur kemur fyrir í villidýrum og húsdýrum en getur smitast yfir í fólk sem kemst í snertingu við smituð dýr, hræ eða mikið magn af miltisbrandsgróum. Enn eru engin dæmi um að sýkt fólk beri smit. Miltisbrandur finnst um allan heim, líka á Íslandi, en er þó fyrst og fremst algengur hjá jurtætum þótt hann geti borist í menn og fugla.

Sýkillinn getur myndað dvalargró. Gróin geta lifað áratugum saman í jarðvegi, einkum rökum og súrum. Við jarðrask á stöðum þar sem sýkt dýr voru urðuð geta gróin borist í menn og dýr. Gróin sem eru 2–6 míkron í þvermál geta sest á slímhúð í öndunarvegum manna og dýra. Við hagstæð skilyrði inni í hýsli vakna gróin af dvalanum og bakterían tekur að fjölga sér. Þekkt eru 89 afbrigði af miltisbrandi.

Talið er að miltisbrands hafi fyrst orðið vart á Íslandi árið 1865 en árið áður hófst innflutningur á ósútuðum, hertum húðum frá Afríku. Miltisbrandur hefur á íslensku einnig verið nefndur miltisbruni, miltisdrep, miltisbráðadauði og skinnapest. Sjúkdómsins varð síðar vart af og til. Miltisbrandur kom upp í Ölfusi 1965. Í desember árið 2004 kom upp miltisbrandur í fjórum hrossum sem höfðu haldið til við eyðibýlið Sjónarhól á Vatnsleysuströnd. Þar er nú bannað að hreyfa við jarðvegi.

/HKr.

## Líftækni:
# Erfðabreyttur askur gæti komið til bjargar

**Talið er að sýking af völdum sveppategundar sem leggst á asktré muni drepa um 90% af öllum aski á Bretlandseyjum á næstu tveimur áratugum. Andstæðingar erfðatækni segja hugmyndina vera leik að eldi.**

Sveppurinn sem á latínu kallast Hymenoscyphus fraxineus, áður Chalara fraxinea, hefur þegar valdið gríðarlegum skaða í Danmörku og víðar í Evrópu.

Rannsóknarteymi í London og Oxford í samvinnu við umhverfisráðuneyti Bretlandseyja hefur lagt til að beitt verði erfðatækni til að rækta fram kvæmi af asktrjám sem eru ónæm fyrir sýkingunni, 80 milljón slíkum verði plantað í stað sýktra trjáa á næstu tuttugu árum. Andstæðingar erfðatækni segja á móti að með því að planta erfðabreyttum trjám í náttúrulega skóga séu menn að leika sér með eld.


Undanfarin ára hafa stjórnvöld í Bretlandi eytt háum upphæðum í rannsóknir á leiðum til að hefta útbreiðslu sveppsins og í varnir gegn sýkingu af hans völdum án árangurs.

Undanfarin ára hafa stjórnvöld í Bretlandi eytt um 7 milljónum punda í rannsóknir á leiðum til að hefta útbreiðslu sveppsins og í varnir gegn sýkingu af hans völdum án árangurs.

Auk hugmynda um að beita líftækni í baráttunni við sveppinn eru skógræktarmenn að gera tilraunir með að frjóvga saman breskan ask og aðrar asktegundir þar á meðal kínverska tegund sem er ónæm fyrir sýkingunni. Gallinn við slíkar kynbætur er að þær taka marga áratugi en með því að flytja erfðaefni milli ólíkra asktegunda er hægt að flýta þeirri vinnu verulega.

Að sögn plöntusjúkdómafræðinga er askur ekki eina plöntutegundin sem er í hættu. Hlýnun jarðar, aukinn ferðamannastraumur og flutningur lífvera milli heimshluta hefur einnig mikil áhrif á núverandi skóga og gróðursvæði álfunnar.

Getur slíkt leitt til þess að nýjar tegundir taki við að þeim sem fyrir eru og breyti ásýnd skóganna. /VH


Nýlega fundust hræ af 22 fílum í þjóðgarði í Simbabve sem veiðiþjófar höfðu drepið með því að eitra mat sem er egnt fyrir þá með blásýru.

## Náttúruvernd:
# Eitrað fyrir 62 fílum

**Nýlega fundust hræ af 22 fílum í þjóðgarði í Simbabve sem veiðiþjófar höfðu drepið með því að eitra mat sem er egnt fyrir þá með blásýru. Tala dauðra fíla í þjóðgarðinum sem vitað er að hafa verið drepnir með þessari aðferð er komin í 62.**

Fílabein eru gríðarlega eftirsótt víða um heim og því freistandi fyrir veiðiþjófa að drepa fíla og selja beinið. Blásýrunni er sprautað í appelsínur eða aðra ávexti sem eru eftirsóttir af fílum og komið fyrir þannig að þeir geti nálgast þá.

Árið 2013 er vita um 200 fíla sem eitrað var fyrir með blásýru á svipuðum slóðum. Tollayfirvöld í Simbabve gerðu í síðasta mánuði upptæk 173 kíló af fílabeini sem átti að flytja ólöglega úr landi. Verð mæti fílabeinsins á svörtum markaði er sagt vera 5,5 milljónir króna.

Í framhaldi af birtingu fréttar um fíladrápið og tengsl nokkurra háttsettra manna innan lögreglunnar við það hafa þrír blaðamenn í Simbabve verið ákærðir fyrir rógburð og að sverta ímynd landsins út á við.

/VH


# Hrossaræktin 2015
# Ráðstefna

Hin árlega hrossaræktarráðstefna fagráðs fer fram í Samskipahöllinni í Spretti, laugardaginn 7. nóvember nk. Aðgangur að ráðstefnunni er ókeypis og allt áhugafólk um hrossarækt er sérstaklega hvatt til að mæta.

Sérstök athygli er vakin á afar spennandi erindi er varðar markaðssetningu íslenska hestsins sem Guðný Káradóttir frá Íslandsstofu flytur.

***Dagskrá hrossaræktarráðstefnunnar er eftirfarandi:***

**Laugardagur 7. nóvember 2015**

*13:00 Setning – Sveinn Steinarsson formaður fagráðs og FHB*
*13:10 Hrossaræktarárið 2015 – Niðurstöður kynbótamats og fl. Þorvaldur Kristjánsson*
*13:30 Heiðursverðlaunahryssa fyrir afkvæmi 2015*
*13:45 Verðlaunaveitingar:*
*-Verðlaun, hæsta aðaleinkunn ársins (aldursleiðrétt)*
*-Verðlaun, knapi með hæstu hæfileikaeinkunn ársins (án áverka)*
*-Verðlaun, hæsta litförótta hryssa ársins*
*14:10 Viðurkenningar fyrir ræktunarmann/menn ársins 2015*
*14:30 Erindi um markaðssetningu íslenska hestsins – Guðný Káradóttir frá Íslandsstofu*
*15:30 Kaffihlé*
*15:45 Umræður*



**Allir velkomnir!**

FÉLAG HROSSABÆNDA
THE HORSE BREEDERS ASSOCIATION OF ICELAND

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

# Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um styrki

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, sem falla innan þess ramma sem sjóðnum hefur verið settur í bókun með Búnaðarlagsamningi 2013-2017 og með fyrirvara um framlag í fjárlögum 2016

Að Framleiðnisjóður verði leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins m.a. með:

a. Stuðningi við rannsóknarstarf og aðra þekkingaröflun.
b. Stuðningi við nýsköpunar- og þróunarstarf.
c. Stuðningi við sérstakt orkuátak, sem ætlað verði að bæta orkunýtingu og auka hlut innlendrar orku til landbúnaðarnota.
d. Stuðningi við sérstakt átak til að efla og bæta búrekstur. Því verði m.a. ætlað að auka framleiðni, bæta afkomu, stuðla að fjölþættari nýtingu bújarða og fjölga atvinnutækifærum.
e. Stuðli að eflingu kornræktar m.a með stuðningi við gunnfjárfestingar til markaðsfærslu á íslensku korni.

**Kallað er eftir umsóknum frá bændum, samvinnuhópum bænda og aðilum innan rannsókna- og þróunargeirans. Við ákvarðanatöku um úthlutanir undir d-lið njóta forgangs þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni og sem hafa það að markmiði að stuðla að fjölgun atvinnutækifæra í sveitum. Undir e-lið njóta þau verkefni forgangs sem nýtast á félagslegum grunni.**

**Þá mun sjóðurinn veita styrki til framhaldsnáms (MS eða PhD) á fagsviði sjóðsins.**

**Umsóknafrestur er til 18. janúar 2016 (póststimpill gildir)**

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sjóðsins **www.fl.is**, einnig má senda tölvupóst á netfangið **fl@fl.is** eða hringja á skrifstofu sjóðsins í síma 430-4300.

**Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes. Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu sjóðsins, www.fl.is.**

Jón Viðar Jónmundsson
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is



# Héraðssýningin á lambhrútum á Snæfellsnesi haustið 2015

**Upphaf sýningahalds í sauðfjárræktinni hér á landi á formi héraðssýninga er að finna á Snæfellsnesi og þar er að finna sterkustu hefð á þessu sviði sem þeir geta verið ákaflega stoltir yfir.**

Framkvæmd sýningahaldsins hefur ætíð verið með glæsibrag og fyrstu áratugina var þetta starf borið uppi af eldhugunum Gunnari Guðbjartssyni á Hjarðarfelli og Leifi Kr. Jóhannessyni ráðunaut.

Þegar sýningahald á fullorðnu fé lagðist af um aldamótin urðu Snæfellingar fyrstir til að taka upp héraðssýningar á lambhrútum, sem síðar hefur verið tekið upp í flestum héruðum, sem eiga slíka möguleika. Víðast er þetta sýningahald á vegum sauðfjárbændafélaga í viðkomandi héruð, sem sumum hefur orðið þetta góð féþúfa, en á Snæfellsnesi eru það hin sterku fjárræktarfélög á svæðinu, sem stofnuð voru að frumkvæði brautryðjendanna sem eru nefndir í byrjun, sem standa að þessu sýningahaldi.

### *Þurfti að tvískipta sýningarhaldinu*

Eins og í fleiri héruðum þarf að tvískipta sýningarhaldinu vegna sauðfjárveikivarna. Sýningin hófst að kvöldi föstudagsins 16. október í hinum stórglæsilegu fjárhúsum í Haukatungu syðri 2 fyrir sýningagripi austan girðingar. Þar komu til sýningar 16 öflugir lambhrútar. Tæpast er hægt annað en snupra hina ungu bændur í gamla Kolbeinsstaðahreppi fyrir að halda mjög slælega uppi merki forfeðra sinna í þessum efnum. Það eru fremur hinir fáu fjárbændur úr gamla Eyjahreppi sem halda uppi þessu sýningahaldi. Samt er gamli Kolbeinsstaðahreppurinn langfjárflesta sveitin á sýningarsvæðinu öllu. Þegar ég kem fyrst að sýningahaldi í sauðfjárrækinni fyrir um fjórum áratugum var leitun á sveit á Íslandi þar sem var að finna jafn lifandi og kraftmikið lið áhugasamra bænda á þessu sviði. Koma þar í hugann menn eins og Steinar í Tröð, Páll í Haukatungu, Jóhannes á Jörfa, Hallsteinn í Krossholti, Haukur á Snorrastöðum að ógleymdum Hlíðarbræðrum; Einari, Ragnari og Sveinbirni. Alltof stór hópur afkomenda þeirra og frænda sem þar búa núna hefur staðið sig slælega í að halda uppi fána forfeðra sinna.

Laugardaginn 17. var sýningunni framhaldið eftir hádegið og þá í hinum litlu, heimilislegu og skemmtilegu fjárhúsum á Hraunhálsi í Helgafellssveit. Þar var mæting lambhrúta með einstökum ágætum og samtals 46 hrútar mættir. Skipting sýnagripanna 62 á sýningaflokka var þannig að dökku og mislitu hrútarnir voru 14, kollóttir hvítir 15 en hyrndu hvítu hrútarnir langflestir eða 33 samtals. Hrútana á sýningunni dæmdi með mér Lárus G. Birgisson. Hér verður aðeins fjallað um þrjá efstu gripina í hverjum sýningaflokki. Ástæða er að nefna að hið milda haust hafði farið mýkri höndum en áður um lömbin þannig að nær undantekningalaust voru öll sýningarlömbin í sínu besta gervi.

### *Sérstök viðurkenning*

Áður en sú umfjöllun hefst skal örstutt fjallað um þrjár ær á Snæfellsnesi sem fengu sérstaka viðurkenningu sem hæstu ær í BLUP kynbótamati á svæðinu og voru fæddar 2010. Efsta sætið þar skipaði Sögn 10-650 á Jörfa í Kolbeinsstaðahreppi með heildareinkunn 117,8, en há í mati fyrir alla eiginleika en í sérflokki fyrir mjólkurlagni þar sem það mat er 139 enda hefur vænleiki lamba undan henni hefur ætíð verið meiri en með ólíkindum. Þessi mjólkurlind er dóttir Áss 04-813 og móðurfaðir Erpur 01-919 þannig að Heydalsárblóðið er nokkuð þykkt. Í öðru sætinu var ær 10-074 á Álftavatni í Staðarsveit. Ærin hefur verið með afbrigðum frjósöm og skilað afbragðslömbum að hausti. Ærin er úr heimafé sonardóttir Mókolls 03-078 og móðurfaðir Kveikur 05-965. Heildareinkunn ærinnar er 115,3. Í þriðja sæti var Loka 10-069 í Hraunsmúla í Kolbeinsstaðahreppi með 114,8 í heildareinkunn. Þetta er fádæma frjósöm ær og skilaði góðum lömbum. Ær þessi er úr heimafé sonardóttur Bifurs 06-994.




Herdís með farandsskjöldinn fyrir besta lambhrútinn. Sveinn á Fossi bauð fram forystugimbrina. Myndir / Herdís Leifsdóttir



Vinningshafar í mislita flokknum: Gísli á Álftavatni í 1. sæti, Guðlaug á Hraunhálsi í 2. sæti og Herdís í Mávahlíð í 3. sæti.



Besti kollótti hrúturinn frá Hjarðarfelli.



Besti lambhrúturinn.

### *Lambhrútur nr. 13 á Álftavatni efstur mislitu lambanna*

Hjá mislitu lömbunum stóð efstur grár hyrndur lambhrútur nr. 13 á Álftavatni í Staðarsveit. Þetta var mjög vænt lamb, bollangur, frábærlega jafnvaxinn og vel gerður með mjög mikla holdfyllingu. Þetta stórglæsilega lamb er undan syni Grámanns 10-884 og móðurfaðir föður hans Blakkur 07-865. Í móðurætt stendur að honum Mundason 10-521 í Gaul sem stóð með miklum glæsibrag efstur á hliðstæðri sýningu lambsárið.

Í öðru sæti var lamb 93 sem átti heimili á sýningastaðnum. Þetta var hrafnsvartur og kollóttur hrútur gríðarlega vel þroskaður og vel gerður með frábær lærahold. Hann er af hrútalínu sem staðir hefur í efstu sætum mislitu hrútanna á svæðinu á undangengnum árum. Smá innskot af hyrndu fé er í ættum hrútsins þar sem föðurmóðurfaðir hans er Kvistur 07-866.

Þriðja lambið í þessum hópi var lamb 55 frá Mávahlíð en þetta var svartsokkóttur og hyrndur hrútur. Lamb þetta var samanrekinn holdahnaus með alveg sérlega vel lagaðan lærvöðva. Að baki þessu lambi stendur gamla Mávahlíðarféð að verulegum hluta en á tímabili var það tvímælalaust eitt albesta fé hér á landi.

### *Efst kollóttu lambanna var lamb 405 á Hjarðarfelli*

Úr hópi kollóttu lambanna var skipað í efsta sætið lamb 405 á Hjarðarfelli. Þessi hreinhvíti, sterkbyggði, bollangi og vel gerði lambhrútur var auk þess prýðilega vel vöðvaður og mjög athyglisverður. Þessi hrútur kemur úr kollótta fénu á Hjarðarfelli með innskotum margra sæðingahrúta. Hann er nokkuð skyldleikaræktaður af afkomandi Magna 06-730 sem þarna var tímamótakind á sinni tíð. Hjarðarfellsféð er langræktaðasti stofn af kollóttu fé hér á landi utan Stranda.

Í öðru sæti var lamb 25 sem var frá sýningastaðnum (Hraunhálsi). Þetta var fádæma vel gert og mjög vel vöðvafyllt og glæsilegt lamb. Sterkir stofnar standa að þessum hrúti en faðir hans er Sproti 12-936 og í öðrum ættlið í móðurætt bæði Sigurfari 09-860 og Frakksson 03-974.

Þriðji í röð kollóttu hrútanna var síðan lamb 17 í Bjarnarhöfn. Þessi hrútur er feikilega þéttholda og vel gerður. Hann er sonur Hnalls 12-934 en Máni 03-975 næstur að baki í móðurætt þannig að Árneshreppsféð er þétt að baki honum. Til gamans má geta þess að við fjárskiptin um miðja síðustu öld kom Bjarni Jónsson með fé sitt frá Asparvík og var því það eina kollótta féð þarna á svæðinu sem átti uppruna sinna þarna af norðanverðum Ströndum.

### *Efsti hvíti hrúturinn kom frá Mávahlíð*

Að lokum er komið að hvítu hyrndu hrútunum. Þessi hópur taldi yfir helming sýningarlambanna. Glæsileiki þeirra hefur um árabil verið mikill en ljóst er að hópurinn sem nú mætti bar mikið af því sem áður hefur verið. Efsta sætið í hópnum var nr. 852 í Mávahlíð. Þetta lamb var einstakt djásn að allri gerð og til viðbótar hreinhvítt. Hrútur þessi á að föður Tvinna 14-001 sem er ákaflega minnisstæður frá þessari sýningu fyrir ári, en þá var hann ekki lengur í sínu besta formi þannig að hann komst ekki þá á toppinn en þessi hrútur er sonur Saums 12-915 en móðurfaðir hans Hriflon 07-837. Á móð-

urhliðina hjá lambinu er Kveikur 05-965 móðurföðurfaðir en öðru leyti gamlir Mávahlíðarsnillingar.

Annað sæti skipaði lamb 5070 í Haukatungu syðri 2. Þetta lamb hefur öll sterkustu einkenni föður síns, kattlágfættur með einstaka vöðvafyllingu og góða gerð. Þetta er einn eðalsona Saums 12-915 og í móðurætt af sterkri ræktun á heimabúi um áratuga skeið en þar kemur Fannar 07-808 inn sem móðurmóðurfaðir.

Þriðja sætið skipaði lamb 861 í Mávahlíð. Þetta er hreinhvítur frábærlega sterkbyggður, þroskamikill og gríðarlega vöðvafylltur hrútur og fádæma glæsilegur eins og Mávahlíðarlömbin öll. Hann hefur Gosa 09-850 sem föðurföður og Hróa 07-836 sem móðurföður en að öðru leyti standa að baki honum margir sterkustu stofnar Mávahlíðarræktunarinnar.

Ekki verður skilið við hyrndu lömbin sem þarna voru nema nefna lamb 270 á Hjarðarfelli en þetta er sonur Saums 12-915 og sammæðra Stólpa 13-787 sem efstur stóð með glæsibrag á líkri sýningu er hann var lamb. Þessi hrútur hafði veikst og var því tæplega sýningahæfur en ég hafði séð lambið hálfum mánuði fyrr og hefði hann haldið fullu formi hefði hann barist meðal þeirra sem nefndir eru hér að framan í toppsætunum.



Það var mikil stemming og mjög góð mæting.

### *Glæsilegur farandgripur búnaðarsambandsins*

Hinn glæsilega farandgrip búnaðarsambandsins, skjöldinn glæsilega sem Ríkharður Jónsson mótaði, hlaut því lamb 452 í Mávahlíð sem er eins og áður segir mikill gimsteinn. Lárus G. Birgisson afhenti því eiganda lambsins Herdísi Leifsdóttur, skjöldinn í sýningarlok.

Þessi sýning var einstök staðfesting þess að áratuga markviss ræktun á fjölda búa á Snæfellsnesi, allt frá fjárskiptum um miðja síðustu öld, hefur skilað þeim einhverju best ræktaða fé á Íslandi í dag. Það kæmi mér mikið að óvart ef einhver af þeim lömbum sem fjallað er um hér að framan eiga ekki eftir að koma við sögu í ræktun fjár um allt land með búsetu á sauðfjársæðingastöðvunum í framtíðinni. Fleiri og fleiri af topphrútum slíkra sýninga frá síðustu árum hafa verið að staðfesta sig sem topphrútar á landsvísu.

### *Synir sæðingahrúta áberandi*

Eins og ætíð þá voru synir sæðingahrúta talsvert áberandi meðal sýningagripanna. Slíkir voru að þessu sinni 29 þar af 20 meðal þeirra hvítu hyrndu og voru synir Saums 12-915 þar nánast allsráðandi eða níu samtals. Hjá kollóttum hrútum voru sex af slíku faðerni en ekki nema þrír hjá þeim dökku, sem kemur aðeins á óvart vegna hins mikla fjölda slíkra hrúta á stöðvunum á síðustu árum.



Vinningshafar í kollóttum, Guðbjartur á Hjarðafelli í fyrsta sæti, Lauga, Hraunhálsi í öðru sæti og Sigga, Bjarnarhöfn í þriðja sæti.

### *Framkvæmd sýningar með einstökum glæsibrag*

Framkvæmd sýningarinnar var með einstökum glæsibrag og hlutur heimafólks á sýningastöðunum þar sérlega mikið. Slíkar sýningar hafa hlutverki að gegna í menningarstarfi sveitanna og það var þessi frábæra sýning bestur vottur um. Fjárbændur eiga að gefa sér tíma hluta úr degi að haustinu til að koma saman á þennan hátt og vega og meta árangur síns mikla starfs sem þeir geta og eiga að vera stoltir af. Ekki verður lokið umfjöllun um þetta glæsta starf Snæfellinga nema nefna nafn Eiríks Helgasonar sem tvímælalaust á meiri hlut en margir ónefndir í að halda uppi þessi glæsilega sýningarstarfi á svæðinu.



Mórauð gimbur var líka í lambahappdrættinu frá Eiríki Helgasyni og sá heppni sem var dreginn út var Bárður Rafnsson, Grundarfirði. Lambahappdrættið stóð vel upp úr og mun fara langt upp í kostnað sýningarinnar.

Sturlaugur Jónsson & Co
TÚRBÍNUR
Útvegum túrbínur frá IHI, Garrett, KKK, Schwitzer, Holset og Mitsubishi í flestar gerðir farartækja. Hagstætt verð.

www. sturlaugur.is - Sími 412 3000 - Selhellu 13 Hafnarfirði

Tea Tree virkar vel á exem, flösu og kláða
australian tea tree
**Tea Tree** sjampó og hárnæring fyrir þurran og feitan hársvörð.
Einnig er **Tea Tree** fyrirbyggjandi fyrir lús.


Fæst í **Lyfju** og **Apótekinu** um allt land.



Eyþór Einarsson
Ábyrgðamaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is

# Heysýni, vigtun og holdastigun

## – hugleiðing um fóðrun sauðfjár

**Miklar framfarir hafa orðið á síðustu áratugum hvað snertir aðbúnað, fóðuröflun og gjafatækni á sauðfjárbúum. Menning tengd fóðrun sauðfjár hefur þó ef til vill þróast mun minna eða fengið of litla athygli miðað við margt annað.**

Atriði eins og fóðuráætlanir, heysýnataka, vigtanir og holdstiganir eru þættir sem örugglega má efla umtalsvert með það fyrir sjónum að gera fóðrunina nákvæmari og þar með bóndann öflugri í sínu fagi við að ná góðum afurðum eftir ærnar.



### *Heysýni – Að þekkja gæði heyjanna*

Tilgangurinn með því að taka heysýni er m.a. að þekkja betur gæði heyjanna og þar með að átta sig á því hvort þurfi að bæta þau upp með öðru fóðri og þá hvaða. Fá svör við spurningum s.s. hvort besta heyið sé nógu gott? Hvað skal gera við stóra stabbann af fyrningum sem til er frá árinu á undan? Að þekkja gæði heyjanna er eitt af grundvallaratriðum í því að geta gert fóðuráætlun fyrir búið, hvort sem sú áætlun sé gróf hugmynd um nýtingu heyjanna í kolli bóndans eða faglega unnið plagg.

Niðurstöður heysýna geta einnig nýst við gerð áburðaáætlana. Í þessu sambandi er rétt að minna einnig á jarðræktarforritið Jörð (jord.is) þar sem er hægt að halda utan um þessar upplýsingar. En Jörð er skýrsluhaldskerfi jarðræktarinnar líkt og Fjárvís er fyrir sauðfjárræktina.

Um töku heysýna, túlkun niðurstaðna og ráðgjöf varðandi nýtingu fóðursins eða fóðuráætlunargerð er hægt að leita til starfsmanna RML. Hægt er að panta heysýnatöku á www.rml.is .

### *Vigtun ánna – hvernig fóðrast ærnar?*

Ekki eru það ný vísindi að gagnlegt sé að vigta ærnar. Í skýrsluhaldskerfi sauðfjárræktarinnar er gert ráð fyrir að skráðar séu þrjár vigtar á hverja kind. Ein að haustinu, önnur í janúar og þriðja vigtun sé framkvæmd í apríl. Þunginn hefur þó engin áhrif á afurðaeinkunn ánna líkt og var hér áður fyrr. Með því að bera saman þungann á milli tímabila er hægt að leggja mat á hvort fóðrunin sé að heppnast samkvæmt vonum. Með því að fylgjast svo markvisst með þungabreytingum þá eykur það verulega líkur á því að hægt sé að bregðast við í tæka tíð ef fóðrunin er ekki að heppnast sem skyldi eða ef einstaka ær eru að misgangast. Sérstaklega er gagnlegt að fylgja eftir fóðrun lambgimbranna með þessum hætti þar sem þær eru yfirleitt bæði að taka út þroska og ala fóstur.

Á haustin þegar farið er yfir ærnar og athugað hverjar vantar og hverjar skal afsetja er góður siður að vigta. Þá má framkvæma skoðun á holdafari ánna og júgurheilbrigði í vigtinni. Haustþunginn gefur síðan viðmið fyrir næstu vigtanir. Í janúar viljum við að ærnar hafi bætt aðeins við sig þunga því æskilegt er að þær séu í framför yfir fengitíðina. Hve mikil þyngingin skal vera fer m.a. eftir því hversu vænar ærnar eru að haustinu. Í apríl eiga ærnar að hafa þyngst verulega miðað við haustþungann þar sem fóstrið er farið að vega nokkuð og ærnar eiga að vera búnar að safna á sig holdum. Eðlilegt má teljast að ærnar þyngist um 7 til 15 kg miðað við haustþungan.

Útfærslur á vigtunum geta verið með ýmsu móti. Yfirleitt er fljótlegt að vigta þar sem sett hefur verið upp renna að vigtinni og ærnar verða fljótt viljugar að hlaupa í gegnum hana. Þar sem tæknin leyfir má skrá vigtina beint inn í Fjárvís. Síðan þegar örmerkjavæðingin hefur náð ögn lengra verður vigtunin það fljótleg að tímaleysi verður vart afsökun. Sumir kjósa að vigta oftar en hér er nefnt og fá þá þeim mun nákvæmari upplýsingar.

Vigtanir voru algengari hér á árum áður og þá rekinn m.a. áróður fyrir þessu til að auka skilning manna á fóðruninni. En áhugi fyrir þeim hefur fjarað út í tímans rás og áherslurnar lent annars staðar. Gagnsemi þess að vigta er sú sama og áður og ætti að vera fastur liður á öllum sauðfjárbúum. Því má bæta við, að fyrir utan að auka skilning og veita upplýsingar um fóðrunina þá er hreinlega ákaflega gaman að vigta.

### *Holdastigun – mikilvægt að „grípa á þeim“*

Vigtun ein og sér er ekki nægileg til þess að átta sig á ástandi ánna, en mjög góð til þess að fylgjast með breytingu milli tímabila. Það verður líka að taka á kindinni til þess að átta sig á holdafari hennar. „Stóra sleggjan“ í hópnum getur verið einna þyngst þótt hún sé í lélegum holdum. Geri ég ráð fyrir að allflestir sauðfjárbændur stundi það að skoða holdafar ánna, a.m.k. við yfirferð á ánum að haustinu, hvort sem menn nota skilgreindan holdastigunarskala eða ekki.

Í hinni vönduðu og vel heppnuðu bók, Sauðfjárrækt á Íslandi, sem kom út árið 2013, eru greinargóðar lýsingar á holdstigunarkvarðanum og útlistanir á því hvert sé æskilegt holdastig á hverju fóðrunartímabili. Holdstigunarkvarðinn er frá 0 („ærin mjög horuð og að dauða komin“) til 5 („háþorn finnast ekki…“), notaður í heilum og hálfum stigum. Tekið er ofan í spjaldhrygginn og það metið hversu vel háþorn og þverþorn finnast. Algengt er að holdastig fullorðins fjár að hausti sé 2,5 til 3. Við fang er eðlilegt að ærnar séu í framför og holdastigð sé 3,0 til 3,5. Frá fangi og fram í mars er æskileg hægfara holdaukning. Tveim vikum fyrir burð ættu þær að vera í kringum 4 á holdastigunarkvarðanum. En eftir þann tíma má búast við að ærnar fari aftur að tapa holdum þar sem orkuþörfin er orðin mjög mikil vegna fósturþroskans. Um fóðrun sauðfjár má fræðast mikið með því að lesa kafla Jóhannesar Sveinbjörnssonar í áðurnefndri bók, Sauðfjárrækt á Íslandi.

Æskilegt er að flokka ærnar í fóðurhópa strax að haustinu, líkt og flestir gera m.a. út frá aldri ánna. Með notkun vigtunar og holdastigunar er hægt að gera þessa flokkun mun nákvæmari. Allt snýst þetta um að fóðrunin leiði til þess að ærnar séu í sem bestu ástandi og skili sem mestum afurðum.


## Jólahlaðborð

Dagana **28.nóv, 5. og 12.des** verða jólahlaðborð á **Hótel Laka**. Verðið er 7500 kr á mann, börn 6-15 ára greiða 4000 kr og yngri fá frítt í fylgd með foreldrum.

Tilboð í gistingu með hlaðborði og morgunverði er 14500 kr á mann í tveggja manna herbergi. Lifandi tónlist og borðin svigna undan kræsingum.

Pantanir á **hotellaki@hotellaki.is** eða í síma **412-4600**

Hótel LAKI

**Hótel Laki, Efri-Vík**
**880 Kirkjubæjarklaustur**
**Sími 412-4600**
**hotellaki@hotellaki.is**

## Til leigu

Flókadalsá í Fljótum, efra svæði

Tilboð óskast í leigu á vatnasvæði veiðifélagsins Flóka í Fljótum í Skagafirði veiðitímabilin 2016-2019.

Um er að ræða Flókadalsá, framan Flókadalsvatns. Áin er bleikjuá, leyfilegt agn er fluga og maðkur. Veiðitími er frá 15. júní til 15 september ár hvert. Leyfðar eru þrjár stangir á dag og er heimilt að veiða 15 fiska á hverja stöng á dag.

**Óskað er eftir tilboði til fjögurra ára.**

Nánari upplýsingar gefa stjórnarmenn í veiðifélaginu:

**Ólafur Jónsson, sími 892-0852**

**Sverrir Júlíusson, sími 848-2244**

Tilboð, merkt **„tilboð í veiði hjá Flóka“** sendist á Ólaf Jónsson, Fossvegi 14, 580 Siglufirði fyrir 20. desember 2015.

Einnig er hægt að senda tilboð á netfangið: **olafurjons71@gmail.com.**

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum

**Stjórn veiðifélagsins Flóka.**


## Afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt:

# Afkvæmaprófaðir þú veturgömlu hrútana?

**Í sauðfjárræktinni nýtast afkvæmadómar ákaflega vel þar sem ættliðabilið er svo stutt.**

Það er alþekkt hér á landi að besta aðferðin til þess að dæma veturgömlu hrútana m.t.t. skrokkgæða er að nota afkvæmadóminn. Því nákvæmar sem staðið er að því að gera hópana samanburðarhæfa, því öruggari verður þessi dómur.

Nú er sá tímapunktur að bændur eru að ganga frá niðurstöðum afkvæmarannsókna frá yfirstandandi framleiðsluári og væntanlega farnir að huga að skipulagningu á prófun hrúta fyrir næsta ár.

Til þess að efla bændur í því að prófa hrútana markvisst og auka hlutdeild veturgamalla hrúta í afkvæmarannsóknum þá hefur fagráð í sauðfjárrækt mælt með því að veittir séu styrkir úr þróunarsjóði sauðfjársamningsins til þátttakenda. Styrkurinn hljóðar upp á 2.000 kr. á hvern veturgamlan hrút í afkvæmarannsókn sem stenst eftirfarandi skilyrði:

Í afkvæmarannsókn skulu að lágmarki vera 5 veturgamlir hrútar (fyrir þetta haust er þá átt við hrúta fædda 2014).

- Heimilt er að hafa eldri hrúta með í samanburðinum.
- Hrútarnir hafi verið notaðir á sambærilega ærhópa.
- Hver afkvæmahópur skal að lágmarki standa saman af 8 ómmældum og stiguðum lömbum og 15 afkvæmum með kjötmatsupplýsingar. Krafan er að ómmældu lömbin séu öll af sama kyni.
- **Gengið sé frá afkvæmarannsókninni inn í Fjárvís. is og tilkynning send á netfangið ee@rml.is fyrir 30. nóvember (athugið framlengdur frestur!)**

Þá eru ráðunautar RML boðnir og búnir að veita aðstoð við þetta verk og túlkun niðurstaðna. */EE*

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Mikilvægi gagnagrunns til forvarna

**Bandaríski vefmiðillinn Star Tribune (www.startribune.com) birti nýlega samantekt um slys og dauðsföll í bandarískum landbúnaði frá 2003–2013 í samanburði við árin frá 1992 til 2002.**

Gögnin sem Star Tribune vann eftir eru tekin úr samantekt og tölfræði úr gagnagrunni frá American Journal of Industrial Medicine sem heldur utan um öll slys í landbúnaði og annast rannsóknir á vinnuslysum í USA. Þar eru að jafnaði rúm 400 dauðsföll við landbúnaðarstörf ár hvert sem setur vinnu við landbúnað í eitt af hættulegustu störfum í Bandaríkjunum.

*Háar tölur og mörg býli í Bandaríkjunum*

Alls eru skráð 2.109.303 bændabýli í 47 ríkjum Bandaríkjanna. Á þessum býlum vinna 8.415.038 manns. Samkvæmt tölum frá American Journal of Industrial Medicine voru banaslys við landbúnað í ríkjunum öllum á tímabilinu 1992–2002 alls 5.754, en fækkaði um 15% á árunum 2003–2013 niður í 4.863 og er viðmiðunarstuðull um vinnandi starfsmenn í amerískum landbúnaði að 58 af hverjum 100.000 látast árlega við landbúnaðarstörf.

*Washington sker sig úr með fækkun slysa síðustu 10 ár*

Árið 1970 sameinuðust 22 ríki í Bandaríkjunum um að setja reglugerð um vinnuvernd og reglugerð um vinnustaði þar sem öll býli eiga að fara eftir reglugerðinni þar sem fleiri en 11 starfa á ársgrundvelli. Mikill misbrestur er á að farið sé eftir reglugerðinni, en af þeim ríkjum í USA sem hafa náð bestum árangri eru 3 ríki sem skara fram úr í árangri, en í Washington, Kaliforníu og Oregon er reglan sú að öll býli eiga að fara eftir reglum, sama hve margir vinna þar. Langfremst er Washington, en þar eru 37.279 býli sem 413.813 starfa á. Á árunum 1992–2002 létust þar 98 manns við landbúnaðarstörf, en á árunum 2003–2013 fór talan niður í 63 sem gerir fækkun slysa í prósentum talið 36% (af hverjum 100.000 starfandi látast 15). Í Washington eru ráðgjafar sem heimsækja bændur reglulega, gera úrbætur og veita ráðgjöf um það sem betur má fara. Alls eru um 300 býli heimsótt árlega af ráðgjöfum í Washington til að fara yfir býlin með ábúendum.




*Hættulegast að stunda landbúnaðarstörf í Minnesota*

Í Minnesota er mikill landbúnaður stundaður á frekar smáum býlum á amerískan mælikvarða. Þar eru skráð býli 74.542 sem útvega 252.953 manns vinnu. Á árunum 1992–2002 voru 159 banaslys við landbúnað þar, en á árunum 2003–2013 fjölgaði banaslysum upp í 210 sem var aukning upp á 32%. Dánartíðnistuðullinn í Minnesota er að af 100.000 vinnandi þá látast 83 sem er frekar hátt, en til samanburðar við Washington þá heimsóttu ráðgjafar ekki nema 10 býli síðustu 5 ár í Minnesota miðað við að árlega eru um 300 býli heimsótt árlega af ráðgjöfum í Washington.

*Þakka góðum gagnagrunni góðan árangur*

Í viðtali við Hugo Valdovines, sem starfar sem ráðgjafi í Washington, þá þakkar hann gagnagrunninum fyrst og fremst árangurinn í Washington og skylduskráningu slysa sem gagnast vel í forvarnarvinnunni í Washington. Anne Soiza, framkvæmdastjóri bandaríska vinnueftirlitsins, tekur í sama streng og þakkar eftirfylgni og góðum vinnubrögðum í Washington þar sem góð sátt er um reglugerðina og heimsóknir á býli er að skila góðum árangri í fækkun slysa.

Bækur

# Hinn óljósi grunur

**Sigurður Kristjánsson, skýrsluhaldsfulltrúi hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), hefur sent frá sér sína fyrstu ljóðabók.**

Bókin ber titilinn Hinn óljósi grunur og er yfir 100 blaðsíður í litlu broti. Hún er kaflaskipt, en viðamesti hluti bókarinnar er undir því sem Sigurður kallar laust í reipum. Síðan tekur við á annan tug ljóða í bundnu formi og síðast eru ljóð sem ort eru af ýmsu tilefni og höfundur flokkar undir minningar og kveðjur.

Sigurður segist lengi hafa átt við kveðskap, þó aldrei hafi orðið af því fyrr en nú að koma einhverju af honum á prent. Ljóðin í bókinni hafi því verið að fæðast eitt af öðru yfir nokkuð langan tíma, en þó aðallega á undanförnum tíu árum.

Sigurður er fæddur á Húsavík, en ólst upp á Tjörnesi. Hann hefur starfað sem bóndi og ættfræðingur, en undanfarin ár hefur hann starfað sem skýrsluhaldsfulltrúi, fyrst hjá Bændasamtökum Íslands og síðan hjá RML eftir að það var stofnað.



Sigurður Kristjánsson. Mynd / HKr.

Hann hefur svo sem komið víðar við á sínum ferli, m.a. unnið við grjóthleðslur og við prófarkalestur, m.a. á Bændablaðinu og fleira, enda mikill íslenskumaður.

Upphafsljóð bókarinnar ber heitið *Nokkrar æskumyndir* og skýrir sig ágætlega sjálft.




*Strákur*
*Gengur eftir kúnum*
*Snarrótin blaut*
*Eftir áfall næturinnar*

*Kyrrð hásumarsins*
*– Í loftinu.*

*Dag fer að stytta*
*– síðsumar*
*Með vetur framundan.*

*Spurn vakir í huga;*
*hvað bíður*
*handan*
*við ábyrgðarlétta æsku?*

Bókin er gefin út í nafni bókaútgáfunnar Sölku. Umbrot og hönnun var í höndum Gunnars Bjarna hjá Pixel ehf. og prentvinnsluna annaðist Pixel. Bókin fæst í flestum bókabúðum og hjá höfundi.

# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

## Líf og lyst

### Bærinn okkar

# Klifshagi II





**Frá árinu 1990 komum við smám saman inn í búið þar til við tókum alveg við því í kringum 2000 en bjuggum félagsbúi með foreldrum Stefáns, þeim Pétri Sigvaldasyni og Unni Sigurðardóttur fram að því.**

**Býli:** Klifshagi II.

**Staðsett í sveit:** Öxarfjörður, Norður-Þingeyjarsýsla.

**Ábúendur:** Stefán Pétursson og Guðlaug Anna Ívarsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við hjónin, 3 börn og 2 tengdadætur. Baldur Stefánsson fæddur 1992, búfræðingur, kona hans er Sigríður Þorvaldsdóttir. Daníel Atli Stefánsson fæddur 1995, nemi í húsasmíði, kona hans er Berglind Heiða Guðmundsdóttir og Bjartey Unnur Stefánsdóttir fædd 2001, sem er grunnskólanemi. Svo eigum við kisu og tvo hunda.

**Stærð jarðar?** Ríflega 500 hektarar.

**Gerð bús?** Sauðfjárbú.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 550 kindur og 12 hestar.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Vinna á sauðfjárbúi er árstíðabundin, sauðburður á vorin, heyskapur á sumrin, göngur og réttir á haustin og viðhald og gjafalag á vetrum svo eitthvað sé nefnt, auk þess sem frúin starfar við grunnskólann á veturna.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegustu eru þegar fjölskyldan vinnur saman að rúningi og að fara í gegnum lambahópinn á haustin / leiðinlegustu eru þeir erfiðleikar sem upp koma á sauðburði eins og t.d að missa fullburða lamb í erfiðum burði.





**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Með svipuðu sniði, hugsanlega stærri og líklega aukin þátttaka barnanna í búskapnum.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Við teljum þau viðunandi en lengi má gott bæta.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Ef rétt er haldið á spöðunum á hann að geta gengið vel.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Það væri spennandi að koma okkar hreina úrvalsgóða hráefni betur inn á sælkeramarkað.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Rabarbarasulta og bjór handa nágrönnunum.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Án efa heimamarinerað grillað ærfillet/ærlundir.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar fyrsta rúlluvélin kom og farið var að heyja í rúllur, það breytti miklu í verkum á heyi. Krakkarnir segja að það hafi verið þegar mamma rakaði með rakstrarvélina uppi.



### Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Gamaldags heimilismatur í nýju ljósi

**Unnar kjötvörur þurfa ekki að vera of óhollar ef minnkað er salt, nitrit og önnur geymsluefni. Við höfum góða kæla og ferskvöru og þurfum því ekki alla þá rotvörn sem var í gömlu uppskriftunum. Það ætti ekki að vera mikið vandamál fyrir kjötiðnaðinn að bregðast við því.**

Bjúgu, eða sperðlar eins og sumir kalla þau, hafa löngum verið vinsæl á borðum landsmanna. Klassískt meðlæti með bjúgum eru kartöflur og uppstúf eða jafningur. Þar má gera breytingar til að hressa upp á gamlar uppskriftir, t.d. setja hollt grænmeti í jafninginn, brúna grænmetið í sméri og jafnvel láta það aðeins karmellast og bæta svo hveitinu í. Þynna síðan smjörbolluna með grænmetinu út með mjólk eða soði. Í lokin má bæta við grænkáli, spínati eða öðru meinhollu grænmeti.

Grasker eru ekki bara til skrauts því þau eru mikið notuð í kökur, súpur og jafnvel kaffidrykki. Nú er hrekkjavakan nýafstaðin og ekki seinna vænna að koma graskerjum í nytjar. Úr graskeri má útbúa ágætan eftirrétt í bland við skyr. Á Bændablaðsvefnum, bbl.is, má sjá stutt myndband af gerð þessa ágæta eftirréttar.

#### Bjúgnamáltíð með grænmetisjafningi

- 800 g góð bjúgu
- 500 g litlar kartöflur með flusi

#### Grænmetisjafningur

- ½–1 kg hvítkál og annað gott grænmeti



- 250 ml soð eða vatn
- 250 ml mjólk
- 30 g smjör
- 30 g hveiti
- ½ tsk. múskat
- salt og pipar
- Blandað ferskt blaðgrænmeti eins og spínat eða grænkál

Grænmetið er skorið í strimla eða litla bita, steikt í smérinu og hveiti bætt í á meðan hrært er. Soði bætt í og soðið í 2–3 mínútur. Hellið mjólk saman við og hitið að suðu. Kryddið jafninginn og berið fram.



#### Skyr með graskersmauki og saltstangamulningi

#### Fyrir kökumulning

- 1 pakki saltstangir eða kex
- 4 msk. smjör, brætt
- 2 matskeiðar sykur
- 2 matskeiðar púðursykur

#### Fyrir fyllingu:

- 1 stórt box hrært vanilluskyr
- 300 g graskersmauk (sjá uppskrift)
- 1/2 bolli sýrður rjómi
- 1 tsk. krydd (kanill eða vanilla)
- 1 tsk. múskat
- 1 peli kaldur léttþeyttur rjómi

#### Graskersmauk

- 1 dós malt og appelsín eða appelsínusafi
- Ögn af maple-sýrópi

Nú útbúum við lagskiptan eftirrétt úr graskeri, skyri og saltstangamulningi. Vinnið saltstangir í matvinnsluvél í fínt duft. Bætið í bræddu smjöri, sykri og púðursykri, og haldið áfram að blanda saman. Setjið jafnt í átta bolla eða eina stóra skál og setjið til hliðar.

Blandið svo í potti graskeri, appelsínusafa (eða gosi) og maple-sýrópi. Sjóðið þar til graskerið er meyrt og vinnið saman í mauk.

Raðið graskersblöndu í bolla ásamt sýrðum rjóma, skyri og smá kryddi milli laga. Geymið aðeins í kæli fyrir neyslu. Skreytið með þeyttum rjóma og smá múskati eða kanil.

## Hannyrðahornið

garn@garn.is

# Færeysk stjörnupeysa

**Þetta peysumunstur hefur verið mjög vinsælt í Færeyjum undanfarin ár. Ég prjónaði þessa opnu peysu á Maíu, ömmugullið mitt, rétt eftir að hún fæddist. Létt og hlý peysa úr Navia Duo sem nú fæst hjá okkur í Handverkskúnst.**

**Stærð:** 6 (12) 18 mánaða

**Garn:** Navia Duo

- Litur 1: 2 (2) 3 dokkur
- Litur 2: 1 dokka í allar stærðir

**Prjónar:**

- Hringprjónn 60 sm, nr 3 og 4
- Sokkaprjónar nr 3

**Prjónfesta:** 23 lykkjur slétt prjón á prjóna nr 4 = 10 sm

7 tölur




**Aðferð:**

Peysan er prjónuð fram og til baka á hringprjón. Bolur, síðan ermar sem sameinaðar eru bol og berustykki prjónað með laskaúrtöku. Boðungar á peysu eru prjónaðir síðan og saumaðir við framstykkin.

**Bolur:**

Fitjið upp 127 (135) 145 lykkjur á hringprjón nr 3 með lit 1. Prjónið stroff; 1 slétt, 1 brugðin, 8 umferðir. Setjið nú fyrstu 8 lykkjurnar og síðustu 8 á þráð/nælu = 111 (119) 129 lykkjur. Skiptið yfir á prjón nr 4 og prjónið slétt prjón og munstur þannig:

**6 mánaða:** prjónið: 8 umferðir með lit 1, munstur, 10 umferðir með lit 1, 9 umferðir munstur. Prjónið nú 21 lykkju í munstri, setjið 11 lykkjur á þráð/nælu, 47 lykkjur munstur, setjið 11 lykkjur á þráð/nælu, prjónið 21 lykkju í munstri. Geymið stykkið og prjónið ermar.

**12 mánaða:** prjónið: 8 umferðir með lit 1 (fækkið um 1 lykkju í fyrstu umferð = 118 lykkjur), munstur, 10 umferðir með lit 1, munstur, 3 umferðir með lit 1. Prjónið nú 23 lykkjur slétt, setjið 12 lykkjur á þráð/nælu, 48 lykkjur slétt, setjið 12 lykkjur á þráð/nælu, prjónið 23 lykkjur slétt. Geymið stykkið og prjónið ermar.

**18 mánaða:** prjónið: 8 umferðir með lit 1, munstur, 10 umferðir með lit 1, munstur, 9 umferðir með lit 1. Prjónið nú 25 lykkjur slétt, setjið 11 lykkjur á þráð/nælu, 57 lykkjur slétt, setjið 11 lykkjur á þráð/nælu, prjónið 25 lykkjur slétt. Geymið stykkið og prjónið ermar.

**Ermar:**



Fitjið upp 28 (30) 32 lykkjur á sokkaprjóna nr 3 með lit 1. Tengið í hring og prjónið stroff; 1 slétt, 1 brugðin, 8 umferðir. Skiptið yfir á prjóna nr 4 og aukið út í fyrstu umferð um 8 (12) 10 lykkjur jafnt yfir umferðina = 36 (42) 42 lykkjur. Prjónið munstur eins og á bol. ATH: fyrsta lykkja í umferð er ekki prjónuð með í munstri. Aukið er út sitt hvoru megin við hana og nýju lykkjurnar ganga inn í munstrið. Aukið út um 2 lykkjur í 5. hverri umferð 7 (7) 9 sinnum = 50 (56) 60 lykkjur. Prjónið áfram eins og á bol og endið á sama stað, setjið 11 (12) 11 lykkjur á þráð/nælu undir miðri ermi.

**Berustykki:**

Sameinið bol og ermar á hringprjón = 167 (182) 205 lykkjur, setjið prjónamerki við samskeyti bols og erma = 4 prjónamerki. Prjónið áfram þar sem frá var horfið þ.e. munstur eða einlitt eftir því hvar var hætt í hverri stærð. Prjónið 4 umferðir og byrjið nú á laskaúrtöku sitt hvoru megin við hvert prjónamerki þannig: *prjónið þar til 2 lykkjur eru að prjónamerki, prjónið 2 lykkjur snúið slétt saman. Færið prjónamerki, prjónið 2 lykkjur slétt saman* Endurtakið frá *-* við öll samskeyti. Takið þannig úr í annarri hverri umferð 12 (14) 16 sinnum = 66 (70) 77 lykkjur.

**Hálsmál:**

Skiptið yfir á prjóna nr 3 og prjónið stroff; 1 slétt, 1 brugðin, 8 umferðir. Fellið laust af.

**Listar að framan:**

Setjið 7 hnappagöt á hægri lista fyrir stelpur en á vinstri lista fyrir stráka.

**Hnappagat:** Prjónið frá réttu 4 lykkjur stroff, 2 lykkjur slétt saman, sláið bandið um prjóinn, 3 lykkjur stroff.

Prjónið listann með lit 1 en bætið við einni lykkju í lok fyrstu umferðar = 9 lykkjur; 1 slétt, 1 brugðin, fram og til baka þar til hann er um það bil 1,5 sm styttri en framstykkið (hafið hann aðeins strekktann). Munið eftir að gera hnappagöt.

Fellið af allar lykkjur.Saumið listann við framstykkið. Festið tölur í peysuna. Þvoið peysuna í höndunum eða á ullarprógrammi í þvottavél með Navia ullarsápu. Leggið til þerris.

*Prjónakveðja,*
*Guðrún María*
*www.garn.is*









**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | | 7 | | | 3 |
| 6 | | | 4 | | | 8 | | 2 |
| | 1 | | | 8 | | | 4 | |
| | | | 5 | 1 | | 6 | 8 | 7 |
| | 5 | | | | | | | |
| | | | 9 | | | 2 | | |
| | | | 8 | 3 | | | | |
| 9 | 7 | | | | | | 1 | |
| 5 | | 4 | | | | | | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | | | | |
| | 8 | | 9 | | 3 | 4 | | |
| | | | | 4 | 1 | | | 6 |
| 4 | | | | | | | | |
| 3 | | 7 | 4 | | | | 6 | |
| | | | | 2 | | 9 | | |
| | 5 | 1 | | | | | 7 | |
| 2 | | 6 | 3 | 1 | | | | 9 |
| | | | | | | 2 | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | | | 2 | | |
| | 8 | | | | | | 5 | |
| 1 | | | 9 | | 7 | | | 4 |
| | | 2 | | 6 | | 4 | | |
| | | | 3 | | 8 | | | |
| | | 7 | | 4 | | 9 | | |
| 6 | | | 8 | | 4 | | | 1 |
| | 7 | | | | | | 2 | |
| | | 3 | | | | 5 | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | 9 | | |
| | 8 | | | 7 | | | 2 | |
| 6 | | 7 | 4 | | | 5 | | |
| | | | | | | 8 | | 3 |
| | 9 | | | | | | 4 | |
| 5 | | 2 | | | | | | |
| | | 5 | | | 6 | 7 | | 2 |
| | 7 | | | 2 | | | 9 | |
| | | 4 | | | 1 | | | |

## Sudoku

